



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu
[1923-1993]**



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Séð 16/7 1948

KrLinnet

Séð 2/7 1939

Ingólfur Jónsson

Bók þessi, sem er 396 – þrjú hundruð níutíu og sex – tölusettar blaðsíður, gegnum dregin og með innsigli stjórnarráðsins, löggildist hjer með til að vera landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. mars 1923

F.h.r.

G. Sveinbjörnsson

/Sigf. M. Johnsen

Skoðað 7. okt. 1924.

Vigfús Einarsson

II



25/3 '23

260.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Steinum í Stafholtstungum.

Að sunnanverðu ræður svokallaður Sandhólsstokkur, sem rennur í Þverá ofantil við Lundahyl, úr honum eftir sýki upp með Hólmunum móti Grjótfit í upphlaðna torfvörðu er stendur ofantil við Hólmana, þaðan sjónhending í torfvörðu sem hlaðin er á norðasta horninu á Lundamóa, þaðan eftir móarima þeim er liggur beint suðaustur að Landbrotinu, lítinn spöl fyrir neðan Laskabrekkur, þá ræður Landbrotið uppí Landbrotsbotna, fyrir vestan tungu þá er myndast þar sem landbrotið byrjar, þaðan ræður kelda sú sem rennur ofan miðja Laugarmýri, í upphlaðna torfvörðu framantil í mýrinni. Að framanverðu ræður sjónhending úr síðastnefndri vörðu og í neðri enda Mugguhóls, þaðan norðantil í gamalt jarðfall sem er í barðinu sem liggur með Neðraskeiðinu, og eftir sömu stefnu úti Þverá, þá ræður Þverá, (að norðan og vestanverðu) sem hún nú rennur ofan að Sandhólsstokk. Jörðin á alt land ítakslaust innan nefndra takmarka, einnig alla veiði fyrir sínu landi lögum samkvæmt.

Steinum 1. maí 1890.

Ofanskrifaða landamerkjalyking höfum við vandlega yfirlesið og samþykkjum við hana í einu og öllu með undirskriftum nafna vorra.

Þorbjörn Ólafsson eigandi og ábúandi á Steinum.

Guðmundur Ólafsson eigandi og ábúandi á Lundum.

Davíð Þorbjarnarson eigandi að Arnbjargarlæk.

Jón Sigurðsson eigandi og ábúandi á Spóamýri

Hallfríður Bjarnadóttir ábúandi á Gunnlaugsstöðum og eigandi nokkurs parts jarðarinnar.

Jón Þórólfur Jónsson eigandi nokkurs parts jarðarinnar.

Elías Magnússon ábúandi Guðnabakka.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað á landamerkjabók Mýrasýslu N.137.

Gjald til landssjóðs:

þingl. - - - 75 a

bókun - - - 25 - Sigurður Þórðarson

1 kr.

(ein króna) borgað SP.

Innri. samkv. l.nr. 72 27/6 1921 25/3 1923

GBjörnsson



261.

Landamerkjaskrá

(Samin eftir landamerkjalögum dagsett 17. maí 1890 fyrir jörðinni Bakkakoti í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu.

Að vestanverðu ráða svokallaðir Svörtubakkar, rjett ofan svokallaða Steinólfsbrekku, þaðan neðan til í vesturendann á Ljósarima, og svo norðureftir honum miðjum og úr norðari enda Ljósarima, suður Skálahylskarðið – þaðan suður Bugabörðin og norðantil með kletti þeim sem stendur við Lundahyl norðan Heyhólma eftir Þverá og þaðan ræður Þverá ofan til við Lundahyl (sic) ofan að gömlum farvegi Bakkakotsmegin við Kaðalstaða-hólma. Svo ræður áin vestur að lítilli eyri sem nefnist Efraneshólmi, sem stendur í miðri ánni, eftir norður-kvíslinni, ofan ána sunnan-verða við Snorra-hólma, ofan neðst á móti Svörtubökkum.

Steinum 17. maí 1890

Þorbjörn Ólafsson eigandi hálftrar jarðarinnar Bakkakots og umboðsmaður hinnar háflendunnar

Ofanskriafaða landamerkjalyásing höfum við vandlega yfirlesið, og samþykkjum við hana í einu og öllu með undirskriftum nafna vorra.

Einar Jónsson ábúandi Jóhannes Elíasson Efranesi,
Ólafur Þorbjörnsson eigandi og ábúandi Kaðalstaða.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 133.

Gjald til landsjóðs:

þingl. - - - 75 a

Sigurður Þórðarson

bókun - - - 25 –

1 kr.

(ein króna) Borgað SP.

Innri. samkv. l.nr. 72 27/6 1921 26/3 1923

GBjörnsson



262.

Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu

N.140.

Landamerkjabrjef fyrir Gljúfurá í Borgarhreppi.

Úr Einarshyl í merkjastein á syðra Killisáshorni, þaðan sjónhending í Grísalækjarbotna. Þaðan sem Grísalækur ræður ofan í Fjallslæk, svo ræður Fjallslækur upp undir Svartabakka, þaðan sjónhending í merkjasteina á háhelli á Þrætuás og þaðan sjónhending í neðri-enda Merarkeldu svo sem hún ræður í Merartjörn, svo ræður Merartjörn, síðan kelda úr eystri enda Merartjarnar og að Móhylsholti, svo eftir Móhylsholti þar sem það er hæst að Gljúfurá svo ræður Gljúfurá að fyrirskrifuðum Einarshyl.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.

Gljúfurá í maí 1884

Þorsteinn Magnússon.

Fyrir Stórafjall

Sigurður Sigurðsson

Fyrir Tandraseli Kjartan Magnússon

--- Litluskógum Magnús Kjartansson

--- Fróðhúsum Ólafur Magnússon

--- Svignaskarði Skúli Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 22. maí 1890.

Gjald til landsjóðs:

þingl. --- 75^a Sigurður Þórðarson

bókun --- 25 –

1 kr.

Rjetta útskrift staðfestir

29. júlí 1913

Sigurður Þórðarson

Gjald:

25 – tuttugu og fimmtudagur (L.S.)

-aurar Borgað Sp.

Innri. samkv. l.nr. 72 27/6 1921 26/3 1923

GBjörnsson



Landamerkjaskrá yfir jörðina Sámstaði í Hvítársíðu í Mýrasýslu.

Að vestanverðu ræður Teigsá frá Hvítá upp í vestara Háafellsvatn. Þaðan liggja merkin austur svokallaða Hryggi, austur á Sauðamel; en fyrir austan Sauðamel tekur við Þverlækur, og ræður merkjum fram í Kjarará; svo ræður ^{Kjarará} upp að Silungalæk, svo Silungalækur suður í Hvammsvatn. Þegar þangað kemur beygist merkjalínan í vestur, og liggur vestur há Draga, sem vatnsföll deila, vestur í stóran stein, vestan til á Selsandinum. Steinninn er merktur LM. Frá steini þessum liggja merkin í há suður, ofan í miðjan Merkjahvamm við Hvítá. Svo ræður Hvítá, eftir miðjum farveg, vestur að Teigsá.

Í kaupbrjefi fyrir Kalmannstungu og Sámstöðum frá 1398, er talið, að Sámstaðir eigi land fyrir ofan Kjarrará, og tilgreind landamerki. En á fundi sem haldin var í Síðumúla 8. apríl 1890, samdist svo að Sámstaðir slepptu tilkalli til eignar á landi þessu, en ættu þar einungis selland, og hjeldu óskertum veiðirjettinum í Kjarrará. Selland þetta er með þessum merkjum. Að vestanverðu ræður Merkgil (vestasta Rangagil) upp á háfjall; þá beygist merkjalínan austur, og liggur austur fjall eftir því sem vatnsföll deila, austur á Vatnshnúk, svo langt, að Vatnshnúkavatn sje komið í hásuður; þá liggja merkin suður í Vatnshnúkavatn; en úr því ræður Fiskilækur, sem rennur úr Vatnshnúkavatni suður í Kjarará.

Auk lands þess sem liggur innan þessara merkja, eiga Sámstaðir Alla veiði í Kjarará, jafnt við bæði lönd, á svæðinu frá Merkgili og upp að Silungalæk; þó með þeirri undantekningu, að Gilsbakkakirkja á samveiði í ánni frá Fiskilæk upp að Silungalæk; og Síðumúli samveiði frá Þverlæk niður að Merkgili. Svo eiga Sámstaðir líka samkv. fyrnefndu kaupbrjefi torfskurð yfir í Signýjarstaðanesi og tveggja torfhrossa beit.

Þessar jarðir eiga lönd að, Sámstaðalandi; Háafell að vestanverðu, frá Hvítá upp í Háafellsvatn, og norðan að því, austur fyrir fremra Háafellsvatni. Þá Síðumúlaland, frá Háafellslandi austur að Kjarará, þar sem Þverlækur fellur í hana. Þá liggur norðan að Sámstaðalandi afrjettarland (þar í Sámstaðaselland), austur á móti Silungalæk. Þá tekur við fyrir sunnan Kjarrará Gilsbakkaland, og liggur austan að Sámstaðalandi suður í Hvammsvatn, og sunnan að því, vestur fyrir vestri endann á Hvammsvatni. Og svo Bjarnastaða, Kirkjubóls, Hvamms og Haukagilslönd, sem öll liggja sunnan að Sámstaðalandi, á svæðinu frá Hvammsvatni vestur að fyrnefndum merkjasteini vestan til á Selsandinum. Þá er Haukagilsland austan að því, niður í Hvítá. En fyrir sunnan Hvítá liggja Refsstaða, Hofstaða og Signýjarstaðalönd, sunnað að Sámstaðalandi.

Sámstöðum 1. maí 1890

Guðmundur Guðmundsson

Samþykkur vegna prestsetursins Gilsbakka og kirkjujarðanna Bjarnastaða og Kirkjubóls.

Magnús Andrjesson sóknarprestur að Gilsbakka, og er jeg einnig sem hreppsnefndaroddviti samþykkur vegna hins sameiginlega Þverárrjettar upprekstrarlands og gildir þessi undirskrift mín einnig fyrir oddvita hinna þriggja hreppa upprekstrarfjelagsins samkvæmt ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Eyjólfur Jóhannsson, ábúandi að Hvammi.

Samþykkur J. Jónsson eigandi Haukagils.

Samþykkur Þiðrik Þorsteinsson, eigandi og ábúandi Háafells.

Samþykkur Brandur Daníelsson

Runólfur Þórðarson, ábúandi á hálfum Síðumúla, og fyrir hönd eiganda Bjarna Jónssyni að hálfum Síðumúla samþykkur.

Fyrir hönd Reykholtskirkju samþykkur

Guðmundr Helgason

Samþykkur Guðni Ísleifsson ábúandi Signýjarstöðum

Lesið á manntalsþingi á Sámstöðum 24. maí 1897 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.157

Sigurður Þórðarson

Gjald

1 – ein – kr.

Innri. samkv. l.nr. 72 27/6 1921 26/3 1923

GBjörnsson



264.

Landamerkjabrjef

fyrir jörðinni Kjalardal þar sem djúp á rennur í sjó og ræður hún merkjum upp á fjallsbrún að miðmundavörðu og úr miðmundavörðu beina sjónhending í Lambatungusporðinn, þaðan beina sjónhending í Berjadalsá og ræður hún merkjum út að Þvergili og ræður Þvergilið á meðan það er til, og svo beina sjónhending úr Þvergils botnum í vörðu þá sem stendur á norður brúninni og sjónhending úr vörðu þeirri í Festi þá sem neðst er fyrir utan Kjalardalinn og ræður festin merkjum ofan eftir fjallinu og beina sjónhending úr neðri enda festarinnar í Ytri-tungulæk og ræður lækur sá ofaní sjó og svo beina leið þaðan norður í Laxá.

Kjalardal h. 4. júní 1884

ábúandi á Kjalardal Bjarni Guðlaugsson

Jón Jónsson bóndi á Arkarlæk handsalar.

Ólafur Magnússon bóndi á Litlu-Fellsöxl.

Lesið á manntalsþingi að Hvítanesi 24. júní 1910 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.169.

Gjald: 1 – ein – kr.

Sigurður Þórðarson

Borgað SP

(L.S.)

Innri. samkv. l.nr. 72

27/6 1921 26/3 1923

GBjörnsson



Samkvæmt lögum um landamerki frá 17. Marz 1882 skrifast hjer landamerki jarðarinnar Steðja í Reykholtaldshreppi.

1. Skolapollur við Flókadalsá innanverða, og úr Skolapolli sjónhending í vörðu á Steðjaásnum, (merkjavarða). Svo úr nefndri vörðu inn í Geirsá ofan til við ~~G~~ gljúfrin, og á þeirri leið er Bæjar og Stórakroppsland liggjandi með því. Svo ræður Geirsá merkjum, að merkisholti, á þeirri leið er Litlakroppsland hinsvegar við ána. Svo úr merkisholti í suður í svokallaðan Hrossaklett og sjónhending í Flókadalsá, á þeirri leið er Brúsholtsland liggjandi hinsvegar með því. Svo ræður Flókadalsá merkjum ofan í áðurnefndan Skolapoll, á þeirri leið er Varmalækur og Bæjarland, hins vegar við ána.

Steðja, h. 6. apríl 1884.

Halldór Halldórsson Gísli Jónsson
ofanskrifuð landamerki samþykkjum við undirskrifaðir.

Björn Þorsteinsson Bæ. Gísli Eggertsson, Stóra-Kroppi. Eyjólfur Gíslason á Litlakroppi.

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 4. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.11.

Þingl. --- 75 a

Bókun --- 25 Guðm. Pálsson

1 kr.

(ein króna) borg.

Innri. samkv. l.nr. 72 27/6 1921 26/3 1923

GBjörnsson



Landamerki Iðunnarstaða í Lundarreykjadal.

Fyrir utan eru merkin í Ytri-Sandhól við Tungá, og þaðan í stóran stein, sem er uppi á hálsbrúninni; þaðan í norðanverða Smirlatjörn, og svo austur eftir hálsinum í svo nefndan Fitjastapa; þaðan eftir vatnahalla austur eftir hálsi til móts við svokallaðan Listastein, sem þaðan er í norður á hálsbrúninni. Þaðan eru merkin í Blámel við Englandsflóa, og úr þeim mel í vörðuás niður við Tungá. Síðan ræður Tungá niður að áðurnefndum Sandhól ytra.

Iðunnarstöðum 18. maí 1890.

Símon Jónsson

St. Guðmundsson (fyrir hönd Fitjæiganda)

Kristján Þorsteinsson

Jóh. Jónsson á Hóli

Jón Pálsson Brennu

Lesið á manntalsþingi að Lundi 29. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu n. 103.

Gjald til landsjóðs:

þingl. - - - 75

bókun - - - 25

1 kr.

Sigurður Þórðarson

(ein króna)

Innri. samkv. l.nr. 72

27/6 1921

26/3 1923

GBjörnsson



267.

Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu

N. 96.

Samkvæmt fyrirmælum landamerkjalöggjöfinni (sic) frá 17. marz 1882 lýsist landamerkjum fyrir jörðinni Brekkukoti í Reykholtssdal þannig. Marki (sic) úr gróf við Hvítá beint í Hrossaklett og sömu stefnu í vörðu á melunum fyrir vestan Hurðarbaksfellin, frá vörðunni vestur stallana í vörðu, sem er fyrir norðan Deildartungu, frá þeirri vörðu beina stefnu í vörðu á ásnum frá Peningskurði (2 torfvörður eru á mýrinni milli þessara merkja) sömu stefnu í vörðu á neðri vörðuásenda og þaðan í Gíslagróf; krossmark er höggvið á hjá 3ur síðastnefndum grjótvörðum, svo eru merki úr Gíslagróf, sem Hvítá nú rennur og ræður upp að fyrstnefndri gróf. Samþykkt af undirskrifuðum.

Leirá 24. maí 1890

Rannveig Kolbeinsdóttir jarðeigandi.

Bjarni Þorsteinsson eigandi Hurðarbaks.

Hannes Magnússon eigandi Deildartungu

Jón Oddsson ábúandi Brekkukots.

Lesið á manntalsþingi á Sturlureykjum 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.96.

Gjald til landssjóðs:

þingl. --- 75 a Sigurður Þórðarson

bókun --- 25

1 kr.

(ein króna)

N.97.

Samkvæmt fyrirmælum löggjafarinnar frá 17. marz 1882 lýsist landamerkjum fyrir jörðinni Hurðarbaki í Reykholtssdal þannig:

1. Gagnvart Skáney frá Hvítá ofantil við Fróðastaðavað beint í Grástein (hornmark) svo úr Grástein vestur í vörðu á norðurfellinu svo eftir háfellunum vestur í austustu Þrívörðu (hornmark) frá vörðunni beint norður í hrossa klett og þaðan sömu stefnu áfram í litla gróf við Hvítá, svo ræður Hvítá uppað áðurnefndum takmörkum.

Hurðarbaki 24. marz 1890

Bjarni Þorsteinsson eigandi

Hannes Magnússon í Deildartungu

Guðríður Jónsdóttir í Gróf

Rannveig Kolbeinsdóttir á Leirá.

Erlendur Gunnarsson ábúandi Sturlureykjum.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Í umboði jarðareiganda Skáneyjar Einar Jónsson.

Lesið á manntalsþingi á Sturlureykjum 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Borgarfjarðarsýslu N. 97.

Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs:

Þingl. --- 75 a

bókun --- 25 –

1 kr.

(ein króna)

Rjetta útskrift staðfestir.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðasýslu 14. nóv. 1892.

Gjald 50

(fimmtíu) aurar Sigurður Þórðasson

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 26/3 1923.

GBjörnsson



268.

Landamerkjaskrá

(samið samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1882)

Jarðarinnar Gunnlaugsstaða í Stafholtstungum í Mýrasýslu. Þessar jarðir sem nú verða nefndar eiga lönd að Gunnlaugsstaðalandi Guðnabakki, Síðumúli og Síðumúlaveggir, Lundar Steinar.

Þessi eru landamerki milli Gunnlaugsstaða og nýnefndra jarða sem hjer segir. Úr Fornastekksklett (milli Gunnlaugsstaða og Guðnabakka) sjónhending í vörðu á Snagás Snagás neðantil við Beinaskarð, þaðan sjónhending í Fálkaklett svo í vörðu neðantil við hann, þaðan í vörðu á Sandhrygg þaðan sjónhending í Torfvörðu skamt fyrir sunnan Löngumýrarkeldu, þaðan sjónhending í Torfvörðu sem stendur á syðribakka Löngumýrarkeldu (Læk þeim sem rennur eftir henni) til móts við stórady sem er við kelduna að ofanverðu, þaðan sjónhending í vörðu neðan til á Gunnlaugsstaðaborg, þaðan sjónhending þvert yfir ásana í svonefnda Klofasteina þaðan sjónhending í neðri enda Mugguhóls, úr Mugguhól austur yfir norðurtaglið á norðasta Hríshól sjónhending eftir Guðnabakkaflogunni í fyrrnefndan Fornastekksklett.

Eftir samningi sem gjörður var 29. júní 1854 þegar Gunnlaugsstöðum var skift úr Guðnabakkalandi á jörðin Gunnlaugsstaðir þrjá fimmtu hluta af allri veiði lax og silungs í Þverá frá Steinalandi fram að ármótum á mótum Arnbjargarlæk og frá ármótum í Ørnólfsdalsá fram þangað sem mætist Bjarna völlum og Svunta sem er 87 faðma fyrir austan klöpp sem er í ánni undan Túnfætinum á Guðnabakka á mótum Norðtungutungu. Einnig er viðurkennt að Hjarðaholtskirkja eigi skógarhögg í Hríshólum.

Ritað 5. maí 1890.

Hallfríður Bjarnadóttir eigandi hálftrar jarðarinnar og ábúandi allrar jarðarinnar Gunnlaugsstaða.

Framanskriafaða landamerkjaskrá jarðarinnar Gunnlaugsstaða í Stafholtstungum í Mýrasýslu höfum vjer sem lönd eigum eða höfum umráð yfir að landi tjeðrar jarðar vandlega yfirlesið og samþykkjum vjer hana allir í einu og öllu með undirskrift nafna vorra.

Halldór Ólafsson, eigandi og ábúandi Síðumúlaveggja

I. Sigurðsson ábúandi á hálfum Síðumúla

Runólfur Þórðarson ábúandi á hálfu Síðumúla.

Sigríður Halldórsdóttir, ábúandi á Fróðastöðum umráðandi hálftrar Síðumúlaeignar og eigandi að nokkru (handsalað).

Guðmundur Ólafsson (eigandi og ábúandi á Lundum)

Þorbjörn Ólafsson (eigandi og ábúandi á Steinum)

Ábúandi Guðnabakka Elías Magnússon

Jón Þórólfur Jónsson eigandi nokkurs parts jarðarinnar Gunnlaugsstaða.

J. Tómasson

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

N. 134.

Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs

þingl. --- 75 a

bókun --- 25 –

1 kr.

(ein króna) borgað Sp.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 26/3 1923.

GBjörnsson



Landamerki milli Óss, Instavogs, Garða, Ytrahólms og Hvítaness.

1. Milli Óss og Instavogs: Eftir miðjum ál þeim er liggur fyrir vestan Sölvasker, vestanvert við Arnarsker (sic) og þaðan eftir árfarvegnum upp að þar sem Berjadalsá fellur í sjó fram, þá ræður Berjadalsá uppá landamerkjum Instavogs og Garða.

2. Milli Garða og Óss: Frá áður nefnum landamerkjum Instavogs og Garða ræður Berjadalsá upp að Grjótkeldumynni, þaðan sjónhending í hinn hæsta stapa á Grjótkelduásunum, þaðan í Merkjaklett er stendur á Flögubarði (~~si~~) upp þangað er Merkisásar liggja í beinni línu þaðan sjónhending eftir merkisásunum endirlöngum út að merkjagirðingu milli Ósslands og Ytrahólms.

3. Milli Óss og Ytrahólms: Úr Merkisósnum ræður girðing uppí Klettasnösina innanvert við Göngukonuskarð, þaðan sömu stefnu í Berjadalsá. Ræður þá Berjadalsá og Þvergil þar til það þrýtur, þaðan rjett sjónhending í Geirmundartind.

4. Milli Óss og Hvítaness: Úr Geirmundartindi sjónhending í Klett er Strákur nefnist er stendur fyrir utan Hvítaneskleif, þaðan ræður merkjaskurður í sjó fram. Ósnum tilheyra sker þau undan Ósslandi er klofningur heitir.

10. febr. 1923.

Björn Lárusson eigandi Óss

Pjetur Ottesen vegna Ytrahólms.

Hallgr. Jónsson vegna Insta-Vogs

Þorsteinn Briem vegna Garðalands

Guðni Guðmundsson vegna Hvítaness.

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 5/7 1923

GBjörnsson



270.

Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu

No. 138

Landamerkjalysing í milli Kjaransstaða og Ytra-Hólms með Bráðræði; skurður fyrst frá sjó og svo vörður í beina línu upp að Reynislandi.

Ytra-Hólmi 2. júní 1890.

O.P.Ottesen

G.P.Ottesen

Lesið á manntalsþingi að Heynesi 10. júní 1890

Gjald til landssjóðs:

þingl. --- 75 a

bókun --- 25 – Sigurður Þórðarson

1 kr.

(ein króna)

N.139.

(Landamerki Heyness)

4. Að vestanverðu ræður milli Heyness og Kjaransstaða garðlag á milli tunanna upp að skurðinum þaðan sjónhending vestanvert í Grænurúst.

Ytra-Hólmi þann 9. júní 1890.

Oddgeir Ottesen (eigandi Heyness og Dægru)

G.P.Ottesen (eigandi Kjaransstaða)

Lesið á manntalsþingi að Heynesi 10. júní 1890.

Sigurður Þórðarson

Rjetta útskrift staðfestir

Gjald: 1. sept. 1909.

25 – tuttugu- aurar Sigurður Þórðarson

Borgað Sp.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 27/3 1923.

GBjörnsson



271.

Landamerki

milli Garða og Ytrahólms á syðsta parti „slögunnar“ eru: frá Berjadalsá eftir vörðum, er bera hver í aðra eftir Merkisásnum, svo langt sem syðsti partur „Slögunnar“ nær.

7. júní 1890.

O.P.Ottesen

Jón Sveinsson fyrir hönd Garðalands.

Lesið á manntalsþingi að Heynesi 10. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 139.

Gjald til landssj.

þingl. --- 75 a

bókun --- 25 –

1 kr.

Sigurður Þórðarson

(ein króna

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 27/3 1923.

GBjörnsson



272.

Landamerkjaskrá

fyrir kirkjustaðar jörðinni Borg með Suðurríki í Borgarhreppi.

Sjónhending ræður að sunnanverðu úr Valshólnum neðst fyrir ofan Sandvík upp í vörðu austanvert við Engjaásshhausinn. Þaðan sjónhending upp í aðra vörðu norðaustast á Klaufarholtinu. Þaðan beint uppá Borgarlæk neðanvert við Stóraflijótið og svo sjónhending þaðan í keldudragið neðanvert við Kárastaðaselásbrekku. Ræður svo sama stefna, úteftir sundinu í þar hlaðna grjótvörðu, frá henni beygjast merkin í landnorður sunnanvert við Klaufarselás uppí vörðu vestanvert við Rjettarásinn, þaðan beina stefnu í klaufina á syðri Einkönnu, sama stefna ræður síðan að Kóflæk, þar sem keldan fellur í hann; síðan ræður Kóflækur niður að kelduklofunum við jarðföllin fyrir vestan Bárðarás. Þaðan liggja merkin beint í svo kallaðan Hring, sem Kortólflækur rennur úr, hver lækur að ræður merkjum úr því niður í sjó.

Borgareyjar ásamt fleiri hólum og skerjum í Borgarfirði fylgja jörðinni samt engjastykki Øldunes kallað í Hamarslandi og svo kallaða leigur í Gufufit sem nú eru lítilsvirði. –

Borg 8. febrúar 1884

G.Bjarnason

Hákon Þórðarson

G.Vigfússon

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.11
Þingl. 75

bók 25 Guðm. Pálsson

1 kr.

(ein króna)

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 27/3 1923.

GBjörnsson



273.

Landamerkjabrjef

milli Bárustaða og Vatnshamra í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Úr vörðu á klettinum Skrauta í vörðu austanvert við Helluvörðuholt, og eftir þeirri sömu beinu línu í Vatnshamravatn austan vert við miðtanga milli hólma tveggja – og fylgir vestri hólminn Bárustöðum – og eftir vatninu þar til hún sker merkjalínuna milli Bárustaða og Hvanneyrar.

Grímarsstöðum 14. febr. 1923

Teitur Símonarson

Eigandi Bárustaða

Samþykkur vegna Vatnshamra.

Jón Guðmundsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 25/6 '23

GBjörnsson



274.

Landamerkjabrjef

milli Vatnshamra og Bárustaða í Andakílshreppi Borgarfjarðarsýslu.

Úr vörðu á klettinum Skrauta í vörðu austanvert við Helluvörðuholt, og eftir þeirri sömu beinu línu, í Vatnshamra-vatn, austanvert við Miðtanga milli hólma tveggja – og fylgir eystri hólminn Vatnshömrum – og eftir vatninu þar til hún sker merkjalínuna milli Bárustaða og Hvanneyrar.

Vatnshömrum 14. febr. 1923

Jón Guðmundsson

Eigandi Vatnshamra

Samþykkur vegna Bárustaða

Teitur Símonarson

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 25/6 '23

GBjörnsson



275.

Landamerkjalyising á jörðinni Brúarreykjum.

Að sunnanverðu ræður Hvítá ofan að Skiplág, þaðan sjónhending í vörðu á Þiðriksstapa og þaðan í vörðu sem stendur fremst á klettinum að austanverðu við Beinaskarð og þaðan efst í Giltugróf við landbrotið, svo ræður Landbrotið upp að Landbrotsbotnum að framan verðu úr Landbrotsbotnum í Dýabrekkur og svo úr þeim sjónhending í Merkjagrófarbotn við Hvítá.

Í maí 1884.

Magnús Andrjesson frá Gilsbakka.

Jeg undirskrifaður samþykki hjer með þann hluta ofanskrifaðrar Landamerkjalyisingar sem Kaðalstaðir eiga land að.

Þorbjörn Sigurðsson.

Jeg undirskrifaður samþykki einnig ofanskrifaða landamerkjalyisingu að þeim parti er Lundar eiga land á móti.

Ólafur Guðmundur Ólafsson.

Ofanskrifaðri merkjalýsing er jeg alveg samþykkur að þeim parti sem Síðumúlaveggir eiga land á móti.

Halldór Ólafsson

Lesið á manntalsþingi á Hjarðarholti 26. maí 1896 og ritað í landamerkja bók Mýrasýslu N 155.

Gjald: Sigurður Þórðarson

1 – ein – kr.

Borgað

SP

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 17/4 1923.

GBjörnsson



Landamerkjaskrá jarðarinnar Álftártungukots í Álftaneshreppi í Mýrasýslu.

1. Landamerki milli Álftártungu og Álftártungukots eru: Úr vörðu á neðri endanum á Klifsás, sjónhending í dý norðan Dagmálholt, úr dýinu eins og það rennur í Suðurá. Svo ræður Suðurá vestur á móts við Langholtsenda, úr vörðu sem hlaðin er á Langholtsenda sjónhending í vörðu á Dýrhól. Úr Dýrhól í stóran stein merktan með kross á Miðholti. Úr Krossteini suður að (~~Hestlæk~~) Hestlæk, sjónhending í vörðu norðast í Valshamarsolnboganum.

2. Milli Álftártungukots og Valshamars, ræður Hestlækur upp á móts við Hvítuskellu í Kotskolás, þaðan sjónhending um Tuðruholt austur yfir Hestvatn, í vörðu á bakkanum þar og sjónhending úr henni í Brautarlækjarupptökin. Síðan ræður Brautarlækur suður í Urriðaá. Svo ræður Urriðaá upp á móts við vörðu, sem hlaðin er á Árósklifinu, hjá Bleikssteinunum.

3. Milli Grímsstaða og Álftártungukots. Sjónhending frá Urriðaá beint í fyrrnefnda vörðu á Árósklifinu, þaðan sjónhending um vörðu á Selásnum í áðurnefnda vörðu á Klifsásenda.

Álftártungukoti 3. Apríl 1923.

Sveinn Torfason

eigandi og ábúandi jarðarinnar

Samþykkir ofanrituðu

Niels Hallgrímsson (eigandi Grímsstaða)

Guðmundur Árnason eigandi Álftártungu.

Niels Guðnason eigandi Valshamars.

Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 14/6 1923

GBjörnsson



277.

Landamerkjaskrá Álftártungu

Mýrasýslu.

1. Milli Álftártungu og Hraundals.

Úr Arnarsetri sjónhending austur í ytri-Þrætuáshaus.

2. Milli Álftártungu og Grímsstaða.

Úr fyrrnefndum Þrætuáshaus beint í Klifsás kletta eptir miðjum Klifsás niður í vörðu neðst á nefndum ás.

3. Milli Álftártungu og Álftártungukots.

Úr vörðu neðst á Klifsás beint í dý norðan Dagmálaholtið úr dýnu eins og það rennur í Suðurá. Svo ræður Suðurá vestur á móts við Langholtsenda. Úr vörðu sem hlaðin er á Langholtsenda sjónhending í vörðu á Dúrhól. Úr Dúrhól í stóran stein merktan miðkross á Miðholti. Úr Krosssteini suður að Hestlæk sjónhending norðast í Valshamar olnbogann.

4. Milli Álftártungu og Valshamars ræður Hestlækur.

5. Sömuleiðis milli Álftártungu og Arnarstapa ræður Hestlækur, vestur í Álftá. Svo ræður Álftá uppí Ármót.

6. Milli Álftártungu og Álftár ræður Veita uppí fyrnefnt Arnarsetur.

Þessum framanskriðuðu landamerkjum erum við undirritaðir samþykkir.

Gjört að Álftártungu 1. Apríl 1923

Guðmundur Árnason (Eigandi Álftártungu)

Jón Samúlesson oddviti Álftaneshr. (vegna Syðri-Hraundals)

Viðvíkjandi Grímsstöðum Níels Hallgrímsson (eigandi Grímsstaða)

Sveinn Torfason eigandi Álftártungukots

Níels Guðnason eigandi Valshamars

Sigmundur Sigurðsson eigandi Arnarstapa

Þorkell Guðmundsson eigandi og ábúandi Álftár

Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 14/6 1923

GBjörnsson



278.

Landamerkjabrjef Valshamars í Mýrasýslu.

Landamerki Valshamars eru þessi: Urriðaá frá brautarlæk að brókarlæk. Brókarlækur ræður merkjum milli Valshamars og (ábýlisins) Urriðaá. Milli Arnarstapa og Valshamars úr vestustu keldunni sem rennur í norður-horn brókarvatns, sjónhending í klöpp með höggnum krossi á um miðjan Þrætuás, og þaðan sjónhending í keldu sem rennur í hestlæk við hallberu.

Milli Álftártungu og Valshamars ræður hestlækur frá áður greindum merkjum við hestlæk og að landamerkjum Álftártungu og Álftártungukots. Milli Álftártungukots og Valshamars ræður hestlækur upp á móts við hnetu^{hvítu}skellu í kotkolás, og þaðan sjónhending um tuðruholt í vörðu austan við hestvatn, og þaðan sjónhending í brautarlækjarbotninn. Svo ræður brautarlækur í Urriðaá.

Gjört að Valshamri 1. apríl 1923.

Níels Guðnason eigandi og ábúandi jarðarinnar.

Samþykki Guðmundur Árnason eigandi Álftártungu

Sigmundur Sigurðsson eigandi Arnarstapa

Sveinn Torfason eigandi Álftártungukots

Sigurður Þórðarson eigandi Urriðaá.

Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 14/6 '23

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir Ytri-Skeljabrekku í Andakílshreppi.

Samkvæmt lögum um landamerki frá 28. nóv. 1919 eru landamerki jarðarinnar Ytri-Skeljabrekku í Andakílshreppi og Borgarfjarðarsýslu ákveðin sem hjer segir:

1. Milli Ytri-Skeljabrekku og Árdals eru landamerki við Andakílsá, þar leirstokkur sá er liggur fyrir austan Árdalsengi fellur í ána, svo uppeftir stokknum, að torfvörðu á þeim stað er Baula ber yfir syðsta og hæðsta Kistuhól syðst á hinu forna túnstæði, Kistukots, norðan Andakílsár. Þvermiðs á nefndri torfvörðu er fremsti kletturinn af kistuhöfða yfir norðurenda Krosshóls á Árdalsengi. Svo úr torfvörðunni beina línu yfir Rauðulækjartungu í Stríp (sá klettur liggur næst fyrir norðan Bolaklett) svo úr Stríp beina línu í syðsta og hæðsta Brekkufjallshnjúk, þaðan í Vörðuhól (sem liggur í beinni línu við Heggstaðaholtin frá Sjónarhól sjeð) síðan úr Vörðuhól beina línu í Sjónarhól.

2. Milli Skeljabrekku og Neðra-Hrepps eru merkin úr sjónarhól beina línu í Merkjavörðu, sem stendur á holti því er liggur fyrir suðaustan litlutjörnina í Mýrarsundinu næsta við Hrafnagil. Þaðan liggja merkin í beinni línu fyrir austan tjörnina í aðra vörðu, sem er í stefnu við Skrokksgil, þar sem það fellur niður af brúninni (frá syðri vörðunni sjeð) En frá gildragi því í Efri brúninni, er liggur milli Hestadalsins og Tjarnardalsins er varða þessi að sjá í beinni línu við nyrsta og neðsta hamrabeltið í Heiðarhorninu.

3. Milli Ytri og Innri Skeljabrekku eru merkin úr hinni síðarnefndri vörðu og á fyrrnefnt gildrag í Efribrúnum milli Tjarnardalsins og Hestadals. Þaðan í beinni línu í eystri nyrðri grjóthólinn að sjá vestanvert við Stórahamarinn (frá Efribrúninni sjeð). Svo úr grjóthólum í vörðu niður á brúninni, frá þeirri vörðu liggja merkin í beinni línu í Merkjaþúfu. Neðantil við túnið; frá þeirri þúfu ræður skurður alla leið í leirstokk, síðan ræður sá stokkur til Andakílsár.

4. Milli Skeljabrekku og Hvanneyrar ræður Andakílsá frá áðurnefndum leirstokk að leirstokknum við Ársdalsengi.

5. Innan þessara landamerkja er afstungið engi er Hafnarengi kallast. Hefir Höfn í Melasveit átt þar ítak til slæгна frá fornu fari en landið hefir verið Ytri-Skeljabrekku.

6. Ennfremur er innan landamerkja Skeljabrekku, malarblettur er seldur var 1908 hr. Civilingeniör V. B. D. Cooper í Westminster í London, sem er 50 faðma langur með fram ánni fyrir vestan grasbalann í Skiplæknum og alla leið suður að malargötunni. Blettur þessi er sem næst ferhyrndur.

Skeljabrekku 20. des. 1922.

Samþykkur vegna Skeljabrekku Ytri Guðmundur Jónsson

--- --- Árdals Sigurður Þórðarson

--- --- Neðra-Hrepps Guðrún Þorsteinsdóttir

--- --- Skeljabrekku Innr. Einar Þórðarson

--- --- Hafnar: Þórunn R. Sivertsen.

--- --- V. B. D. Coopers Þorsteinn Pjetursson

--- --- Hvanneyrar Halldór Vilhjálmsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 25/6 '23

GBjörnsson



280.

Landamerki

jarðarinnar Gröf í Lundarreykjadal, upp skrifuð samkvæmt lögum 17. marz 1882.

Merki á milli Kross og Grafar úr Grímsá beina stefnu í opinn Grafardal, og upp Breiðutungu og í vörðu, sem stendur skamt fyrir vestan Krossöxl; svo eftir vatnahalla beina stefnu vestur hálsinn í vörðu beint uppundan gili því milli Grafar og Máfahlíðar, sem vjer nefnum Merkjagil, síðan eftir því niður fyrir gljúfrin, þar næst beina stefnu í vörðu, sem stendur á ásnum milli Grafar og Máfahlíðar og vjer nefnum merkjavörðu; svo beina stefnu í Hrossaklett [innskot er á spássíu sem síðan hefur verið strikað yfir], sem stendur að norðanverðu við Grímsá; svo ræður Grímsá merkjum framtil fyrgreindra merkja milli Grafar og Kross.

1. júní 1891

Samþykkir að því er snertir Máfahlíð

P. Þorsteinsson Arnór Þorláksson V. Pjetursson

Fyrir hönd eiganda Grafar

Oddur Gunnarsson ábúandi á Krossi

Árni Sveinbjarnarson Oddstöðum

Lesið á manntalsþingi að Lundi 3. júní 1891 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.142.

Gjald til landssjóðs

þinglestur - - - 75a

bókun - - - 25- Sigurður Þórðarson

1 Kr.

(ein króna)

Borgað Sp.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 24/4 '23

GBjörnsson



281.

Samkvæmt fyrirmælum landamerkjaganna frá 28. nóvember 1919 lýsast landamerki fyrir jörðinni Eystri-Súlunes í Leirárog Melahreppi þannig:

Á milli Súlunesanna og að ofanverðu stórar þúfur kringlóttar á Hrísás. Þaðan sjónhending í stóra þúfu við Lómatjörn. Þaðan sjónhending í stöðulhornið, sem nær er bænum á Vestra Súlunesi. Þaðan sjónhending í túngarðsskarðið mitt á milli bæjanna. Þaðan sjónhending í stóran stein sem stendur á skipasnoppu (en er nú fallin ofanfyrr). Þaðan á sjó fram.

Að austanverðu ræður að neðan Súluá, úr Súluá Vesturlækur, úr Vesturlæk í Jarðkrossavörðu úr Jarðkrossavörðu sjónhending í þá efstu þúfu á Hrísás sem er fyrir austan Melavatn.

Eystra-Súlunesi 28. desember 1922.

Gunnar Oddsson

Oddur Oddsson, Vestra-Súlunesi

Eyjólfur V. Sigurðsson Melum

Pjetur Ólafsson eigandi að Bakka.

Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 5/7 1923.

GBjörnsson



Landamerkjaskrá kringum Lækjarbugsland.

1. Móti Brúarfosslandi: Úr hellunni við Festarfljót í Hítará er sjónhending í Þorgeirsstein. Úr Þorgeirssteini sjónhending í Grjótvörðu á hæstum Lækjarhól þeim norðasta. Þaðan ræður sama sjónhending í Torfvörðu við Fiskilæk, þar frá ræður Fiskilækur að vörðu við grjótvað í læknum sem er skamt vestan þverskurð.

2. Móti Fíflholtalandi: Úr fyrnefndri vörðu við Fiskilæk sjónhending í lítið holt sem er skamt sunnan Fiskilæk og skamt vestan þverskurð. Úr því sama holti sjónhending í hæðstan Grunnvatnshól, og úr Grunnvatnshól bein sjónhending í hæstan Hvítsteinsás úr Hvítsteinsás sjónhending í Torfvörðu við Norðlæk.

3. Móti Einholtalandi ræður Norðlækur frá áðurnefndri torfvörðu við lækinn að hellunni sem er skamt frá gördunum neðan Breiðafljót.

4. Móti Skipphylslandi: Úr fyrnefndri hellu við Norðlæk, er sjónhending í Klettstapa með vörðu á, sem er skamt norðan lækinn. Úr þeim stapa sjónhending í Strítlu (stapi með grjótvörðu á skamt sunnan og neðan Norðvatn stæði). Úr Skrítlu sjónhending í vörðu sem byggð er á Klett, á melbarði út við Hítará, ræður þá Hítará að fyrnefndri hellu við Festarfljót.

Lækjarbug 22. febrúar 1923

Jón Sn. Norðfjörð, eigandi nefndrar jarðar.

Þessum ofangreindu landamerkjum eru samþykkir.

Guðjón Þórarinsson ábúandi á Lækjarbug

Bogi Helgason eigandi Brúarfoss

Sigurður Jónsson ábúandi og eiandi Fíflholta

Fyrir Skipphyl Jón Jonsson

Eggert Magnússon ábúandi á Einholtum.

Þinglesið á manntalspini að Lækjarbug 15/6 '23

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Hundastapa í Hraunhreppi.

1. Móti Álftárósi: Ræður Álftá frá því er Landamerkjakelda kemur í hana neðan Ánastaði og niður á móts við keldu þá, er í hana kemur næst fyrir neðan Tröllshamar.

2. Móti Hamraendum:

Úr síðastnefndri keldu sjónhending í standklett þann er næstur er að norðanverðu við grasgróna sundið norðan við kolaás, og þaðan sjónhending norðvestur í torfvörðu við Bræðrungafljót.

3. Móti Hólmakoti: Bein lína úr síðastnefndri vörðu í torfvörðu austur af merkjakletti, norðaustur frá syðsta Ungneytisás.

4. Móti Laxárholti: Frá síðastnefndri torfvörðu bein lína í Klaufholtaauga (þar sem Arnarbælisvatn rennur niður undir bakkann), og þaðan sjónhending í mið Baugavatn austanvert við Svefnlækjarós.

5. Móti Skíðsholtum: Ræður bein lína undan Svefnlækjarós suðaustur miðju Baugavatna þar til Landamerkjakeldu í vatnsbakkanum, að norðaustan ber í torfvörðu norður frá vatninu austast.

5. Móti Ánastöðum: Sjónhending frá Skíðsholtamerkjum í Baugavatni austasta, suðvestan Aðrekstrartanga, um vörðu á holti nálægt vatninu að suðaustanverðu og um vörðu á Þverholtum vestan við sundið milli þeirra og í vörðu á klettunum austur af Skjólborgar töglum; þaðan í vörðu á holtsbarði norðan við Löngulág og þaðan bein lína yfir „Flöguna“ og Landamerkjapoll í Landamerkjakeldu, þar sem hún fellur gegnum árbarðið og í Álftá.

Ofanrituð merki eru endurnýjuð og endursamin árið 1922 og samþykkt af undirrituðum.

Sigurjón Erlendsson eigandi að Álftárósi.

Valtýr Bjarnason eigandi að Hamraendum

Jón Bjarnason eigandi að Skíðsholtum.

Sigurður Jónsson eigandi Ánastöðum

Benedikt Þórðarson eigandi að Hólmakoti.

Guðmundur Jónsson eigandi og ábúandi að Hindarstapa.

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 1923.

GBjörnsson



284.

Landamerki fyrir jörðinni Kirkjubóli í Hvítársíðu í Mýrasýslu eru að vestanverðu ræður Kinnargil frá Hvítá í lágina milli gilborganna úr láginni sjónhending í vörðu á Stóramóa, þaðan sjónhending í vörðu á Selholtinu, úr vörðu þeirri bein lína í stein á hádraganum sem klappaður er á l.m. að norðanverðu frá áður greindum steini eins og vötnum hallar austur í Eggjatagl
að austanverðu sjónhending úr Eggjatagli í vörðu á Hvammsstapa, úr vörðu þeirri sjónhending í vörðu á syðri brún Hnappsins, úr þeirri vörðu sjónhending í vörðu á melnum austanvert við merkjaskarð, þaðan bein lína í Hvítá.

Gjört að Kirkjubóli 21. marz 1923

Böðvar Jónsson

samþykkur sem eigandi og ábúandi

Páll Helgason Bjarnastöðum

Samþykkur sem eigandi Hvamms

Sigurður Helgason

Ólafur Guðmundsson

Eigandi og ábúandi Sámstaða

Þinglesið á manntalsþingi að Sámstöðum 28/6 1923

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Grímsstöðum í Álftaneshr. í Mýrasýslu.

1. Milli Álftártungu og Grímsstaða úr ytri Þrætáshaus, sjónhending í Klifsáskletta eftir miðjum Klifsás í vörðu neðst á nefndum ás.

2. Milli Grímsstaða og Álftártungukots.

Úr vörðu neðst á Klifsás, sjónhending um vörðu á Selásum í vörðu á Árásaklifi, eftir sömu línu beint í Urriðaá.

3. Milli Grímsstaða og Hvítsstaða.

Frá fyrnefndri landamerkjalinu ræður Urriðaá upp á móts við Fauskakeldu.

4. Milli Grímsstaða og Grenja, ræður Urriðaá frá fyr nefndri Fauskakeldu, þangað sem áin hefir upptök sín, þaðan sjónhending í Þverbrekkukast (það kastið sem liggur næst hinu vestastasta) þaðan sjónhending í Mannabeinsholt, (sem er hátt holt með háu klettabelti að sunnanverðu) þaðan ræður sjónhending í Skarðsheiðarvaði á Langá.

5. Milli Grímsstaða og fjallands Álftaneshrepps.

Frá fyr nefndu Skarðsheiðarvaði sjónhending í suðurhornið (sic) á Lambafelli.

6. Milli Grímsstaða og Hraundals (syðri).

Úr fyr nefndu Lambafellshorni sjónhending í vestari Krosshyrnu (há Liturstaði) sjónhending þaðan í Landmælingavörðu, og þaðan sjónhending ofan í há múlabrún, þaðan í Klofastein úr Klofasteini sjónhending í Grástein, þaðan beint í fyr nefndan Ytri-Þrætuáshaus.

Þessum ofanrituðum landamerkjum erum við undirritaðir samþykkir.

Í aprílmánuði 1923.

Níels Hallgrímsson (eigandi Grímsstaða)

Jón Samúelsson oddviti Álftaneshr. (fyrir Syðri Hraund. og fjalland)

Guðmundur Árnason (eigandi Álftártungu)

Sveinn Torfason eigandi Álftártungukots

Einar Friðgeirsson, (eigandi Grenja)

Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 14/6 1923.

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Syðri-Hraundal í Álftaneshreppi í Mýrasýslu

1. Milli Syðri-Hraundals og Álftár í Hraunhreppi:

Úr Arnarkletti í Arnarsetur.

2. Milli Syðri-Hraundals og Álftártungu:

Úr Arnarsetri í Ytri-Þrætuáshaus.

3. Milli Syðri-Hraundals og Grímsstaða.

Úr fyrnefndum Þrætuáshaus í Grástein, úr Grásteini í Klofastein, úr Klofasteini í há Grímsstaðamula og áfram uppí landmælingavörðu, úr þeirri vörðu sjónhending í vestari Hrosshyrnu (há Litursstaði) og þaðan sjónhending í suðurhorn Lambafells, úr súður-horni Lambafells í Hrafnagil og svo ræður Hrafnagil svo langt sem það nær, og þaðan í Álftaskörð (skarð).

4. Milli Syðri-Hraundals og Ytri-Hraundals: Úr Álftaskörðum (skarði) beint í Landamerkjaskriðu, norðanvert við Þrætuflóa á neðri Slídal, svo úr miðri Landamerkjaskriðu beint suður yfir Þrætu flóa í hraunef með klöppuðum krossi á, þaðan ræður Slídals á ofan að fossinum fyrir sunnan Rauðhálsa, úr þeim fossi beint í hraunbarð lítið innarlega á innri völlum, þar er kross klappaður í klett, svo eftir sömu sjónhendingu í hól með vörðu á, í miðju hrauninu, útnorður undan seltóttunum; (sem eru sunnan hraunið) frá nefndri vörðu beint í Kjaraklett svo ofaneftir nálægt vestari rönd hraunsins í svo nefndan Hádegishól norðanvert við, gamla sýsluveginn sem er yfir hraunið úr Hádegishól beint í Grjóthól og eftir sömu sjónhendingu í fyrst nefndan Arnarklett.

P.t. Grímsstöðum í marzmán. 1923.

Jón Samúelsson (hreppsnefndaroddviti)

fyrir hönd Álftaneshrepps sem er eigandi að báðum Hraundölum og næst liggjandi afrjettarlandi.

Níels Hallgrímsson (eigandi Grímsstaða)

Þorkell Guðmundsson eigandi og ábúandi Álftár.

Guðmundur Árnason (eigandi Álftártungu)

Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 14/6 '23

GBjörnsson



Landamerki fyrir Þorvaldsstaði í Hvítársíðu eru þessi:

Að vestanverðu ræður Merkjagil í Þrætutungusporð þaðan sjónhending upp Tunguna í stein á heiðarbrúninni, frá steininum í vörðu þá er stendur á Sveinstíg. Þaðan ræður bein lína í Skammárós þá ræður Skammá þar til hún fellur í Lambá, þaðan er svo bein lína í suður í Árneshil, sem svo ræður þar til það fellur í Litlafljót að sunnanverðu ræður svo Litlafljót á móts við áðurnefnt Merkjagil.

Lönd þessara jarða liggja að Þorvaldsstaðalandi.

Að sunnan Fljótstunguland að vestan Hallkelsstaða að norðan Gilsbakkaland að austan afrjettarland Borgfirðinga.

Þorvaldsstöðum 1. febrúar 1923.

Kolbeinn Guðmundsson.

Samþykktur fyrir Gilsbakka

Sigríður Magnúsdóttir

Guðrún Magnúsdóttir

samþykkt vegna Hallkelsstaða.

Jóhannes Benjamínsson

Nikhildur Erlingsdóttir

vegna Fljótstungu

Jón Pálsson

Bergþór Jónsson

vegna afrjettar Hálssveitunga og Reykdælinga.

Þorsteinn Þorsteinsson oddviti Hálsahrepps.

Jón Hannesson oddviti Reyholtsdalshr.

Þinglesið á manntalsþingi að Sámsstöðum 28/6 1923.

GBjörnsson



Útdráttur úr Jústist protokoll Mýra- og Hnappadalssýslu.

„Ár 1829 þann 16. Septbr. var Extrahjeraðsrjettur settur að Hamri og haldinn af þeim rjetta dómara og skrifara í viðurvist þeirra reglulegu þingvitna og meðdómsmanna hvar þá – eptir að rjettinum var yfirlýst með þeim í lögunum uppáboðna þingfundi í röðinni N 2/1829.

Sóknarprestur í Borgarþingum vegna Mensaljarðarinnar Ferjubakka
contra

Justitssekrataira í þeim konunglega íslenska landsyfirrjetti B. Stephensen, sem eiganda jarðarinnar Eskiholts, sökum slægjulands, er fyrnefndur meinar að tilheyra ofangreindri Mensaljörðu, var – eftir að dómarrinn hafði getið þess sem orsaka, hvar fyrir þessi sök ei hefir í langan tíma verið fyrir tekin, að frá þeim 24. júní síðastl., þá nærverandi sök er til dóms upptekin og til þín 16. júlí næst eptir voru meðdómsmennirnir fjærverandi sínum heimilum til sinna lífsbjargræðisútvega við kauphöndlun og skreiðaraðdrætti og þá löngum sökum viðvarandi norðanstorma á ýmsum fjarliggjandi stöðum veðurfastir, að sömuleiðis frá þeim 14. júlí síðastl. hefir Dómarrinn verið sængurliggjandi og tíðum mjög þjáður af beinbroti í sínum hægra fæti og nú fyrst í dag getað með þraut og annara stuðningi komist af rúminu, hvað allt þingvitnin undir sinn aflagða eið fullvissa að sannferðugt sje – afsagður eftirfylgjandi:

Dómur

því dæmist rjett að vera:

það í þessari sök umþrætta engi á æfinlega upp hjeðan að tilheyra jörðunni Eskiholti og hennar eiganda til fullkominnar og átölulausrar eignar eptir þessum landamerkjum: Sjónhending úr miðjum Grænuþollum eftir flóanum upp yfir Ófærana og inn í Hópið eftir því sem Ferjubakka bóndaparts engjar ráða úr því inn yfir Ófærana kemur

Undir aðför að lögum. –

Dómurinn var fyrir rjettinum uppborinn og þar ekkert víðara var að fyrir taka var rjettinum upp sagt.

E.Sverrisson

Sem þingvitni og meðdómsmenn:

J.Illugason G.Ólafsson G.Gilsson Jón Jónsson

Rjettan útdrátt staðfestir.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 22. Desbr. 1883.

Ritlaun –

25 - tuttugu og fimm - Guðm. Pálsson
aurar borgað G.P. (L.S.)



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 25/6 1923

GBjörnsson



9/5 [1923]

289.

Landamerkjabréf fyrir Bekansstöðum 10/4 – 1923.

Merkjalækur ræður uppí svokallaða Lækjarklofa, svo úr áðurnefndum Lækjarklofum sjónhending uppí klett sem stendur ofarlega í grösum fyrir utan Katla og er merktur L.M. svo frá þessum áðurnefndum kletti beint í fjallsbrún svo það sem fjallsbrún ræður út á móts við festi sem nefnd er Merkjafesti svo frá þeirri festi í skurð sem nær allaleið ofaní svonefnda Skiplá.

Sigurður Sveinsson

samþykkir

Guðni Guðmundsson Hvítanesi

Jón Þorláksson bóndi á Arkarlæk

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 5/7 1923.

GBjörnsson



19/5 [1923]

290.

Landamerki jarðarinnar Skipphyls í Hraunhreppi eru þau sem hjer greinir:

Grjótvarða byggð á kletti á háu melbarði við Hítará, skamt fyrir neðan jarðfallið, sem kemur úr Pyttakeldu efri. Þaðan beina sjónhending í Strítlu, (það er lítill stapi, með grjótvröðu við ~~Norðlæk~~ skamt fyrir neðan Norðvatnsstæði). Þaðan beina sjónhending í Landamerkjastapa með grjótvröðu við Norðlæk, skamt frá Breiðaflljóti, þaðan ræður Norðlækur alla leið að Tvísteinalág, þaðan beina leið að Grásteini þaðan beina sjónhending að Kríuholti með landamerkjavröðu, þaðan beint í Kljáholtssenda neðri, þaðan ræður fitjaskurður sem nefndur er Landamerkjakelda, þaðan ræður Hítará að fyrst greindu landamerki.

Skipphyl, 20. janúar 1923

Jón Jónsson, eigandi jarðarinnar

Ofanskráð landamerkjaskrá samþykkjum við eigendur og ábúendur kringum-liggjandi jarða.

Guðjón Þórarinsson ábúandi á Lækjarbug.

Fyrir Einholt: Eggert Magnússon ábúandi

Fyrir Stórakálfalæk: Sigurður Þorsteinsson Jón Oddsson eigendur

Fyrir Litlakálfalæk: Magnús Sigurðsson ábúandi.

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 1923

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir Hamraenda í Stafholtstungnahreppi.

Milli Hamraenda og Hofstaða ræður sjónhending úr þvotthellum við Hvítá í vörðu á Agnhól, þaðan bein lína í Hofstaðavatn, þaðan ræður keldan, sem rennur úr vatninu í Steinbogalæk, þá ræður Steinbogalækur merkjum þar til Arnarholts- eða Laugarkeldulækurinn tekur við.

Millum Hamraenda og Arnarholts ræður Laugarkeldu lækurinn merkjum upp að svonefndri Grjótbrú á Laugarkeldu. Neðan til á nefndum læk er svonefndur þrætuhólmi, og er hann sleginn sitt árið frá hvorum bæ, og verður hann sleginn frá Arnarholti á sumri komandi 1923.

Millum Hamraefna og Stafholtsveggja ræður sjónhending eða bein lína úr klöpp fyrir vestan svonefnda Grjótbrú á Laugarkeldu í vörðu á hálsinum, þaðan sjónhending í þúfu á flóanum, þaðan sjónhending í þúfu á barðinu fyrir neðan Merkjatjörn, þaðan bein lína í Þverá við rjett eða stekkjarrúst þar sem er afrenslíð úr Veggjanesinu.

Þá ræður Þverá merkjum til Hvítár og Hvítá merkjum niður fyrir áður nefndar þvotthellur.
Hamraendum 1. maí 1923

Ábúandi á Hamraendum Sigurður Gíslason

Gísli Einarsson vegna Stafholts
Hjálmur Þorsteinsson Hofstöðum
Þorbjörn Jóhannesson ábúandi á Stafholtsveggjum
Hjörtur Snorrason, eigandi Arnarholts.

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 6/6 1923

GBjörnsson



Landamerkjalýsing fyrir Kjalvararstöðum, Snældubeinsstöðum.

Hvararlækurinn (sic) ræður þar til kaldi lækurinn kemur í heita lækinn, þaðan eftir uppsettum merkjum upp Giljatungu og í stein hinn mikla utan til við nónbungu og þaðan suður sem vötnum hallar.

6. maí 1923 stödd á Snældubeinsstöðum
Sigurbjörg Ívarsdóttir Halldór Þórðarson

Þinglesið á manntalsþingi að Sturlu-Reykjum 30/6 1923

GBjörnsson



Lýsing á landamerkjum milli Litlasands og þeirra jarða, er land eiga á móti:

Milli Litlasands og Miðsands eru merkin í læk þann er rennur milli túnanna og uppeftir honum beinaleið inn með svo nefndri Skyrhlíð og þaðan sjónhending norður að Fitjakirkjulandi í þar setta vörðu. Þaðan austur heiðin í Þvergilssfoss. Frá Þvergilssfossi suður Þvergil þar, sem það fellur í Bláskeggsá. Svo ræður Bláskeggsá merkjum milli Litlasands og Þyrils þangað til hún fellur fram úr gljúfrunum við sjóinn. En á fjörunni á Geirshólmi að bera í Hvítanesleytið.

Litlasandi 12. júní 1921.

Jón Helgason

Helgi Jónsson Þyrli,
Ólafur Illugason Miðsandi
Beinteinn Einarsson Grafardal

Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 4/71923

GBjörnsson



Landamerki fyrir Ferstiklu.

Fyrst er gil vestanvert við Dúpagil (sic), sem nefnist Hrafnagil, sem að greinir lönd jarðarinnar, ræður Hrafnagil frá sjó og upp í gilbotna og frá gilbotninum sjónhending á fjall upp beina stefnu norður að Kúhallará í gil, sem nefnist Fossgil, er rjett fyrir ofan svokallaðan Kúhallarárfoss.

Annað að norðanverðu, þar sem áin ræður niður undir svokallaðar Kúhallareyrrar móts við Saurbæjarland.

Þriðja ræður þá alfaravegurinn landamerkjum milli Saurbæjar og Ferstiklu upp að svokölluðum Erfingja, sem er dys norðan til á hálsinum, frá Erfingja ráða vörður á hæðunum sem alfaravegurinn liggur um og ofan Leirdal og eftir ánni þar til hún fellur fram úr hálsinum þaðan sjónhending beina stefnu yfir mela og niður Oddsmýri að sjó fram í sker sem nefnist Snekkja. Eftir ofanskriðu er hálfur Leirdalur, en að austanverðu tilheyrandi Ferstiklu, en hálfur eða að vestanverðu tilheyrandi Saurbæ.

Við landamerkin voru viðstaddir.

Einar Thorlacius (ábúandi Saurbæjar)

Einar Jónsson (ábúandi Ferstiklu)

Ólafur Magnússon eigandi Þórisstaða

Bjarni Bjarnason umráðamaður Hrafnabjarga

Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 11/7 1923

GBjörnsson



Landamerki fyrir Þverfellslandi eru þessi:

Fyrst úr Kaldagili þar sem fellur í tung á í stein þann, sem stendur á lángamel merktur með +, sem högginn er í steininn síðan beina stefnu í lágan hellustein, sem er vestanverðu í svokölluðu Áreiðarskarði merktan með sama +; úr þessum steini ræður bein stefna eftir mýrardragi upp á hálsinum og yfir vesturenda á syðri tjörninni og í stein þar norður í hryggnum, sem er með höggnum +; svo ræður bein stefna norður hálsinn og í Grímsá þar, sem Kaldá fellur í hana að norðanverðu, á þessari stefnu á að vera steinn merktur með +, svo ræður Grímsá fram til Reiðarvatnsóss, svo eru merki með austurströnd Reiðarvatns, suður að Reiðarlæk, svo ræður hann merkjum til Grunnvatns, svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn á Kvígindisfelli, þaðan vestur í gil það, sem fellur syðst í krókinn, sem er vestan undir því og Tungná kemur úr. Síðan ræður Tungná merkjum ofan fjallið þar til Kaldagil rennur í hana. Þessi landamerki hef jeg fyrir hönd eiganda jarðarinnar orðið samþykkur á að vera skulu við þá menn, sem lönd eiga að Þverfellslandi og eru hins vegar undirskrifaðir.

Þverfelli dag 10. seftinber [svo]1886.

Björn Sveinbjarnarson

Davíð Snæbjarnarson á Vörðufelli.

Vegna Þingvallakirkju samþykkur Jens Pálsson

Jón Guðmundsson á Reykjum.

Lesið á manntalsþingi að Lundi 2. júní 1887 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu Nr. 63.

Gjald til landssjóðs:

þinglestur - - 75 au.

Sigurður Þórðarson

Bókun - - - 25 -

1 kr. - ein króna -

Innritað samkv. l.nr. 72.- 27/6 - 1921

GBjörnsson



Fyrir jörðinni Stórabotni eru landamerki þannig; á milli Litlabotns og ofangreindrar jarðar ræður Stórabotnsá neðan frá vognum þar til Litlabotnsá hefur að fornu í hana fallið, og þar frá ræður Litlabotnsá til upptaka, sem eru í svonefnda Stórukrókatjörn á miðri Botnsheiði.

Milli Efstabæjar og Stórabotns eru merki þannig: úr miðri Stórukrókatjörn sjónhending austur yfir háveggi og það austur á Veggjadal, sem næst vatnahalla og verður þar sett hornmark, því þar tekur við Gilstreymisland, og á Stóribotn úr nýnefndu hornmarki austur á há kvífjárindisfell; milli Þingvalla og Stórabotns úr hákvífjárindisfelli og í Háusúlu (Mjóusúlu). Milli Stórabotns og Ingunnarstaða ásamt Hrísakoti í Brynjudal austan frá Þingvallakirkju landamerkjum, sem áður eru nefnd, á Stóribotn Súlur allar að norðan er vötnum hallar til Botnsdals og það vestur á Múlafjall, þar til Skorhagaland tekur við. Sömuleiðis ræður vatnahalli á Múlanum, þar til kemur út á móts við Lambaskarð, sem svo er kallað, svo ræður sjónhending úr nefndu skarði utan til við Kötlugróf og það á miðjan vog fram og á Þyrill þar á mótsvið – og beina línu inn voginn og í Brunnárfljót.

Samþykkt af hlutaðeigendum með eiginhandar undirskriftum.

Sem umboðsmaður Þingvallakirkjutorfunnar undirskrifar
Jón Einarsson Skorhaga Jón Thorstensen Sigurður Vigfússon
í Efstabæ
Björn Eyvindsson (handasalað)
Helgi Einarsson Litlabotni Jón B.P. Ottisen Ingunnarstöðum
Þorkell Þorláksson Þyrli

Stórabotni 14. maí 1890

Gísli Gíslason, Bóndi á Stórabotni.

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 6. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N^o 123.

Gjald til landssjóðs:

þingl. --- 75 au Sigurður Þórðarson
bókun --- 25 –
1 kr.

(ein króna) Borgað S.Þ.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stórabotnsá ræður frá Botnsvog þar til Litlabotnsá hefur að fornu í hana fallið. Þá taka við vörður á miðjum hólma norðan við árnesið, svo ræður Litlabotnsá úr því.

Þorkell Þjetursson Helgi Jónsson
Innritað samkv. l. nr. 72 – 27/6 – 1921

GBjörnsson



Landamerkjabrjef fyrir afrjettarlandi Borgarhrepps í Mýrasýslu.

Frá Beilárósi ræður Langavatn þar til Langavatnsdalsá fellur í það, þá ræður Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að svonefndum Sauðarhrygg. Þaðan eru merkin sjónhending upp á hæðstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum fyrir efstu drög Víðidal; síðan eins og vötnum hallar frá háfjalli suður í hæðstu drög á Sátudal, þá ræður Sátugil merkjum niður í Fossdalsá, þá Fossdalsá niður í Skammá, þá Skammá í Vikravatn, þá Vikravatn að Lambafelli; þá ræður merkjum laut sú sem er á milli Vikrafells og Lambafells, þar sem hún er lægst alt ofan í Litluá í Grímsdal. Svo ræður Litlaá niður eftir Grímsdal, þar til sjónhending næst norðvestur eftir Bárðarfjalls og Staðarhnúksbrúnum í Klif, er vegurinn liggur yfir, norðanvert við Brúnavatn, þaðan í einstakan hól, sem er vestanvert við vaðið á Beilá; loks ræður Beilá merkjum í Langavatn.

Innan þessara merkja eru ekki ítök, nema hvað Svignaskarð á hálfan Víðidal allan, og sjera Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni.

Til staðfestu eru nöfn hlutaðeigandi eiganda nágrannalanda.

Í hreppsnefnd Borgarhrepps.

Undirritað að Hamri 2. nóv. 1920

Jóhann Magnússon

Einar Friðgeirsson

Jón Björnsson

Guðmundur Daníelsson

Sigurður Magnússon

Eigandi Vífildals fremri: Ögmundur Hjartarson

Eigandi Hrafnabjarga ytri:

í umboði hreppsnefndar Álftaneshrepps

Hallgrímur Níelsson

Samþykkur framanskriðuðum landamerkjum að öðru leyti en því að Hrafnabjörg eiga samkvæmt Hrafnabjarga máldaga tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.

Hjörtur Sigurðsson

Eigandi Hvassafells: Klemens Baldvinsson

Eigandi Hraunsnefs: Einar Bjarnason

Eigandi Brekku: Þórður Ólafsson

Kristján

F.

Björnsson

hreppstjóri

Stafholtstungnahrepps

umboðsmaður

Stafholtskirkjueigna.

Eigandi Jafnaskarðs: Guðbjarni Guðmundsson

Eigandi Múlakots: Ingólfur Sveinsson

Einar Friðgeirsson eigandi að Hólmunum í Langavatni.

Guðmundur Daníelsson eigandi að Víðidal öllum hálfum

Eigandi Hreðavatns: Kristján Gestsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ath. Hrafnabjargamáldagi getur ekki um hvoru megin á Langavatnsdal ítak Hrafnabjarga er. Ítakið er því sennilega á öllum dalnum beggja megin, eða aðeins að vestanverðu.

F.h. hreppsnefndar Borgarhr. Jóhann Magnússon

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 25/6 1923

Ath. 21. maí 1885 hefur verið þinglesið landamerkjum Beilárheiðar sem framhaldi af landamerkjum Galtarholts.

GBjörnsson



Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Fiskilæk.

1. Milli Fiskilækjar og Bakka. Bein lína úr krossmerktum steini við mýrarjaðarinn hjá Holtsfæti, austur yfir melana í háan stein krossmerktann er stendur á hryggnum fyrir austan almenningsgötuna.

2. Milli Fiskil. og Skorholts. Úr þessum síðast nefnda steini bein lína í Sjónarhól, þaðan bein lína í vörðu við Hryggjaskarð, þar sem Fiskil. og Geldingárlönd koma saman. Úr þeirri vörðu bein lína í Stórufesti.

3. Milli Fiskil. og Mela. Úr merkjasteininum við mýrarjaðarinn hjá Holtsfæti bein lína í Flóðavörðu.

4. Milli Fiskil. og Melaleitis. Bein lína úr Flóðavörðu í Fuglapúfu og að vörðu, sem er á línunni að Fylpolli.

5. Milli Fiskilækjar og Belgsholts. Úr þeirri vörðu beina leið í Fylpoll, þar, þar sem Belgsholts og Narfastaðalönd koma saman.

6. Milli Fiskilækjar og Narfastaða. Úr Fylpolli bein lína í Einstökuvörðu, þaðan bein lína úr Einstökuvörðu í Grenjafesti.

7. Milli Fiskil. og Hafnar. Fjallsbrúnin á fjallinu Ölver milli Grenjafestar og Stórufestar. Þessa skrá samþykkja viðkomandi hlutaðeigendur.

Fiskilæk 14. júní 1921

Sigurður Sigurðsson

Hallvarður Ólafsson (eigandi að Geldingá)

Hallsteinn Ólafsson Skorholt

Eyjólfur V. Sigurðsson Melum

P.G.Thorgrimssen Belgsholti

Ólafur Jónsson Bakka

Steini Björn Arnórsson eigandi að Narfastöðum

Friðrik Bergsson eigandi Melaleiti

Samþykk fyrir Höfn: Þórunn R. Sivertsen

Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 5/7 1923

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Hofstöðum í Álftaneshreppi í Mýrasýslu

1. Milli Hofstaða og Vogalækjar:

Úr landamerkjaholti á vesturbakka Heyvatns beina sjónhending í svonefndan Grjóttanga, austantil í Hofstaðavatnsstæði, fyrir sunnan og neðan Hofstaðafjánhúsin, þaðan sjónhending yfir vatnsstæðið í gamla torfvörðu á vestari vatnsstæðisbakkanum, – rjett hjá hliði á girðingu þeirri sem þar er nú, úr þeirri torfvörðu, sjónhending í miðja Vogalækjarstrauma fyrir norðan Vogalækjarey.

2. Milli Hofstaða og Knarrarness:

Úr fyrnefndum Vogalækjarstraumum, norður Þrengslin og straumana miðja fyrir austan Hrossastapa og Vörðunes en fyrir vestan Króarhöfða og Naustanes að merkjum Knararness og Álftáróss fyrir norðan Vörðunes, en fyrir vestan Öxnhól, þaðan vinkil beygjast merkin í austur á milli Hofstaða og Álftáróss um á Naustanesvík mitt á milli Naustaness og Öxnhóls, þar til tekur við merkjalína milli Hofstaða og Krossness á fyrnefndri Naustanessvík (Litlastekksvík) svo eftir áframhaldandi sömu stefnu í Landamerkjahól, sem er fyrir botni víkurinnar, skamt fyrir norðan svonefnt Skipaholt úr fyrnefndum Landamerkja (sic) beina sjónhending í Landamerkjasteina, sem standa við Krossneslæk, þaðan ræður sá lækur upp í Lækjarbotnatjörn. Úr austurhorni tjarnarinnar beina sjónhendingu ^{eftir fornum torfvörðum í syðri (neðri)} Foræðisgarð og eftir sömu sjónhendingu í svo nefndan Stakalæk (Hofstaðasíki), þaðan ræður sá lækur upp að Grænukeldu, en þar taka við merki á milli Hofstaða og Þverholta og ræður sami lækur merkjum áfram upp í Heyvatn og eftir sömu stefnu út á mitt Heyvatn og fyrir norðan Hofstaðahólma en vestan Þverholtaeyri (sic) að landamerkjum Hofstaða og Smiðjuhólsveggja á miðju Heyvatni og liggja þau eftir miðju Heyvatni og þaðan í fyrst nefnt Landamerkjaholt þó fyrir sunnan Hofstaðahólma en norðan Vogalækjarhólma.

Gjört og undirskrifað í janúar 1923.

Jón Samúelsson eigandi ½ Hofstaða og Smiðjuhólsveggja.

Þorkell Gilsson eigandi Vogalækjar

Sigurjón Erlendsson eigandi að Álftárósi.

Sigmundur Guðnason eigandi Krossness

Bjarni Ásgeisson eigandi Knararness.

Guðmundur Eiríksson

Sigurður Jónsson eigandi Hofstaða.

Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 14/6 – 23

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðina Laxárholti í Hraunhreppi.

1. Móti Vogji:

Úr Merkjafljóti í Vogslæk ræður lækurinn í tveim bugðum rúmlega 270 metra austur í Efstufljót, þaðan ræður Kringluskurður 160 metra norðaustur að torfvörðu og enn ræður sami skurður 220 metra beina línu upp í Hólmsvatn. Þá ræður vatnsbakkinn nokkra metra austur að merkjavörðu (stólpa) og þaðan bein lína í suður um 390 metra í vörðu (stólpa) við Vogslæk 125 metra vestan Gömlustýflu við Steinatjörn. Frá vörðunni ræður lækurinn í Steinatjörn og frá upptökum hans lína í líka stefnu austur yfir tjörnina uns komið er í miðjan norðausturarm hennar, þá lína norður í Álftaveituskurði; þá ræður skurðurinn í Álftavatn og frá upptökum hans bein lína norðaustur eftir vatninu móts við merkjalínu Skíðsholta.

2. Móti Skíðsholtum:

Bein lína frá áðurnefndri línu í Álftavatni um torfvörðu á suðausturbakka vatnsins og um fleiri vörður neðan Aurkvarnalæk í torfvörðu austur af nyrðri Bólsás, þaðan bein lína í lækinn vestan Garðhól og ræður svo lækurinn á því bili, sem þá er eftir austur í Baugavatn hið vestasta, þaðan beint yfir vatnið í Svefnlækjarmynni, þaðan ræður lækurinn í Miðbaugavatn og lína í líka stefnu og hann dálítið austur í vatnið.

3. Móti Hundastapa:

Bein lína úr Baugavatni austan Svefnlækjarós í Klaufholtaveituauga og þaðan sama línan um 830 metra frá Arnarbælisvatni í torfvörðu í flóanum ofan Ungneytisása um 45 metra austan Merkjaklöpp.

4. Móti Hólmakoti:

Úr áðurnefndri torfvörðu bein lína um Merkjaklöpp neðanvert við stærsta Kelduvatnsás í vik það er lengst gengur austur úr ytra Kelduvatni milli Strokkkeldu og hólmanns í vatninu og þaðan bein lína í vörðu í tanga neðan vatnið þeim næsta vestan Strokkkeldu.

5. Móti Tröðum:

Úr síðastnefndri vörðu bein lína vestur í vik það, sem lengst gengur ^{vestur} neðantil úr ytra Kelduvatni – norður frá Gilsseli – og þaðan bein lína um Fjárbólsstapa og Hádegishól alla leið vestur í torfvörðu nálægt veginum neðan Laxárholtsvatn; þaðan bein lína um tangann neðan vatnið norður yfir það vestan holtstanga þeim megin alla leið í hæstu þúfu á Kýrfinnsás; þaðan bein lína í torfvörðu við rúst á engjunum; þaðan bein lína um 90 metra vestur í Merkjafljót.

6. Laxárholt á 2 hólma – Hólhólma og Hríshólma – í Hólsvatni innan Vogs landamerkja. Það á ennfremur þessi ítök í Traðalandi: Norðasta hólmann í Laxárholtsvatni, mótak og fjörubeit.

7. Traðir eiga í Laxárholtlandi engjar í Álftaveitu eins og efri endi Steinatjarnar og Álftaveituskurður ráða að vestan, Álftavatnsbakki að norðvestan; Skíðsholtamerki frá vatninu um 220 faðma að norðaustan og að sunnan ráða holtajaðrar niður í grjótvörðu og úr henni í torfvörðu austan Steinatjörn og þaðan ræður kelda vestur í tjörnina.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samið og samþykkt 15. júní 1923.

Eigendur Laxárholts: Fyrir Geir Jónsson Pjetur Þórðarson Jón Guðmundsson

Benedikt Þórðarson eigandi Hólmakots

Jón Bjarnason eigandi Skíðsholta

Ólafur Sigurðsson eftir umboði jarðareiganda

Guðmundur Jónsson eigandi og ábúandi Hundastapa

Helgi Árnason eigandi Vogs.

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 – 23

GBjörnsson



Landamerki fyrir Staðarhrauni ásamt Haga eru þessi:

Á móti Svarfhóli ræður merkjum sjónhending frá Brúarklettum við Grjótá í vörðu fyrir sunnan Staðarhraunsstekk. Þaðan ræður sjónhending í Hnúkana og því næst Hnúkalækur ofan í Melsá.

Á móti Brúarfosslandi ræður Melsá merkjum frá Hnúkalækjarmynni og þar til hún fellur í Tálma. Þaðan ræður Tálmi þar til hann fellur í Hítará. Úr því ræður Hítará á móti landi þeirra jarða, er hjer skulu taldar:

1. á móti Brúarhrauni upp að Bretalæk,
2. á móti Moldbrekku frá Bretalæk upp á móts við Grettisbæli
3. á móti Vallnalandi frá Grettisbæli og þar til ofan til við Kattarfoss.

Þá ræður merkjum móti Hítardalslandi sjónhending úr vörðu við Hítará í miðjan Grjóthól við Stigaveg. Þá ræður merkjum á móts við Helgastaðalandi Stigavegur frá Grjóthól að Tálma, en síðan Támi þar til er Grjótá fellur í hann.

Loks eru merkin milli Staðarhrauns og Múlasels. Þar ræður Grjótá frá því er hún fellur í Tálma og upp á móts við Brúarkletta sem fyr getur.

Staðarhrauni 22. janúar 1923

Stefán Jónsson

Framanrituð landamerki samþykkja undirritaðir

Guðjón Guðmundsson eigandi Svarfhóls

Bogi Helgason eigandi Brúarfoss

Hallbjörn Hallbjörnsson eigandi Brúarhrauns

Ingimundur Einarsson eigandi Helgastaða

Framanrituðu eru samþykkir:

Finnbogi Helgason eigandi Hítardals.

Pjetur Þórðarson umráðamaður Múlasels.

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 – 23

GBjörnsson



Landamerki fyrir Brúarfoss eru þessi:

Á móti Mel ræður sjónhending úr vörðu við Melsá vestan Fossár og á klett norðan við Fiskivatn með klöppuðum kross á. Móti Fíflholtum ræður Fiskilækur að vörðu á lækjarbakkanum syðri neðan Þverskurð.

Móti Lækjarbug ræður Fiskilækur á móts við vörðu á vestri bakka lækjarins það sjónhending í vörðu á Lækjarhól þaðan sjónhending í Þorgeirsstein. Þaðan sjónhending í klöpp við Festanfljót við Hítará.

Móti Brúarhrauni ræður Hítará upp að Tálma.

Móti Staðarhrauni ræður Tálmi upp að Melsá þá ræður Melsá þar til Hnúkalækur rennur í hana.

Á móti Svarfhóli ræður Melsá að áður nefndri vörðu vestanvert við Fossás.

Brúarfossi 15/2 1923

Framanskráð landamerki samþykkja undirritaðir:

Þjetur Runólfsson eigandi Mels

Sigurður Jónsson eigandi Fíflholta

Jón Sn. Norðfjörð eigandi Lækjarbugs

Hallbjörn Hallbjörnsson eigandi Brúarhrauns

Stefán Jónsson sóknarprestur Staðarhrauns

Fyrir hönd eiganda Svarfhóls: Stefán Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 – 23

GBjörnsson



Landamerkjabréf fyrir jörðina Vogur í Hraunhreppi í Mýrasýslu.

1. Á móti Ökrum: Sjónhending frá Álftarhreiðri – torfvörðu á vesturbakka Deildartjarnar í Flagastapa. Frá Flagastapa sjónhending í Sandvatnshorn hið syðra, þaðan í merkjastaur á Akrasandi og beint í sjó fram sunnan Klofning.

2. Á móti Skíðsholtum: Frá fyr nefndu Álftarhreiðri sjónhending í suðvesturhorn Deildartjarnar, þar, sem Deildarstapa ber við norðvestur röndina á Mýrdalstindi. Frá

Deildartjörn eftir greindu miði, alla leið í norðurhorn Álftavatns, þar sem mest rennur í vatnið – þaðan sjónhending yfir Álftavatn í upptök Álftaveituskurðar.

3. Á móti Laxárholti: Frá Álftavatni að Steinatjörn ræður Álftaveituskurðurinn landamerkjum. Að skurðinum sleptum eftir Steinatjörn miðri, alt þar á mótsvið, er Vogslækur fellur úr tjörninni; þá til norðvesturs að upptökum Vogslækjar og eftir honum að Merkjastólpa á norðurbakka lækjarins, sem er 125 m. frá „Gömlustýflu“ við Steinatjörn. Frá fyrnefndum stólpa sjónhending í annan Merkjastólpa við suðvesturhorn Hólsvatns – skamt frá upptökum Kringluskurðar. Frá Hólsvatni ræður Kringluskurðurinn merkjum. Fyrst í suðvestur 220 m. að torfvörðu í engjunum, þá til vesturs 160 m. í Efstuflljótin. Frá Efstuflljótum eru merkin eftir öðrum skurði – ca. 270 m. löngum með tveimur bugðum í Merkjafljót.

4. Á móti Tröðum ræður Vogslækur merkjum, alla leið frá Merkjafljóti að sjó fram, þá eftir miðjum Hjallavogi og þaðan beina stefnu í hæðsta klettinn á Klofasteinum.

5. Á móti Skutulsey: Sjónhending í vestur frá fyrnefndum Kletti á Klofasteinum og beint í sjó fram sunnan Skarfaskers.

14. júní 1923

F.h. Helga Árnasonar eiganda Vogs
Sigurður Einarsson ábúandi að Vogu

Samþykktur fyrir hálfu Akra: Helgi Ásgeisson
Samþ. fyrir ¼ Akra og 2/3 Skutulseyjar
(fyrir Helgu Magnúsdóttur) Jón Sigurðsson
Samþykktur fyrir Traðir: Ólafur Sigurðsson
Jón Guðmundsson eigandi að ½ Laxárholti.
Pjetur Þórðarson umráðamaður ½ Laxárhólts.

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 – '23

GBjörnsson



Eftir lögum af 17. Marts 1882 eru landamerki Svarfhóls í Hraunhrepp, sem hjer greinir:

1. Milli Svarfhóls og Ytrihaundals: Í fyrstu ræður stór þúfa, sem á framanverðum Svarfhólsmúla eða á bjarginu stendur og á fjallið upp úr sagðri þúfu, sjónhending í þann Múla, sem í norður veit og kallaður er Mýrdalsmúli, en þaðan neðra undir fjallinu, sjónhending úr fyrnefndri þúfu í þann kringlótta mel, sem er í Mýrinni, og sjónhending úr Mýrinni í læk þann, sem kallaður er landamerkjælækur, þar hann sig saman tekur úr Mýrinni austan til við Svarfhólsmúla, síðan ræður sá lækur fram í Melsá.

2. Milli Svarfhóls og Múlasels. Grjótá skiftir löndum frá Grjótárvatni og niður að svonefndum Brúarklettum.

3. Milli Svarfhóls og Staðarhrauns ræður sjónhending í vörðu fyrir sunnan Staðarhraunsstekk; úr þeirri vörðu ræður sjónhending í Hnjúkana, því næst í Hnúkalæk, þá ræður Hnúkalækur allt ofaní Melsá.

4. Milli Svarfhóls og Mels ræður Melsá þar til fyrnefndur landamerkjælækur kemur fram í hana.

Staðarhrauni 8. desember 1883

Jónas Guðmundsson

Þessum hjer að framan og ofanskrifuðu landamerkjum Svarfhóls í Hraunhreppi erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.

1. Fyrir hönd Ytrihaundals eiganda Kristján Kristjánsson
2. [Fyrir hönd] Múlasels Jónas Guðmundsson
3. [Fyrir hönd] Staðarhrauns Jónas Guðmundsson
4. [Fyrir hönd] Mel Steffán Steffánsson

Lesið á manntalsþingi að Lækjarbug 3. Júlí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N51.
þinglestur 75^a

Bókun 25- Guðm. Pálsson
1 kr.

Innritað samkv. l. nr. 72 27/6 1921

GBjörnsson



Landamerkjaskrá

fyrir hinu sameiginlega afrjettarlandi allra jarða í Hvítársíðuhreppi, allra jarða í Þverárhlíðarhreppi og þeirra jarða í Norðurárdals og Stafholtstungnahreppum, sem liggja fyrir austan og sunnan Sanddalsá og Norðurá og ennfremur jarðarinnar Stafholtseyjar.

Að norðanverðu ræður Norðurá þaðan frá sem Hellisá fellur í hana og alla leið upp í Holtavörðuvatn. Að austanverðu ræður sjónhending ur syðri enda Holtavörðuvatns í Hæðarstein; úr Hæðarsteini sjónhending í Reipagiljaborg; úr Reipagiljaborg sjónhending í Hrútafjarðará, þarsem Skútagil fellur í hana. Þá ræður Skútagil alt austur undir Krókavötn; frá Krókavötnum sjónhending í suðurenda Flóavatns hins mikla; þaðan ræður sjónhending í Urðhæðavatn. Að sunnanverðu ræður Urðhæðavatnslækur í Kvíslavatni; þá Kvíslavatnslækur í Skjaldartjörn; þá Skjaldartjarnarkvísl í Kjarará; Svo ræður Kjarará alt niður að klettsnefi einu við ána, hinu næsta fyrir neðan Snasa, við Örnólfsdalsland. Að vestanverðu ráða fyrst Örnólfsdalslandamerki frá áðurnefndu klettsnefi um austanverðar Stóruhágar norður á Sandinn, í vörðu þar, og þaðan í kvísl^{hnúk} neðanvert á Sandinum við Kvíaland. Þá ráða Kvíalandamerki uns Einbúa eftir háсандinum fyrir sunnan Olnboga er sjónhending í Lambadal og svo eftir Lambadal í Hólsvatn (nú nefnt Hrólfsvatn). Þá ræður Hrólfsvatnkvísl (eldra nafn Syðri Þverárvísl) niður að Litlu Þverá; þá ræður Litla Þverá niður að Sýrdalslæk við Hermundarstaðaland. Síðan ráða Hermundarstaðalandamerki eptir Sýrdalslæk norður í Sýrdalsvatn að Krókslandi; þá ráða Krókslandamerki frá Sýrdalsvatni að í Sýrdalsborg hina nyrðri og austureptir henni. Frá austurenda Sýrdalsborgar ræður sjónhending í Hellisgil; þá ræður Hellisgil niður í Hellisá og síðan Hellisá niður í Norðurá.

Ítök af afrjettarland þetta eru þau sem nú skal greina:

1. Gilsbakkakirkja á:

a, land til selfarar fyrir norðan Kjarará þar sem heitir Gilsbakkasel

b, görvalla veiði í Kjarará yfir þvera á jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk sem fellur úr Hvammsvatni norður í Kjarará og greinir á því svæði Gilsbakka og Sámsstaðalönd. Neðan frá þessum Silungalæk á Gilsbakkakirkja ein alla veiði í Kjarará alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunnarrjett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem utheimtist til þess að nota veiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakkakirkja og samveiði við Sámsstaði niður að gróf einni rjett fyrir ~~(neðan)~~ framan Háumela, en nokkur hundruð faðma fyrir neðan Silungalæk. – Gilsbakkakirkja á ein veiði í öllum vötnum þeim

er Kjarará fellur úr, Króksvatnsá og fleiri ám og lækum eftir því sem segir í máldögum kirkjunnar. Einnig á Gilsbakkakirkja silungsveiði og áltaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja, víðsvegar um heiði innan þeirra takmarka sem ákveðin eru í Vilchins og Gíslamáldögum.

2. Reyholtskirkja á Selför á Kjör milli, Rangagils og Skjaldmeyjargils og veiði í Kjarará fyrir því landi móts við Síðumúla.



3. Síðumúlakirkja á skógarítak milli Skjaldmeyjargils og klettanefs þess er nefnt fyrir neðan Snasa sömuleiðis slægjur innan sömu takmarka og veiði í Kjarará, eftir því sem segir í landamerkjaskrá Síðumúla.

4. Hjarðarholtskirkja á selför á Hellistungum þar sem heitir Hjarðarholtssel.

5. Jörðin Helgavatn í Þverárhlið á land á Þverárdal þar sem heitir Helgavatnssel innan þessara ummerkja:

Að vestanverðu ræður lækur ~~upp~~ frá Þverá uppeftir nyrðri Sýrdal alt upp í Sýrdalsvatn, sem er uppi á hálsinum; að norðanverðu ræður sjónhending úr Sýrdalsvatni í Urðarstapa og Úr Urðarstapa í upptök Fanngils; að austanverðu ræður Fanngil (~~úr Sýrdalsvatni~~) niður í Þverá og hún að sunnanverðu að Sýrdalslæk nyrðri. Eignarrjetturinn ^{yfir landi þessu} er háður þeim takmörkum að eigandi þess má aldrei hver sem hann verður setja nýbýli í landið eða taka það í upprekstur.

6. Jörðina Sámstaðir á:

a, land til selfarar frá Fiskilæk (Vatnshnúkalæk) niður að, vestasta Rangagili og svo langt norðurá sem vatnsföll deila.

b, Samveiði við Gilsbakkakirkju í Kjarará (~~samkvæmt landamerkja~~) frá Silungalæk niður að Fiskilæk (vatnshnúkalæk) og þar fyrir neðan eiga Sámstaðir veiði í Kjarará samkvæmt landamerkjaskrá sinni.

Engum hinum framannefnda selfararrjetti eða ítaksrjetti fylgir nein heimild til að ljá öðrum beit í sellandinu fyrir nokkurn fjenað, ekki heldur til að ljá öðrum selför. – Upprekstrarfjelaði á enga veiði í Kjarará.

Landamerkjaskrá þessi er samhljóða ályktun fundar að Síðumúla 8. apríl 1890 þar sem allir fjórir hreppsnefndaroddvitar hlutaðeigandi hreppa og flestir samnefndarmenn þeirra voru mættir og auk þess margir fleiri er hlut áttu að máli. Þessu til staðfestingar eru nöfn vor undirritaðra oddvita. Í hreppsnefndum Hvítársíðu, Þverárhliðar; Norðurárdals og Stafholtstungnahreppa hinn 10. dag aprílmánaðar 1890.

Fyrir hönd og í umboði hreppsnefndanna

Magnús Andrjesson, oddviti í Hvítársíðuhreppi, og er jeg einnig sem Gilsbakkastaðarhaldari og prófastur í Mýraprófastsdæmi samþykkur hinu framanritaða að því er Gilsbakkakirkju snertir.

Eggert Sigurðsson oddviti Þverárhliðarhrepps

Gísli Einarsson oddviti Norðurárdalshrepps

Jón Tómasson oddviti í Stafholtstungnahreppi.

Samþykkur vegna jarðanna Króks og Fornahvamms

Gísli Einarsson prestur í Hvammi.

Samþykkur vegna jarðarinnar Kvía

Þórunn Þorbjörnsdóttir eigandi Kvía.

Samþykkur vegna jarðarinnar Örnólfsdals



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þorsteinn Hjálmsón (samkvæmt fullmakt).

Samþykkur vegna jarðarinnar Hermundarstaða

Eggert Sigurðsson (samkvæmt fullmakt).

Samþykkur vegna jarðarinnar Síðumúla Brandur Daníelsson,

Runólfur Þórðarson. Ábúandi og umráðamaður á jörðinni hálfum Síðumúla er samþykkur Landamerkjaskránni.

Samþykkur vegna jarðarinnar Sámstaða

Guðmundur Guðmundsson eigandi.

Sigurður Þorbjörnsson, vegna mín og Þórunnar sem eigendur Helgavatns.

Karl A. Sigurgeirsson oddviti fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Fremri Torfustaðahreppi.

Jónas Guðmundsson (bóndi á Húki) (Í umboði prestsins í Staðabakkaprestakalli).

Fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Staðahreppi

Þorvaldur Ólafsson oddviti.

Fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Bæjarhreppi

Benóní Jónsson oddviti.

Samþykkur fyrir hönd Sveinatungu, Jóhann í Sveinatungu eigandi Sveinatungu.

++ ++ ++

Með þeirri athugasemd að Reikholti er áskilinn rjettur til að leigja út slægjur í selfararlandinu, eins og að undanfögnu hefir tíðkast svo og auðvitað veiði í Kjarará, samþykkir stjórnarráðið fyrir sitt leiti landamerkjaskrá þessa.

Í stjórnarráði Íslands 7. febrúar 1913

F.h.r.

Kljónsson /EggertBríem.

Landamerkjaskrá þessa hef jeg ritað orði til orðs – einnig allar samþykta undirskriftir – á blaðsíður 214–216 í sveitarbók Hvítársíðahrepps fyrir fyrir árið 1913 (byrjuð 12. júní 1907), og er þar staðfest orðrjett eftirrit af skránni

Giltsbakka 27. nóvember 1913. Magnús Andrjesson

Ritað í Landamerkjabók Mýrasýslu nr. 162 og lesið á manntalsþingi á Sámsstöðum 8. júní 1915

Gjald 2. tvær kr. Björn Þórðarson

Borgað B.Þ

(L.S)

Innr.samkv.l.nr.72 - 27/6 – 1921.

G.Björnsson



Landamerki

Gilsbakka kirkjujarðar Hvassafells með hjáleigu Uppkoti og eyðihjáleigu Útkoti, liggjandi í Norðurárdal.

Að austanverðu ræður gamall farvegur Bjarnadalsár í Norðurá; svo ræður Bjarnadalsá að Vesturá, Vesturá að Villingagili; svo ræður Villingagil, og úr Villingagilsbotni sjónhending í hærri fossa í Fossdalsá. Að vestanverðu ræður sjónhending úr hausvörðu við kerlingahólmssýki í steina og skurð beggja megin við Bænhúslág; þaðan ræður sjónhending í rúst fyrir sunnan Mórrauða sýki og þaðan í grástein fyrir ofan Bjarnadalsá, þaðan í Mjóaskarð í Hraunsnefsöxl, þaðan í hnúk í Geldingafelli, þaðan í Fossdalsá, svo ræður hún til hærri fossa.

Að sunnanverðu ráða Haukseyjasýki.

Gilsbakka 16. apríl 1895. Magnús Andrjesson.

Við ofanskriafaða landamerkjaskrá höfum við ekkert að athuga 20. apríl 1895.

Vigfús Bjarnason umráðamaður fjalllands Stafholtskirkju

Þórður Kolbeinsson sem jarðeigandi að Dalsminni.

16. apríl

Bjarni Einarsson eigandi og ábúandi jarðarinnar Skarðshamra

Jón Vigfússon. 20. apríl Árni Guðmundsson eigandi og ábúandi jarðarinnar Hraunsnefs. Einar Bjarnason eigandi Hraunsnefs og Skarðshamra. F.h. Borgarhrepps Jóhann Magnússon oddv.

Lesið á manntalsþingi að Dyrastöðum 22 maí 1896 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N 154

Gjald 1 – ein – króna

Sigurður Þórðarson

Borgað S.Þ.

Innr. samkv. l. nr. 72. – 27/6 1921

GBjörnsson



Landamerkjalyking fyrir Hreðavatnslandi í Norðurárdal.

Að sunnan, frá vörðu framantil við Bjarnapart ræður Norðurá merkjum niður fyrir 2 uppsprettur, að merkjasteini með áhöggnu lettri. Frá honum eru merkin sjónhending yfir hraunið um Arnarkeltt í garðlag í Leiðarskarði, yfir Hreðavatn vestan við Stafholtshólmaenda vestari og í Merkjaborg þaðan vestantil við vesturenda Selvatns um norðara Ketilholt vestantil, svo eftir laut (~~vestan til~~) milli Sigmundarhlíðar og Dyngju, í Vikrafells-öxlina. – Að norðan eru merkin, úr Vikrafells-öxl í Vikravatn þá ræður Skammá, þá Fossdalsá fram að lægri fossum, um smágil í Grágæsarh[n]júkinn þá sjónhending yfir Dýjahnjúk og Fífildalsmúla í klettaborg uppi á Hestabrekkum. Þaðan í vörðu á hálsinum framan Húsadal, yfir holtin utan Brekkueyrar. Þaðan yfir hraunið í vörðu þá er fyrst var nefnd framanvert við Björnpart.

Samþykkir ofanritaðri landamerkjalykingu eru eigendur og ábúendur jarða þeirra er að Hreðavatnslandi liggja.

Kristján Gestsson eigandi Hreðavatns

Þórður Ólafsson eigandi Brekku

Guðbjarni Guðmundsson eigandi Jafnaskarðs

Guðmundur Daníelsson fyrir hönd Borgarhrepps

Fyrir hönd eiganda Laxfoss Friðriks Jónsson eptir umboði Guðmundar Daníelsson

Davíð Þorsteinsson eigandi Svartagils og Veiðilækjar

Þinglesið á manntalsþingi að Hvammi 27/6 – 23

GBjörnsson



Vjer undirritaðir oddvitar hreppanna Hvítársíðu, Þverárhlíðar, Norðurárdals og Stafholtstungna, fyrir hönd nefndra hreppa, og ég Andriés Eyjólfsson, bóndi í Síðumúla og eigandi þeirra jarðar, gerum svofeldan samning:

Vjer oddvitar hreppanna látum af hendi við Síðumúla beitarrjett þann, er Þverárrjettarupprekstur á í Síðumúlaskóg þeim hluta hans, er liggur fyrir neðan afrjettargirðinguna, sem nú er þar, og liggur upp frá Myrkhyl.

Ég, Andriés Eyjólfsson, læt af hendi skógarítak það og slægnarjett, er Síðumúli á í nefndum skógi ofan girðingar þeirrar, sem fyr er nefnd, Þverárrjettarupprekstri til fullar eignar. Ennfremur skuldbind jeg mig til, að taka eigi upprekstrarfjenað í Síðumúlaselland, meðan það er ógirt frá afrjettarlandinu.

Samningur þessi er gjörður í tveimur eintökum og heldur hvor málsaðili sínu eintaki.

Gjört að Síðumúla 29. janúar 1923

Ólafur Guðmundsson oddviti Hvítársíðuhrepps

Sverrir Gíslason oddviti Norðurárdalshrepps

Jósef Björnsson oddviti Stafholtstungnahrepps

Davíð Þorsteinsson oddviti Þverárhlíðarhrepps

Andriés Eyjólfsson

Vottar:

Þorbjörn Ólafsson

Brynjólfur Guðbrandsson

Þinglesið á manntalsþingi á Sámsstöðum 28/6 – 23

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Haugum í Stafholtstungum.

Milli Hauga og Sólheimatungu ræður kelda sem fellur í norðurá fyrir austan Suðurkot; sú kelda ræður merkjum í hlaðna þúfu í keldubotninum, þaðan ræður sjónhending í aðra hlaðna þúfu vestur undir Gljúfurá, sem ber norðan til yfir hólma í ánni; úr þúfunni sama sjónhending í ána (Gljúfurá). Milli Hauga og Svignaskarðs ræður Gljúfurá merkjum alla leið upp að Kiðamúlaós, sem fellur í Gljúfurá; frá Kiðamúlaós ræður sjónhending í Kiðamúlahaus og þaðan sjónhending í vörðu á Haugaselstöglum. Milli Hauga og Munaðarness ræður sjónhending úr nefndri vörðu alla leið í svonefndan Steinboga við Munaðarneslæk og þaðan ræður lækurinn ofan á móts við vörðu á standberginu. Síðan ræður Norðurá eftir miðju djúpi alla leið ofan að fyrnefndri keldu.

Ítak í Haugalandi á Svignaskarð – Sigmundarnes og eru merki á því við stein við Norðurá fyrir ofan kelduna kippkorn, þaðan í móabarð í holtflagi frá því móa barði beint sunnan Moldflögin austnorður á Norðurárbakka. Haugar eiga beit fyrir ær til fráfæru fyrir kýr eins – enn skildur eru bóndinn á Haugum að verja nesið frá því allan sláttinn fyrir öllum skepnum ágangi. Fyrir nesinu á Svignaskarð ½ veiði og Haugar ½.

Gjört og samþykkt í Sólheimatungu 17. maí 1890.

Umboðsmaður fyrir Hauga, Sigurður Sigurðsson á Kárastöðum

Jónas E. Jónsson fyrir hönd eiganda Helgu Bjarnadóttur

Björn Ásmundsson sem eigandi að Suðurkoti og ½ Norðurkoti

Sigurður Jónsson umráðamaður Hlöðutúns

Sigurður Sigurðsson (Ábúandi og umráðamaður Svignaskarðs

Sigurður Þórðarson ábúandi Arnarholts og eigandi að 11 hundruðum í því

Björn Þorláksson eigandi Munaðarness.

Jóhann Þorsteinsson sóknarprestur að Stafholti.

Ítak í Haugalandi á Svignaskarð, Sigmundarnes og eru merki á því við Norðurá við Stein, sem þar er kippkorn fyrir ofan kelduna, sem fellur í ána austan Suðurkotið, frá steininum beint í Móabarð í Holtflagi skamt norðar, úr því beina línu rjett fyrir sunnan Moldflögin norðaustur á Norðurárbakka og er þar hlaðin torfvarða. Fyrir Sigmundarnesi móts við Stafholt á Svignaskarð hálfa veiði í Norðurá og Haugar hálfa veiði.

Haugar eiga beit fyrir ær á Sigmundarnesi fram á fráfærur og fyrir kýr eins, enn skyldur er bóndinn á Haugum að verja nesið fyrir öllum ágangi fram á rjettir.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N^o 138

Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs:

þingl.

75 au



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

bók 25 –
(ein króna) 1 kr.

Borgað S.Þ.

Innr. samkv. l. nr. 72 – 27/6 – 1921

GBjörnsson



Landamerkjabrjef fyrir Ástorfunni liggjandi í Leirár- og Melahreppi.

Að norðanverðu við torfu þessa ræðr gil það er kallast Áskotsgil, milli Mela og Áskots, og ræður þaðan aftur gamall torfgarður sjónhending í torfvörðu þá, sem upphlaðin er á vatnsbakkanum. Úr þessari torfvörðu ræður svo sjónhending austur í vatnið í vinkilmyndað horn, sem ber í torfvörðu þá er stendur austur á vatnsbakkanum, í svonefndri þrætutungu úr þessari vörðu ræðr aftur sjónhending í stein einn gamlan, er stendur neðarlega í sömu tungu, og auðkendur með krossmarki, sem er hoggið í hann. Frá þessum steini ræðr aftur sjónhending ofan eftir læknum í upphlaðna torfvörðu á landbrotsbakkanum, úr þeirri vörðu ræður sjónhending milli 2ja steina suðr á hæðinni það ofan Súlunessandhalann, beina sjónhendingu á sjó fram í miðja Klofninga.

Þetta eru rjett merki milli Vestra-Súluness og Ástorfunnar, og á Ástorfan allan reka fyrir sínu landi hverju nafni sem nefnist.

Gjört að Ási 2. Nóvember 1887.

Þ. Þorsteinsson umráðamaður Ássins

Jón Benediktsson (fyrir Mela)

Gestur Pjetursson bóndi Vestra-Súlunesi (handsalað)

Lesið á manntalsþingi að Leirá 17. júní 1891 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N^o 148.

Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs:

Þinglestur 75^a

bókun 25^[a]

1 kr.

(ein króna) Borgað S.Þ.

Innr. samkv. l.nr.72 – 27/6 - 1921

GBjörnsson



No. 146. Landamerki fyrir Vestra-Súlunesi.

Að austanverðu: Úr kringlóttum mosapúfum á Hrísási, sjónhending í stóra þúfu við Lómatjörn; þaðan sjónhending í stöðulhornið, sem nær er bænum á Vestra-Súlunesi, þaðan sjónhending í túngarðsskarðið mitt á millum bæjanna. Þaðan sjónhending í stóran stein, sem stóð á Skipasnoppu, en nú er fallinn ofan fyrir, þaðan í sjó fram. Að norðanverðu: úr sömu umgetnu þúfum á Hrísási, sjónhending í keldur þær sem liggja suðaustan í Melavatni þaðan sjónhending í torfvörðu, er stendur á austur-vatnsbakkanum í svonefndri þrætutungu; úr þessari vörðu ræður aftur sjónhending í stein, er stendur neðarlega í sömu tungu, og auðkenndur er með krossmarki, sem höggvið er í hann. Frá þessum steini ræður aftur sjónhending ofaneftir læknum í upphlaðna torfvörðu á landbrotsbakkanum; úr þeirri vörðu sjónhending milli tveggja steina suður á hæðinni. Þaðan ofan Súlunessandhalann beina sjónhending á sjó fram í miðja Klofninga.

Skrifað á Leirá 27. febr. 1891

Gestur Pjetursson bóndi á Vestrasúlunesi
(handsalað)

Jón Benediktsson fyrir Mela og Eystra Súlunes
Rannveig Kolbeinsdóttir eigandi Ástorfunnar.

Lesið á manntalsþingi að Leirá 17. júní 1891

Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs:

þinglestur 75^a

Bókun 25^[a]

1 kr.

(ein króna) Borgað S.Þ.

Rjetta útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu staðfestir

Gjald: 28. júlí 1908

25 –tuttugu og fimm- aurar Sigurður Þórðarson

S.Þ. (L.S.)

Innritað samkv. l. nr. 72 – 27/6 – 1921

GBjörnsson



Landamerki jarðarinnar Melaleitis

1. Milli Melaleitis og Belgsholts.

Úr þeim flata steini í fjörunni á Skálalæk sjónhending í þann grá grasgróna stein í Skálaholti, þaðan beint í titlingsþúfu, þaðan sjónhending í Leirárdalsmynni í Skarðsheiði að vörðu við Fiskilækjar, Belgsholts og Melaleitis landamerki.

2. Milli Melaleitis og Fiskilækjar.

Úr nefndri vörðu beint í fuglapúfu, þaðan beint í flóðavörðu, sem er í sjónhending frá fuglsþúfu í krossmarkaðan stein, sem er í holtsfæti.

3. Milli Melaleytis og Mela.

Úr flóðavörðu sjónhending í Hesthúsvörðu, sem stendur á hryggnum við túngarðinn á Melum, þaðan sjónhending í vörðu, sem stendur á landabakkanum.

Melum 21. apríl 1914.

Páll Guðmundsson eigandi Mela
Friðrik Bergsson eigandi Melaleitis
Sigurður Sigurðsson Fiskilæk
Þ.G.Thorgrímsson Belgsholti

Þinglesið á manntalsþingi að Leirár 5/7 – '23

GBjörnsson



Landamerkjaskrá jarðarinnar Hóls í Lundarreykjadal

1. Að sunnanverðu, milli Fitja og Háafells landa: úr norðausturhorni Smirlatjarnar það er hornmerki milli Hóls og Iðunnarstaða, þaðan ræður bein stefna í vörðu á Smirlatjarnarhæð, svo beint, í börðu útnorðanvert við Stórafell, þaðan sjónhending í vörðu norðanvert á Litlafelli svo eftir settum merkjum í svo nefndan Þrýhól, hann er hornmerki milli Hóls og Snartastaða.

2. Að ~~norðan~~ vestanverðu; úr nefndum Þrýhól beint í Merkjagil og ræður það alla leið í Grímsá niður, og er þar hornmark milli Hóls og Snartastaða.

3. Að norðanverðu ræður Grímsá fyrst, síðan eru merkin í hinn forna Grímsárfarveg miðjan þartil Tunguá fellur í Grímsá; síðan deilir Tunguá merkjum austur á móts við svonefndan Miðsandhól; hann er hornmark milli Hóls og Iðunnarstaða.

4. Að austanverðu ræður bein stefna úr mið-sandhól suður í Smirlatjörn, þar sem hún gengur lengst til norðaustur.

Samþykkt og undirskrifað af öllum hlutaðeigendum.

Hóli 12. júní 1886.

St. Guðmundsson (fyrir hönd Fitjæiganda)

Jóh. Jónsson á Hóli

Ólafur Bjarnarson bóndi á Háafelli

Símon Jónsson á Iðunnarstöðum

Björn Magnússon Brautarstíg (sic)

Magnús Eggertsson bóndi á Tungufelli

Jónsson (sic) Gullberastöðum

Tómas Jónsson á Skarði

Lesið á manntalsþingi að Lundi 29. maí 1899 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu
N^o 106

Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs:

þingl. 75^a

bókun 25.-

1 kr.

(ein króna) Borgað Sp.

Innr. samkv. l. nr. 72 – 27/6 – 1921 14/9 '23

GBjörnsson



313.

Landamerkjabrjef.

fyrir Mófellsstaðakoti í Skorradal.

Að sunnan milli Mófellsstaða og Mófellsstaðakots, ræður bein stefna úr grjótvörðu sem stendur á kletti í Gljúfrasel (við Hornsá í há Selhól og þaðan bein stefna í Grástein sem stendur á Öldunni ofanvert á milli Mófellsstaða og Mófellsstaðakots.

Að austan er bein stefna úr Grástein á Torfvörðu niður á flóann rjett austan við svonefndan Engjalæk, úr þeirri vörðu til vesturs og í aðra torfvörðu nokkru neðar á flóanum, þaðan enn til vesturs gegnum vörðu á bakka Andakílsár í beinni stefnu á fremstu kletta Brekkufjalls; þaðan ræður Andakílsá merkjum milli Fossa og Mófellsstaðakots alt að Hornmerkjum, Að vestan milli Horn og Mófellsstaðakots ræður Hornsá ofan úr Gljúfrasel og alt þangað til kemur niður að melhorninu ofan og austanvert við túnið á Horni þar sem áin beygir til vesturs, þá ræður bein lína úr grjótvörðu sem hlaðin er á melbarminum austan og ofanvert við áður nefndan árbug í gegnum þrjár torfvörður, (þó með 3 steinum undir hverri) og í fjórðu vörðuna sem stendur neðst á mounum rjett niður við Andakílsá, skal sú varða vera hlaðin úr grjóti.

Heimil er Mófellsstaðakotinu sumarbeit til rjetta fyrir sauðfje í fjallendi Mófellsstaða, og þó girðing kæmi á Landamerkjum að ofanverðu, þá er beitinn heimil til rjetta, sumarbeit fyrir nautgripi skal vera sameiginleg fyrir Mófellsstaði og Mófellsstaðakot, þar til áður um rædd girðing kemur.

Mófellsstaðakoti 3. maí 1923.

Fyrir hönd eiganda jarðarinnar Eiríkur Sigurðsson

Samþykkur fyrir Mófellsstaði

[Samþykkur fyrir] Miðfossa Þorsteinn Pjetursson

[Samþykkur fyrir] Syðstufossa Halldór Jónsson

[Samþykkur fyrir] Horn Halldór Vilhjálmsson

Þar sem þetta brjef er ósamhljóða við landamerkjabrjef fyrir Mófellsstaði held jeg mig við það brjef.

Sveinbjörn Björnsson Heggstöðum

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7. 1923.

GBjörnsson



17/9 [1923]

314.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Háafell í Skorradal.

1. Milli Háafells og Stálpastaða eru landamerkin í beina línu, sem dregin er austanvert við Markeyrarrjett upp eftir Markargili og í vörðu þá, sem stendur austan við Rimmusund.
2. Milli Háafells og Snartastaða eru landamerkin úr sömu vörðu sjónhending í Þríhól.
3. Milli Háafells og Hólls eru landamerkin í línu, sem dregin er úr Þríhól um vörðu suðaustan við Nónflóakrikann og þaðan um vörðu suðaustan við Miðmundaklettinn og úr henni í vörðu norðan í Litlafelli og þaðan aftur í vörðu norðvestan við Stórafell.
4. Milli Fitja og Háafells eru landamerkin í beina línu dregna úr áðurnefndri vörðu norðvestan við Stórafell og um Grástein og niður í vatn.

Háafelli 25. maí 1923.

Hlutaðeigendur.

fyrir hönd Guðrúnar Guðmundsdóttir, samkvæmt umboði – Helgi Benónýsson
Björn Jóhannesson eigandi Hóls
Stefán Guðmundsson eigandi Fitja
Samþykkur vegna eiganda Stálpastaða
samkvæmt umboði Kristján Guðmundsson, Indriðastöðum.

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7. 1923.

GBjörnsson



315.

Lýsing á landamerkjum, fyrir Brennu í Lundarreykjadalshreppi.

Sett og samþykkt af undirskrifuðum mönnum.

Milli Reykja og Brennu eru landamerki þessi:

Í suður stefnu frá Lambárgljúfrum eru stór steinn merktur M (latínulettur) sem stendur á norðanverðum hálsinum, ræður þá sama stefna í stórann strýtumyndaðann stein sem er suður á hálsbrúninni, sá steinn er merktur M (latínulettur) frá þeim steini í Krosslaug og sömu

stefnu í Tunguá, en hún gjörir landamerki milli Brennu og Iðunnarstaða. Milli Brennu og Tungufells eru landamerki: austan til af Leynifitarholti, sem liggur suður við Tungu-á beina stefnu í Grástein, sem stendur sunnarlega á svo kölluðum Tungufellsflóa, Grásteinn er merktur L M (latínulettur). Svo eru merkin í Svartaklett og sömu stefnu norður yfir hálsinn í stóran stein sem stendur skamt fyrir sunnan Grímsá, sá steinn er með sama mark og Grásteinn.

Grímsá aðskilur lönd Brennu og Oddstaða

Brennu, 3. júní 1884.

Fyrir sig og alla eigendur, Einar Árnason.

Að framanskriðu landamerkjalyýsing sje rjett samþykkja undirskrifaðir.

Milli Reykja og Brennu Árni Sveinbjörnsson

Iðunnarstaða og Brennu Kristján Þorsteinsson

Tungufells og Brennu Ólafur Þorleifsson

Oddstaða og Brennu Árni Sveinbjörnsson

Lesið á manntalsþingi að Lundi 5. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.15.

Guðmundur Pálsson

Þinglestur 75 au

Bókun 25. -

1 kr.

(ein króna) Borgað

Samþykkir framanskriðu landamerkjabrjefi.

Brennu, 12. jan. 1923.

Ásgeir Sigurðsson eigandi Reykja

Magnús Gunnlaugsson Iðunnarstöðum

Vilhjálmur Hannesson Tungufelli



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Sigurður Bjarnason Oddsstöðum.

Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 2/7 1923.

GBjörnsson



Landamerki fyrir Hólmakot í Hraunhreppi.

1. Móti Laxárholti.

Úr vörðu neðan Kelduvatn; vestan við Strokkkeldu, bein lína í vik það er skerst lengst austur úr nefndu vatni milli Stokk-Keldu og hólman's í því, þaðan sjónhending austur um slakkann neðan hæstu Kelduvatnsósa um vörðu suður frá skógholtavatni og um Merkjaklett – norður frá Ungneytisásam – í torfvörðu um 20 faðma austur frá klettinum.

2. Móti Hundastapa:

Úr síðast nefndri torfvörðu bein lína suðvestur í torfvörðu við Bræðrungafljót.

3. Móti Hamraendum:

Frá Bræðrungafljóti ræður Jarðhólmalækur í Hólmakotsvatn, þaðan liggja merkin eftir endilöngu vatninu, milli hólman's og á línu vestur frá merkjavörðu Hamrenda austan við vatnið.

4. Móti Seljum:

Sjónhending frá síðasttöldum línu mótum neðan Torfhól á torfvörðu á suðurbakka Þorsteinsvatns.

5. Móti Skálanesi:

Frá síðastnefndri torfvörðu beint norður yfir vatnið í vörðu í tanga norðan það, þaðan norðvestur í mynni á skurði, er rennur í vatn þetta norðanvert þaðan ræður skurðurinn í Kárvatn og frá upptökum hans bein lína norður yfir vatnið í vörðu við Þrælagerði.

6. Móti Tröðum:

Úr síðastnefndri vörðu bein lína í vörðu vestanvert við Stokk-Keldu.

Samið og samþykkt í júlímánuði 1923.

Samþykkur fyrir Laxárholt: Geir Jónsson, Jón Guðmundsson

Samþykkur fyrir Hundastapa: Guðmundur Jónsson

Samþykkur fyrir Selja: Jóhann Jónatansson, Pjetur Þórðarson Ólafur Guðmundsson

Samþykkur fyrir Skálanes í umboði eiganda: Guðmundur Runólfsson

Samþykkur fyrir Hamraenda: Fyrir Helgu Magnúsdóttur Jón Sigurðsson

samþykkur fyrir Traðir Ólafur Sigurðsson

Eigandi Hólmakots Benedikt Þórðarson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Grjót í Þverárhlíð.

a. Gagnvart Kvía- Helgavatns- og Norðtungulandi ræður Litluþverá merkjum, eins og hún rennur nú frá Sandhóli niður á móts við Flatavörðu. Á Grjótvatn og veiði að hálfu í Litluþverá fyrir sínu landi.

b. Gagnvart Höfðalandi eru merkin þannig: Frá ánni (Litluþverá) gegnt Flatavörðu og í hana. Frá Flatavörðu sjónhending í Arnarvörðu. Frá Arnarvörðu sjónhending á Einbúa. Þaðan í vörðu á Karlsfelli. Þaðan í Hrásásvörðu. Frá Hrásásvörðu í Fanngil og ræður það merkjum upp í Mjóavatn.

c. Gagnvart Skarðshamralandi eru merkin þannig: Úr austurenda Mjóavatns eftir merkjalaut í vestur (útnorður-) enda Hróðnýjarvatns stóra.

d. Gagnvart Sigmundarstaðalandi eru merkin þannig: Frá miðju Hróðnýjarvatni hinu stóra, að sunnanverðu, í vörðu austantil á Finnsteinsbrekkum. Þaðan sjónhending í miðja Leirtjörn. Þaðan í vörðu austantil á Fosshlíð. Þaðan í vörðu á miðjum Hríshól. Þaðan sjónhending í vörðu á sandhól og frá þeirri vörðu beint í Þverá (Litluþverá).

Grjóti 5. desember 1922.

Davíð Ólafsson eigandi hálf Grjóts

Eiríkur Ólafsson eigandi hálf Grjóts

Vjer undirritaðir, sem lönd eigum að Grjótslandi viðurkennum framanritaða landamerkjalýsingu rjetta.

R.Runólfsson eigandi Norðtungu

Eysteinn Davíðsson eigandi Höfða

Margrjet Ólafsdóttir eigandi Kvía

Jón Þ. Einarsson eigandi og ábúandi Sigmundarstaða.

Einar Bjarnason eigandi og ábúandi á Skarðshömrum.

Guðmundur Sigurðsson eigandi Helgavatns.

Þinglesið á manntalsþingi að Norðtungu 3/71924

GBjörnsson



Landamerki fyrir Krók í Norðurárdal greinast þannig:

Milli Króks og Sveinatungu eftir Norðurá, frá Snagafit að Hellisá; milli Króks og Þverárrjettarafrjettar, eftir Hellisás að Hellisgili, og síðan eftir Hellisgili og sjónhending úr Hellisgildragi í háþúfu á Sýrdalsborg. Milli Hermundarstaða og Króks, sjónhending úr háu þúfu á Sýrdalsborg og vestur yfir norðurenda Sýrdalsvatna og þaðan sjónhending vestur á vörðu á einum af svo kölluðum Gíslaklettum og þaðan sjónhending í vörðu á holtinu austur af Fiskivatni, og þaðan sjónhending yfir nyrðsta krikan á Fiskivatni í skarðið sem er norðaustur af Básabrekku. Milli Króks og Háreksstaða úr norðvesturkrika Fiskivatns (eða úr Lómavík) og sjónhending norðvestur í vörðu á Merkjaborg (Háreksstaðaborg) síðan úr vörðunni á merkjaborg sjónhending í stóra stein á Snagafit við Norðurá.

Fyrir Króksengi á Deseý ræður merkjum Norðurá að sunnanverðu, svo á milli Hólsengis og Króksengis ræður garðlag með gaddavírsgirðingu, og milli Hvammsengis eftir miðri Krókskeldu sem vírgirðing ræður og milli Deseýjarengis suður í Norðurá eftir garðlagi með vírgirðingu.

Samþykkir ofanskráðum landamerkjum erum við undirritaðir eigendur og ábúendur aðliggjandi jarða.

Króki 10. júlí 1923.

Brynjólfur Bjarnason eigandi Króks.

Fyrir Hermundarstaði Guðjón Jónsson

Fyrir Sveinatungu Guðl. Hindriksson

Fyrir Háreksstaði Helgi Þórðarson eigandi Háreksstaða

Fyrir Þverárafrjett Davíð Þorsteinsson (oddviti Þverárhliðarhr.)

Samþykkir merkjum fyrir Króksengi á Deseý

Fyrir Hólsengi Gestur Halldórsson Hóli

Fyrir Hvammsengi Sverrir Gíslason Hvammi

Fyrir Deseýjarengi Hákon Jónsson Deseý.

Þinglesið á manntalsþingi að Hvammi 2/7 1924.

GBjörnsson



319.

Merkjalýsing

fyrir jörðinni Háhól liggjandi á Álftaneshreppi í Mýrasýslu, samkv. lögum frá 17. marz 1882.

1. gr.

Milli Háhóls og Langárfoss:

Sjónhending úr veituhól í neðsta Kerlingarás þar sem hlaðin er varða og merkt hjá +. Frá þessari vörðu sjónhending í há stórhól, og í sömu línu að Langá.

Grein þessa samþykkir eigandi Langárfoss:

Egill Einarsson.

2. gr.

Milli Háhóls og Hvítstaða:

Við Langá úr mynni Landamerkjakeldu sjónhending í hundapúfu á Syðstaás og þaðan í klett í flóanum svokallaðan Drang og þaðan beint í vörðu um Urriðaá.

Grein þessa samþykkir eigandi Hvítstaða.

Illugi G. Póstur

Háhóli 30. júní 1923.

Handsalað eigandi jarðarinnar.

Lilja Þorbjarnardóttir

Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 20/6 1924.

GBjörnsson



Landamerki fyrir Fornahvammi í Norðurárdal eru að vestanverðu, milli Fornahvamms og Sveinatungu; ræður Hvassá frá Norðurá og upp Hvassárdal á Innraleyti, svo á milli Fornahvamms og Þverárrjettar upprekstur, sjónhending úr Hvassá hjá innraleyti í Fellskamb í Snjófjöllum og síðan sem snjófjöll ráða austur á austur Kambshorn og þaðan í efra Búrfell, eftir svokölluðu Stórholti suður í svo kallaðan Krók á Norðurá skamt fyrir neðan efri Búrfellsá og síðan sem Norðurá ræður ofan að Hvassá.

Samþykkir ofanskráðu erum við undirritaðir.

Fornahvammi 12. júlí 1923.

Fyrir Fornahvammi Guðmundur Gíslason

ábúandi og eigandi

Fyrir Sveinatungu Guðl. Hindriksson

Fyrir Þverárrjettarafrjett Davíð Þorsteinsson (oddviti Þverárhliðarhrepps)

Þinglesið á manntalsþingi að Hvammi 2/7 1924

GBjörnsson



321.

Landamerki kringum Stálpastaðaland.

Á milli Stálpastaða og Háafells ræður merkjum næsta gil fyrir framan Stálpastaðarjett og úr því gili bein stefna norður á há hálsinn eða vörðu þá sem þar er á (sic) merki úr vörðunni beina stefnu vestur há hálsinn í háahrygg úr vörðu á háahrygg bein stefna í gunnarsgil og ræður það merkjum milli Dagverðarnes og Stálpastaða að utanverðunni niðrí vatn og ræður svo vatnið að sunnan að áður nefndu gili.

Stálpastöðum 5. júní 1885.

Gísli Ögmundsson

Ofanskrifað samþykkir Tómas Jónsson Magnús Eggertsson

Ólafur Bjarnason

Lesið á Grundarmanntalsþingi 18. júní 1886

Fyrir hönd sýslum. G.Pálssonar

Sigurður Þórðarson

Cand. jur.

Gjald 1 – ein – króna

Borg. S.P.

Innfært í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu No. 44.

Sigurður Þórðarson

settur.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6. 1921. 20/9 1923.

GBjörnsson



Landamerki fyrir afrjettarlandi Hraunhrepps í Mýrasýslu

1. Móti löndum Dalamanna:

Úr Tröllakirkju svo sem vötn deila og í miðja tjörn þá sem er í Mjóadalsdrögum, þaðan eins og vötnum hallar austan og norðan að Austurárdal, svo og eins og Bustarhryggur og hæstu Svínbjúgsleyti deila vötnum alla leið eftir hæðstu brúnum Þröskuldardals að Selárdalssneis. Þaðan um Þröskulda, Helgufell, Hvolaskarð til Hvolafjalls eins og vötnum hallar að Þröskuldardal. Aðalstefnur merkja þessara eru: Hánorður frá Tröllakirkju að Smjörhnúk; þá norðvestur og vestur frá hnúknum (Bustarhrygg) á Svínbjúg vestan miðju; þá aftur norðvestur og norður að Selárdalssneis, þaðan í boga norðvestur, vestur og suðvestur kringum Þröskuldadal í suðurhorn Hvolafjalls.

Hörðudalshreppi 19. júní 1923.

Fyrir hönd eigenda Ytri-Hrafnabjarga.

Finnur Þorsteinsson.

Guðmundur Guðmundsson (Eigandi Selárdals)

Jósef Jónasson Fremri Hrafnabjörgum.

Helgi Guðmundsson (hreppstjóri)

Pjetur Þórðarson frá Hjörsey

fyrir hreppsnefnd Hraunhrepps.

2. Móti löndum Álfthreppinga:

Úr Tröllakirkju (=Ok hjá Álfthreppingum) suðaustur Smjörhnúk – við Þórarinsdal – nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfusand niður í Grjótavatn. Úr suðaustur horni vatnsins bein lína í Álftaskörð.

Staddur að Hítardal 20. júní 1923.

Fyrir hönd Álfthreppinga Hallgr. Níelsson frá Grímsstöðum

Samþykkur fyrir Hraunhrepp Pjetur Þórðarson

3. Móti löndum Hnappdælinga.

Frá suðurhorni Hvolafjalls um Geirhnúks suðvestur eins og vötnum hallar að Snjódöllum og Vatnshlíð austan við Rögnamúla og eins og vötnum hallar að Klifsdal og þaðan um norðaustur brúnir Klifands í Hítará, þaðan ræður áin merkjum niður á móts við miðju Valfells.

Ofanrituðu eru samþykkir:

Í júlímánuði 1923.

Albert Guðmundsson Heggstöðum



Þórður Gíslason Mýrdal, umráðamaður Hróbjargarstaða
Guðmundur Magnússon Hafurstöðum

4. Móti Hítardal, Helgastöðum, Múseli og Svarfhóli:

Frá Hítará undan miðju Valfelli bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda suðvestan Þorsteinstungudal (733 m) þaðan ráða hæðstu brúnir sunnan dalsins í hæðsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni; þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu.

Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í Háheiðarkoll, þaðan bein lína yfir Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert, um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin, þaðan ráða hæstu brúnir inni Álftaskörð. Ítök eiga á Grjótárdal: Múlasel slægjublett í Ófæruflóa og Staðarhraun allar aðrar slægjur á Grjótárdal.

Í júlímánuði 1923, samþykkir

Þjetur Þórðarson hreppstjóri, fyrir hönd hreppsnefndar Hraunhrepps og umráðamaður Múlasels.

Stefán Jónsson prestur á Staðarhrauni.

Guðjón Guðmundsson eigandi Svarfhóls.

Samþykkur fyrir Helgastaði: Ingimundur Einarsson

Finnbogi Helgason eigandi Hítardals.

Þinglesið á manntalsþingi Hraunhrepps 21/6 '24

GBjörnsson



Landamerki fyrir fjallendi Álftaneshrepps í Mýrasýslu.

1. Móti löndum Dalamanna:

Merkin byrja á Sauðahrygg – sem er Klettahryggur fast við Mjóadalsá við austurhornið á Fossmúla – og liggja eftir hryggnum og hæstu brúnum Fossmúla allaleið að norðurhorni Oks (=Tröllakirkju).

Þessu eru samþykktir:

Staddir að Hóli í Harðardal 19. júní 1923.

Jósef Jónasson Hrafnabjörgum Fremri

Fyrir hönd Ytri-Hrafnabjarga

Finnur Þorsteinsson

2. Móti löndum Hraunhreppinga:

Úr Tröllakirkju (Oki hjá Álfthreppingum) suðaustan Smjörhnúk – hjá Þórarinsdal – nálægt Prengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestanvið sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfusand niður í Grjótárvatn. Úr suðausturhorni vatnsins bein lína í Álftaskörð.

3. Móti Ytri-Hraundal og Syðri-Hraundal:

Úr Álftaskörðum um norðurbrúan Jafnadals og í Hrafnagil; það ræður svo í Sandvatn, en úr gilinu þar sem það kemur í vatnið bein lína í suðurhorn Lambafells.

4. Móti Grímsstöðum:

Úr suðurhorni Lambafells bein lína í Skarðsheiðarvað á Langá.

5. Móti löndum Borghreppinga:

Frá Skarðsheiðarvaði ræður Langá inni Langavatn. Þaðan ræður vatnið eins og það nær lengst inná Langavatnsdal, þaðan ræður Langvatnsdalsá að gljúfrum Mjóadalsár og þaðan ræður Mjóadalsá að fyrstnefndum Sauðahrygg.

Staddir að Hítárdal 20. júní 1923.

Fyrir hönd Hraunhreppinga.

Pjetur Þórðarson frá Hjörsey.

Fyrir hönd Álfthreppinga

Hallgr. Níelsson frá Gímsstöðum.

Fyrir hönd Borgarhrepps

Jóhann Magnússon



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 20/6 '24

GBjörnsson



Landamerkjalysing fyrir jörðinni Beigalda í Borgarhreppi
samkvæmt lögum 17. mars 1882.

1. gr. milli Beigalda og Brennistaða engja ítaks eru merki úr norðari upptökum Brennistaðaskurðs vestur eftir stungnum skurði að merkjaþúfu, eða torfvörðu er þar er gjörð.

2. gr. Milli Beigalda og engja ítaks, frá Lækjarkoti eru merki frá fyrnefndri merkjaþúfu, til útnorðurs í merkjaþúfi.

3. gr. Milli Bóndahóls og Beigalda eru merki frá fyrnefndum merkjaþúfi eftir sýki í St. f. upp [á spássíu] sic í Jókkustapa.

4. gr. Milli Beigalda og Brennistaða eru merki frá fyrnefndum Jókkustapa í há Ekkjuholt (austarlega) þaðan beint í miðkelduholt, úr því sama stefna upp í miðjar hrísbrekkur í samkomuholt sem þar er 11 faðma sunnan alfaraveg (sýsluveg) svo ræður alfaravegur upp að Blöndulækjarvaði.

5. gr. milli Beigalda og Árnakots eru merki frá fyrnefndu Blöndulækjarvaði ræður Blöndulækur alt austur í Gufuá.

6. gr. Svo ræður Gufuá merkjum ofan að Efri enda Svörtubakka og er þar grjótvarða.

7. gr. Milli Ölvaldsstaða og Beigalda eru merki úr fyrnefndri grjótvröðu ofan til á Svörtubökkum í Krústapa, úr honum í Grástein norðanvert á Hólakotsás – þaðan ræður sjónhending í Skallagrímsspitt, úr Skallagrímspitti í Brennistaðaskurð.

8. gr. Þess ber að geta að Beigalda fylgir engjaítak við fjörðinn neðanvert við Gufuá á Gufárfít. Það engjaítak er nefnt Beigaldahringur og er hann afstunginn (með Hólakotspörtum). Ennfremur fylgir engjaítak lítið neðar á bökkunum nefnt Beigalda-Leiga.

Ofan og framanskriafaðri landamerkjalytingu erum við samþykkir allir hlutaðeigendur.

Skrifað í Desember 1883.

Helgi Sæmundsson Umboðsmaður Beigalda.

G.Sigurðsson B. Sigurðsson Eigendur Brennistaða

Þork. Þorkelsson Eigandi Lækjarkots

Bjarni Guðmundsson eigandi Bóndhóls

Jón Helgason eigandi Árnakots

Jóhann Jónsson eigandi Ölvaldsstaða

Jónas Guðmundsson eigandi Ölvaldsstaða

Oddur Sigurðsson Umboðsmaður Ölvaldsstaða

Jón Helgason eigandi Ölvaldsstaða.



325.

Landamerkjalysing

fyrir jörðinni Knarrarnesi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. Marts 1882.

1. Milli Knarrarness og Straumfjarðar ræður Saltnessáll, sem liggur fyrir vestan Búðarey og sunnan Hádegisstein í botninn á Lambeyjarál, og ræður svo Lambeyjaráll fyrir sunnan Lambeyjar, og sunnan framan Skáley til útsuðurs í sjó fram utanvert við Sandeyjarsker. Aftur upp til lands milli Knarrarness og Straumfjarðar ræður áðurnefndur Saltnessáll, fyrir sunnan saltnesin, alt inní Króksnessveg; þá ræður Hestkelda í vog þann er Eyjarleirar heita, utanvert við Ölvisholt.

Ofanskrifaða grein samþykkja Straumfjarðareigendur

Jónas Kristjánsson Herdís Sigurðardóttir Guðmundur Sigurðsson

2. Milli Knarrarness og Vogalækjar ráða Eyjasteinar, vestanvert við Vogalækjarey alt norður í Strauma.

(Ofanskrifaða grein samþykkir Ásgeir Bjarnason eigandi Vogalækjar)

3. Millum Knarrarness og Hofstaða, ráða staumarnir fyrir norðan Vörðunes og Vörðuneshólma.

Ofanskrifaða grein samþykkja eigendur Hofstaða.

I. Þorvaldsson Erlendur Sigurðsson Magnús Gilsson

(handsalað nafn)

4. Millum Knarrarness og Álftáróss ráða Straumarnir fyrir norðan Háley, en sunnan Álftáróshólma, því næst ræður sundið millum Geldingaeyjar og Melrakkaness, norður í álinn sem liggur norðanvert fram með Geldingaeyju.

Ofanskrifaða grein samþykkir eigandi Álftáróss.

Erlendur Sigurðsson

(handsalað nafn)

5. Millum Knarrarness og Hjörtseyjar ræður framhald af ál þeim, sem nefndur er í fjórðu grein sem að ending liggur í sjó fram millum Geldingaeyja og Hjörtseyjar-Lambeyjar.

Ofanskrifaða grein samþykkjum við eigendur

Hjörtseyjar.

Guðmundur Sigurðsson Jón Sigurðsson



6. Útaf Knarrarness til liggjandi eyjum liggja þessi útsker sem tilheyra Knarrarnesi:

- a) Til útsuðurs af Elliðaey liggur Skarfasker
- b) Til suðurs af Skarfaskeri liggja Selsker.
- c) Til vesturs af Selskerjum liggja Bótarsker.

7. gr. Eftir lögfestu prófastsins síra Jóns Halldórssonar fyrir Knarrarnesi af 1711 og annari lögfestu fyrir sömu jörð af sama 1715 og þriðju lögfestu 1849 af prófasti sjera Th. E. Hjármarsen sál., tilheyrir Knarrarnesi engjaítak við landamerki jarðanna Hofstaða, Krossaness og Þverholta og tveim megin Stakalækjar, sem rennur úr Heyvatni.

a) Hofstaðamegin ræður kelda sú, sem vottar sig fram á lækinn fyrir austan Stakagarðinn og alt ofan með læknum undir þrepin vestur að því keldufari sem kemur fram í lækinn fyrir sunnan stórukelduna, er gengur fram í lækinn fyrir austan Þúfnaengis-garð.

b) Krossnessmegin ræður kelda sú, sem kemur fram í þrátt nefndan læk fyrir austan spottann, og alt í þúfnanefið við þrepið og síðan sjónhending í hólma taglið í Grænueldulæk.

c) En Þverholtamegin ræður fyrir norðan Ítakið þúfnanefið sem vottar sig að sunnan af Ljósnesi úti Grænueldu, en fyrir sunnan Ítakið ræður sjónhending úr kringlótta flagi við Ljósnes, og til útsuðurs í Ítakalækinn.

Staðarhrauni 6. Nóvemberm. 1883.

J. Guðmundsson

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. Maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N 23.

þingl. --- 75^a

Bókun --- 25.- Guðm. Pálsson

1 kr.

(ein króna) borg.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1923

22/9 1923

GBjörnsson



Jeg Benedikt Björnsson, uppgjafaprestur, núverandi á Syðra-Vallnakoti í Borgarfjarðarsýslu, lögfesti hjer með eignarjörð mína Þverholt 24 hundruð að fornu mati liggjandi innan Álftaneskirkjusóknar og Smiðjuhólspinghár, innan Mýrasýslu til ystu ummerkja þeirra er aðrir í móti eiga og átölulaust hafa haldin verið meira en mannsaldur eftir hjer tilgreindum rjettum landamerkjum og örnefum. –

Að norðanverðu ræður fyrst Álftárbakkalækur, úr þeim lækjarbotni sjónhending í keldu, framan Bakkaborg, úr rhenni í Tröllasund, úr Tröllasunum í Helgutjörn, úr suðurhorni Helgutjarnar í landamerkjalækjarbotn, svo í Fljót sunnan Flengingarár, þaðan í Þrætuhól, úr Þrætuhól í Heyvatn, fyrir sunnan sker það sem liggur fyrir Ljósnesi, og í Lækjarós, úr Lækjarós og í gamla veitufarveginn, suður úr Æðavatni, eftir Æðavatni, þaðan sjónhending

sunnantil við Svartbaksvatn svo í Svartbakshól litla, sjónhending úr honum og í Arnbjargarstapa, þaðan sjónhending í Syngjanda stærri. Lögfesti og tún og töður, engi og skóga, holt og haga, vötn og veiðar, eggver, æða og alpata, og allar landsnyttjar þar tjeðri jörðu fylgt hafa, og fylgja eiga, að orðfullu og lögmáli rjettu. Fyrirbýð jeg hjeðanaf hverjum manni, að beita, yrkja, og í að vinna, eður á nokkrum hátt sjer að nytja, nefndrar jarðarland, nema fult lof og leyfi sje til núverandi umboðsmanns míns yfir jörðu þessari, fyrrum hreppstjóra herra Kristjáns Kristjánssonar á Hítardal, og sjálfs míns samþykki, að viðlögðum lagabrotssektum.

Enn, þykist nokkur granna vanhaldinn, þá skora jeg á hann, að hann í tíma og á löglegan hátt, áfríja og hnekki ef má, lögfestu þessari, ella er hún í fullu gildi branskanleg, fyrir alda og óborna.

Þessu til staðfestu er mitt eiginhandanafn og hjásett innsigli.

Vallnakoti, þann 3. Maí 1869.

B.Björnsson (L.S.)

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli þ. 25. maí 1869 og síðan ritað í afsals- og veðmálabók Mýra- og Hnappadalssýslu Ltr. D. N.197.

vitnar

Ellv. Jónassen

Borgun: settur.

þingl. 36/

bókun 12 48/

Ellv.J.

Innritað samkv. lögum nr. 72. 27/6 192125/9 1923

GBjörnsson



Landamerki fyrir Stóra-Fjalli í Borgarhrepp.

Jörðinni Stóra-Fjalli tilheyrir land alt með gögnum og gæðum til lands og vatns til þeirra ummerkja, er hjer greinir: Eftir Merartjörn, og frá henni, sem Merarkelda ræður úr þeirri keldu neðantil, sjónhending í merkjasteina á Háhellu á Þrætuás, frá þeim merkjasteinum sjónhending í Svartabakka við Stóra-Fjallslæk. Frá Svartabakka ræður Stóra-Fjallslækur alt niður í lækjamótin við Fjallstungusporð. Frá lækjarmótunum ræður Grafarlækur merkjum vestur í krókinn utanvert við Kálfhólana, þaðan sami lækur, þá nefndur Laufásalækur upp í Nautaskrök, þá enn sami lækur, nefndur Þverlækur upp um sökkur, Fyrir ofan Sökkur ræður einnig sami lækur merkjum – Þá kallaður Smiðjuásalækur upp í Fauskatjörn úr miðri Fauskatjörn sjónhending í vesturhorn Snókaborgar frá Snókaborg eftir brún, sem vötnum hallar í Seldalinn, alt að vörðu í Hólmavatnshæðum, sem Kross er höggvinn hjá. Frá þessari vörðu, ræður sjónhending í aðra vörðu austanvert við Seldalsbotn, þar er kross högginn í klöpp. Frá þeirri vörðu sjónhending í vörðu sunnan á hæðinni þaðan sama sjónhending í vörðu á brúninni móts við Kambsslakka, þaðan sama sjónhending í stóra steina í bugnum á Rauðalæk, fyrir utan Tandraselsskútásinn, og er kross höggvinn í þann steininn, sem merkin eru í. Frá þessum steinum er enn sama sjónhending yfir Silfurtjörn í vörðu, sem stendur á sljetttri klöpp norðantil á Þrengslaás, og er kross höggvinn í klöppina. Frá þeirri vörðu sjónhending í vörðu sem stendur á jarðföstum steini á Myrkáshaus, þaðan sama sjónhending í vörðu á klöpp hjá Þrælásslakka og er þar höggvinn Kross, þaðan sjónhending í norðurenda fyrritaðrar Merartjarnar.

Stóra-Fjalli, 10. ágúst 1923.

Sigurður Magnússon

Einar Sigurðsson (eftir umboði).

Ofanskrifaða merkjalýsingu höfum við undirskrifaðir eigendur og umráðamenn þeirra jarða, er lönd eiga á móts við Stóra-Fjall, sjeð og lesið, og samþykkjum hana rjetta að vera.

Fyrir Tandrasel Jón Gíslason

--- Valbjarnarvelli Guðm. Jónsson

--- Svignaskarð Guðmundur Daníelsson

--- Litlugröf Einar Guðmundsson (eftir umboði)

--- Fróðhúsum Helgi Daníelsson

--- Gljúfurá Sigurborg Þórarinsdóttir

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 30/6 1924

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir Álftanesi í Álftaneshreppi.

Landamerki jarðarinnar Álftaness í Álftaneshreppi með hennar 6 undirliggjandi hjáleigum Tanga, Einarsneskoti, Kvíslhöfða, Sigríðarseli, Fornaseli og Nauthólum eru eftirfylgjandi:

1. Að austanverðu frá sjó úr skiftiskeri sjónhending í þá djúpu keldukvísl sem er austan til við kvíslhöfða svo ræður keldan; úr henni sjónhending í Torfstapana; úr Torfstapanum í vörðu á Snöggholtunum með áklöppuðum + þaðan sjónhending í Tangaás; úr Tangaás í Kænuhól. Þetta eru landamerki millum Álftaness og Miðhúsa pláss.

2. Úr Kænuhól eftir vatninu í Ánastaðarvíkur þessi merki eru milli Álftaness og Veggja,

3. Úr Ánastaðavíkum í þá forarkeldu, sem liggur sunnan Kolásana og þaðan í há Þorsteinssholtin þessi landamerki eru á milli Álftaness og Vogalækjar.

4. Úr Þorsteinsholtum sjónhending í jarðföllin í Finnsteinskeldu; svo ræður keldan í miðjum veitustreng, þaðan beint eftir miðjum ál sunnanvert við Eina svo á miðja Röst, úr miðri Röst í sjó fram í miðt Breiðasund, þetta eru landamerki millum Álftavers og Staumfjarðar.

5. Úr Breiðasundi til austurs á sjóliggjandi lögfesti jeg þessi sker og kletta Breiðusker, Svartafles, Hnokka, Skarfaklett, Flyðrusker, Bjarnarskerin bæði vestra og það syðra, Lamasker, Fiskisker og síðan í fyr nefnt skiptisker og öll sker og hólma innan þessara takmarka.

Utan hennar hjergreindu landamerkja, liggur Þormóðssker undir Álftanes.

Landamerki þessi eru samhljóða lögfestu fyrir Álftanesi dagsett 13. júní 1807.

Álftanesi 3. október 1883.

O. Sigurðsson

Ásgeir Bjarnason (eigandi og ábúandi Vogalækjar)

Erlendur Sigurðsson Álftárósi eigandi Álftárakka Litlabæjar og Veggja

Kristján Kristjánsson (í umboð eigenda að Kothól og hálfum Miðhúsa-vesturbæ)

Jónas Kristjánsson (eigandi ½ Straumfirði)

G. Sigurðsson (eigandi að ¼ í jörðinni Straumfirði)

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. Maí

1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.29.

þingl. --- 75

Bókun --- 25

Guðm. Pálsson

1 kr.

(ein króna)

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 25/9 1923

GBjörnsson



330.

Landamerki fyrir Instavogi og Miðvogi í Akraneshreppi.

1. Millum Garða og Innstavogs ásamt Miðvogi bein lína (sjónhending) úr Einbúa í foss í Berjadalsá, sem er í ármynninu við voginn. Á þessari línu eru 2 vörður, önnur á instastapanum, hin á Æðarodda holtinu fyrir sunnan götuna. Um rekaítak, sem Garðar eiga fyrir Instavogslandi, fer eins og fornir máldagar segja.

Görðum 1. júní 1884.

Jón Benediktsson Hallgr. Jónsson
(prestur í Görðum) eigandi Instavogs.

3. Milli Innstavogs og Miðvogs ræður vogurinn og lækurinn upp að vaðinu við holtsendann, þaðan ræður bein sjónhending á Esjuenda, uppað áðurnefndum merkjum milli Garða og Innstavogs.

Miðvogs búandi skal eiga frýja beit fyrir fjenað sinn í Innstavogslandi: önnur ítök á hann þar ekki.

Hallgr. Jónsson
eigandi beggja jarðanna.

4. Milli Miðvogs og Elínarhöfða ræður bein sjónhending úr Hróðrinum, langastúrenda (s)e eða Höfðatá sem alt ber saman, í vörðu sem er hæst á Grænhól og er skurður í mýrinni á þessari línu; þaðan ræður önnur sjónhending beint inn litla-einbúa upp að Garðalandi.

P.t. Guðrúnarkoti 6. júní 1884.

Hallgr. Jónsson
eigandi Miðvogs
Ármundur Þórðarson
Gunnar Guðmundsson
Magnús Jörgensen eigendur Elínarhöfða.

2. Millum jarðanna Óss í skilmannahreppi og Instavogs í Akraneshreppi ræður Berjadalsá merkjum frá fossinum í ármynninu og eftir voginum fram til sjóar fyrir utan Arnarhólma, milli haus og Instavogsness.

Akranesi 13. júní 1884
sem eigandi Instavogs
samþykkir
Hallgr. Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samkvæmt umboði eiganda jarðarinnar
Óss samþykkir Guðl. Guðmundsson cand. jur.

Lesið á manntalsþingi að Akranesi 19. Júní 1885 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðar-
sýslu N. 43.

Þinglestur - - - 75a Guðm. Pálsson

Bókun - - - 25

1 kr.

(ein króna) borgað 1 Kr. GP.

Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921 26/9 1922.

GBjörnsson



26/9 [1923]

331.

Landamerki fyrir Áttmæling.

Að vestan ræður Bráðræðislækur frá sjó upp í klöpp í læknum neðarlega úr þeirri klöpp ræður

bein stefna rjett ofanvert við kofann á bakkanum í grjótvörðu innarlega á bakkanum og úr þeirri vörðu bein stefna í sjó fram. Reki og önnur fjörunot undir og meðfram bakkanum fylgja ekki Áttmælingnum heldur Ytrahólminum.

Gjört 12. júlí 1923.

Pjetur Ottesen

Vegna eigenda Ytrahólms og umráðamaður Áttmælings

Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 10/7 1924

GBjörnsson



332.

Landamerki fyrir Staðarhöfða.

Að utan ræður Höskuldarlækur frá sjó í vörðu sem sett er upp við lækinn áður en hann beigist

vestur á við; úr þeirri vörðu er bein lína í aðra vörðu sem er hornmark, úr þeirri vörðu bein lína á Grástein sem er í læk og ræður sá lækur merkjum milli Staðarhöfða og Miðhúsa í sjó fram.

Gjört að Miðhúsum 12. júlí 1923.

Pjetur Ottesen

Kári Sölmundarson

vegna eiganda Heyness og Dægru eigandi Miðhúsa

og umráðamaður Staðarhöfða

Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 10/7 1924.

GBjörnsson



Landamerkjabrjef Vilmundarstaða.

Að vestanverðu milli Hæginda og Vilmundarstaða eru merkin í lág þeirri, sem er fyrir vestan Kotmelinn; úr henni sjóhending fyrir austan rústirnar af gömlu byrgi, sem nú er nefnt „Grænatóft“ á hnúk þann eða hæð, sem stendur uppi á fjallinu norðanverðu. Þaðan sömu stefnu suðureftir þangað sem vötnum hallar. Sama lína niður og úr láginni fyrir vestan Kotmelinn, til ár (Reykjaldsár).

Á milli Brennistaða og Vilmundarstaða eru merkin úr Þjófaborg í vörðuborg, sem er sunnan á hálsbrúninni; og þaðan sjónhending í fremsta Rauðfoss (Beltisfoss) – Þaðan eins og Geirsá ræður til Einbúa.

Að norðan ræður Reykjaldsá.

Að austanverðu úr Reykjaldsá í síki, er skerast í útnorður í Laugareyri. Þaðan beina stefnu í

þúfu, austan til á mel þeim, sem er á milli bæjanna, vestanvert við lækinn; og þá í dý upp á hálsbrúninni, vestan til við vörðu brot það er Hádegisvarða er kölluð og þaðan í Gömlu þúfu og Einbúa.

Vilmundarstöðum 31/10 '20

Geir Pjetursson

Ofanskrifuðum landamerkjum samþykkir

Jón Ingólfsson

Helgi Þorbergsson

Jón Þorsteinsson

Páll Þorsteinsson

Guðm. Bjarnason

Árni Þorsteinsson

Þinglesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 5/7 1924

GBjörnsson



Merkjaskrá samkvæmt landamerkjalögum 17. Marz 1882 hafa hjer undirskrifaðir menn gjört landamerki fyrir Miðhúsapálzi (Miðhúsum, Kothól og Litlabæ) í Álfthaneshreppi og á þau sáttir og sammála orðið að hjer eftir vera skyldu fyrir alda og óborna, þessi:

1. Milli Miðhúsapláz og Lambastaða úr skiptiskeri í Ársker og í ármynni svo ræður áin að Draugholtsskurði svo skurðurinn að upptökum hans, hvar varða úr torfi er hlaðin, þaðan sjónhending í Landamerkjaholt með áklöppuðum +; eftir sömu línu á Varðholt og þaðan í upphlaðna torfvörðu á Blikavatnsbakka eftir sömu línu yfir Blikavatn í vörðu við slakka í Gensás.

2. Milli Miðhúsapláz og Leirulækjarsels úr fyrnefndri Grensásvörðu, sjónhending út í Kolviðarholtsnorðurenda með áklöppuðum +.

3. Milli Miðhúsapláz og Álfthaness úr Kænuhól sjónhending eftir Vörðuás og eftir sömu línu yfir Tangaás í vörðu á Snöggholtum með klöppuðum + á, þaðan sjónhending í Torfstapa og eftir sömu línu í Djúpukeldu, þaðan sjónhending í Skiptisker.

Framanskriðu til staðfestu okkar undirskriðuð nöfn.

Miðhúsum h. 2. okt. 1883.

Kristján Kristjánsson

Jónas Kristjánsson

(Kothólseiganda vegna að ¾)

(Kothólseigandi að ¼)

Oddur Sigurðsson

Kr. Kristjánsson

(sem ráðamaður Miðhúsa 17 hundraða) (í umboði eiganda Miðhúsa að 4 hundruðum

Þorvaldur Þorkelsson

E.Kr. Erlendsson

(handsalað ábúandi Litlabæjar) (ábúandi á Lambastöðum)

Þórður Pjetursson

Erlendur Sigurðsson

(ábúandi á Lambastöðum)

(Álftárósi)

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. Maí 1884

þingl. 75 a

Guðm. Pálsson

Bókun 25

1 kr.

Rjetta útskrift staðfestir:

Ritlaun 50 aur

stimplun 50 - -

G.Björnsson

1 – ein króna Borgað

Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921

26/9 1923

GBjörnsson



Landamerkjabrjef fyrir jörðunni Grenjum í Álftaneshrepp

Fyrst ræður Langá merkjum alla leið frá Skarðsheiðarvaði niður eftir, að landamerkjakeldu þar sem hún rennur í Langá hjá landamerkjarúst. Milli Hvítstaða og Grenjalands, ræður bein sjónhending merkjum frá landamerkjakeldu í Landamerkjatjörn; þaðan bein sjónhending við hina fyrri sjónhendingu í Fauskakeldu þar sem hún rennur í Urriðaá. Síðan ræður Urriðaá merkjum milli Grenja og Grímstaða alla leið þangað, sem hún hefur upptök sín; þaðan beina sjónhending í Þverbrekkukast (það kastið, sem liggur næst hinu vestasta), þaðan sjónhending í Mannabeinsholt, þaðan aftur sjónhending í Þverdalsholt (sem er hátt holt með háu Klettabelti að sunnanverðu) þaðan ræður sjónhending merkjum í fyrnefnt Skarðsheiðarvað.

Fyrir hönd þeirra jarða, sem land eiga að:

Fyrir Grenja	Þorsteinn Þórðarson
--- Grímstaði	Níels Eyjólfsson
--- Hvítstaði	Sveinn Helgason
--- Litla Fjall	Jóhann Guðmundsson
--- Stangarholt	Jóhann Guðmundsson

Grenjum 1. apríl 1884.

Þorsteinn Þórðarson

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. Maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.27
Þingl. 75

Bókun 25 Guðm. Pálsson

1 kr.

(ein króna) borg.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 26/9 1923

GBjörnsson



336.

Landamerkjalysing fyrir jörðinni Arnarstapa í Álftaneshrepp.

Jörðinni Arnarstapa tilheyrir land allt að þeim ummerkjum sem hjer greinir.

Að norðanverðu ræður Hestlækur frá því hann rennur í Álftá austur á móts við Hallberuholt, svo sjónhending úr Hallberuholti í x klappaðan í klöpp á Þraelás og þaðan sjónhending í norðasta vikið á Brókarvatni. Þá ræður Brókarvatn í neðstavikið þá sjónhending úr áður nefndu vatnsviki í Bílduholt, og þaðan beint yfir neðsta Raðhól (Bólsholt) í grjótvörðu á Skáney og þar hjá högginn x. Þaðan beint í grjótvörðu í Grenás þaðan sjónhending í vörðu á Langholti og þaðan í torfvörðu við Landakeldu, svo ræður Landakelda ofan í Álftá og svo ræður Álftá að fyrst greindum Hestlæk.

Gjört að Arnarstapa í desembermánuði 1922.

Guðrún Ketilsdóttir

Ofanskriðuð landamerki samþykkjum við hlutaðeigendur með undirskriðuðum nöfnum okkar.

Eiríkur Eiríksson eigandi og ábúandi að Álftárbakka

Niels Guðnason eigandi og ábúandi á Valshamri

Guðmundur Árnason eigandi og ábúandi í Álftártungu

Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 20/6 1924.

GBjörnsson



Landamerkjalyking á Hamri í Þverárhlið.

Þverá ræður merkjum frá Klapparnefi því sem gengur út í hana fyrir sunnan Fauskás niður að Hamarslæk, þar sem hann fellur í ána, þá ræður Hamarslækur upp fyrir Náttmálaás í Trússapolla, þá upp eftir Skáladal utanverðum, og upp úr honum austanvert við Berjalág, þá eftir holtunum að austanverðu við Berjalág í vesturenda Skálavatns, þá ræður Skálavatn, úr þess miðjum austurenda eftir smáholtunum milli sundanna sjónhending yfir háu borgina í norðari víkina á vesturendanum á Fiskivatni (Hamarsvatni). Þá ræður Fiskivatn og úr þess miðjum austurenda í stein þann er liggur í sundinu fyrir austan vatnsendann frá steinum eftir sundinu sjónhending í lítið holt norðanvert við vesturenda Grensás, þá suður yfir brekkuna í vesturenda Grensáss í slakkann á Fögruhlíð, þá eftir slakkanum þvert suður yfir Fögruhlíð í dýið í Fögruhlíðarsundi, frá dýinu þvert suður yfir holtin og sjónhending austarlega í Hamrana, þá yfir Hamrana eftir slakkanum austanvert við vörðuna og í Hamrasundið austanvert við pollana þaðan suður yfir holtin sjónhending í ~~Stórub~~ Stórubrekku (Merkjabrekku) yfir miðja brekkuna og suður yfir flatann í lítið lágt holt á jöðrunum, þaðan sjónhending yfir Flóann í Grástein, er liggur í flóanum fyrir norðan Fauskás, frá Grásteini sjónhending suður yfir Fauskás í Þverá ofanvert við klapparnef það sem fyrst er nefnt. Jörðin Hamar á landspart á Dysey í Norðurárdal er takmarkast af Háreksstaða og Uppsala löndum að sunnanverðu; af Glitstaðalandi að vestan, af Bjarnadalsá að norðan og af Hraunsnefslandi að austanverðu sjást takmörk þessi af litlu garðlagi en að sunnanverðu er einkennileg sjerstök þúfa neðarlega í svonefndu „Hópi“ og eru merki austur eftir Hópinu, sjónhending frá nefndri þúfu, miðuð í Reiðskarð eða Stóragil á Bjarnadal.

Hamri 30. júní 1923.

Þorsteinn Sigurðsson eigandi Hamars.

Davíð Þorsteinsson eigandi Arnbjargarlækjar og Svartagils.

Helgi Þórðarson eigandi Háreksstaða.

Einar Bjarnason eigandi Hraunsnefs

R.Runólfsson eigandi Norðtungu

Þórður Ólafsson eigandi Brekku.

Hermann Þórðarson eigandi Glitstaða

Eysteinn Davíðsson eigandi Höfða.

Þinglesið á manntalsþingi að Norðtungu 3/7 1924

GBjörnsson



Landamerkjalyking fyrir Þorgautsstaðalandi í Hvítársíðuhreppi.

Þessar jarðir eiga lönd að fyrir nefndri jörðu, sem hjer greinir. Fróðastaðir, Ásbjarnarstaðir, Sleggjulækjarland, Síðumúlasellandi, og Háafell. – Milli Þorgautsstaða og Fróðastaða, þaðan sem svo kallað Merkjagil, fellur í Hvítá, sem gilið ræður upp fyrir brún eftir þeirri stefnu, norður þangað, sem vötnum hallar norður, þaðan sjónhending austur brekkubrúnina norðanvert við einbúa, og svo sjónhending, austur hjá Þorgautsstaðatjörn, síðan sjónhending áfram austur í Skjaldmeyjargilsdrög, þaðan sjónhending austanvert við einstakahamar, og þaðan í stóran stein, sem stendur á mel við eystra giljatungugil, og högginn kross á steininn, þaðan ræður sjónhending suður fyrir brún, ofan í svonefndan merkjaklett, merktur L M, úr honum beint, í torfvörðu sunnantil í flögunni og þaðan í grjótvörðu á melnum fyrir sunnan rimann þaðan ræður dagmálalýna í Hvítá. Svo ræður Hvítá eptir miðjum árfarveg ofan til merkjagils.

Þorgautsstaðir eiga frýjan upprekstur, fyrir ofan Kjarará, í almenningsafreitti.

Þorgautsstöðum 18. apríl 1890

Davíð Þorbjarnarson

ábúandi og eigandi meiri hluta Þorgautsstaða.

Ólafur Davíðsson eigandi að 7 hundruðum í Þorgautsstöðum

Þessum landamerkja [svo] samþykkjum við undirskrifaðir

Þjarni Jónsson, eigandi að hálfum Síðumúla

(handsalað Þ.Líndal)

Þiðrik Þorsteinsson eigandi og ábúandi á Háafelli

(handsalað) G. Snorrason

Sigríður Halldórsdóttir ábúandi á Fróðastöðum, umráðandi hálftrar Síðumúlaeignar og eigandi að nokkru. (handsalað)

Ólafur Davíðsson, eigandi Sleggjulæks.

Helgi Einarsson, eigandi og ábúandi á Ásbjarnarstöðum

Lesið á manntalsþingi að Sámstöðum 16. maí 1890 og

ritað o.s.frv.

Gjald til landssjóðs

þingl. - - - 75a

Sigurður Þórðarson

bókun - - - 25-

1 kr.

(ein króna) Bg. SP.

Rjetta útskrift staðfestir

Gjald: 6. apríl 1910

25 – tuttugu og fimm

Sigurður Þórðarson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

aurar – Borgað SP.

Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921 26/9 1923

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Hítárdal í Hraunhreppi

1. Móti afrjettarlandi Hraunhrepps:

Frá Hítará undan miðju Valfelli bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda og úr henni sama lína í hæstu bungu suðvestan Þorsteinstungudal (733m); þaðan ráða hæstu brúnir dalsins (Þorst.t.dals) að sunnan og í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni; þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu.

2. Móti Helgastöðum: Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í stein á vestri brún Sljettaskarðs, þaðan beint í ytri vörðuna á Skútás, þaðan bein lína í lítinn klettstapa norðan Stekkjargil, þaðan beint vestur yfir tunguna þar sem Sandalækur kemur í Fljótalækinn, þaðan beint yfir hraunið í miðjan Stórhól þaðan í miðjan Grjóthól við Stígaveg.

3. Móti Staðarhrauni (=Haga):

Úr miðjum Grjóthól bein lína í vörðu við Hítará, norðan Kattarfoss.

4. Móti Völlum og Hróbjargarstöðum (Eyðijarðir)

Þar ræður Hítará merkjum frá síðastnefndri vörðu alt inn á móts við miðju Valfells, sem er fast við ána að norðvestan.

Þannig endursamin í júní 1923 og samþykkt af undirskriftuðum:

Pjetur Þórðarson hreppstjóri, fyrir hreppsnefnd Hraunhrepps.

Samþykkur fyrir Staðarhraun: Stefán Jónsson (sóknarpr.)

Samþykkur fyrir Helgastaði: Ingimundur Einarsson

Eigandi Hítárdals Finnbogi Helgason.

Samþykkur hvað Hróbjargarstaði og Velli tilheyrir:

Þórður Gíslason hreppstjóri Mýrdal

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924.

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir Innri-Skeljabrekku í Andakílshrepp.

Samkvæmt lögum um landamerki frá 28. nóv. 1919 eru:

Landamerki jarðarinnar Innri-Skeljabrekku í Andakílshreppi Borgarfjarðarsýslu sem hjer segir:

1. Milli Innri-Skeljabrekku og Hvanneyrar og Ausu, ræður Andakílsá frá Svartastokk austur á móts við Rústarengisstokk.

2. Milli Innri-Skeljabrekku og Neðri-Hrepps frá Andakílsá í Rústarengisstokk og ræður stokkurinn merkjum það sem hann nær í Hreppskeldu, upp eftir henni í torfvörðu með grjóti sem bygð er á norðurbakka keldunnar, úr vörðu þessari beina línu í Vörðuhóla, þar sem þeir eru hæstir (þar er grjótvarða), þaðan beina línu í Skrokksgil, þar sem það fellur í Klettaþröng niður af efri brúnum (gilið er vestantil í Moshólum). Þaðan í vörðu, sem er í beinni línu við vörðu suður undir Hrafnagili, og sem er nánar ákveðin í landamerkjabrjefi Ytri-Skeljabrekku.

3. Milli Innri- og Ytri-Skeljabrekku, úr síðast nefndri vörðu, beina línu vestur í skarð í efri brúnum, er næst liggur tjarnardalnum (sést þar í hlíðinni lítið eitt vestar mót af hringmynduðu fjárbirgi). Úr skarðinu beina línu í eystri og norðari hólinn, sem er austanvert við upptök Ytri-Skeljabrekkulækjar, þaðan í vörðu á neðstu fjallsbrún, þaðan beina línu í torfvörðu neðan til við túnin, úr torfvörðunni ræður skurður meðfram engjabraut í stokk milli Konuengis og Brúarengis, ræður svo stokkurinn merkjum áfram niður í Andakílsá. Innan framan greindra landamerkja eiga þessar jarðir engja ítök. Hvanneyri, svo nefnt Kirkjuengi, Efri-Hreppar 2 engja (ítök) stykki, sem nú er eign Sigurðar Jónssonar í Görðunum Hálsar tvö engja stykki, sem kölluð eru stóri og litli Hálsahringur. Hvammsengi og Neðra-Hreppsengi, Ennfremur er talið að þessar jarðir hafi slægna ítök: Miðfossar, Miðfossaengi, Syðstufossar, Fossodda, Horn þrjú engjastykki og Grjóteyri. Í kringum greind engjaítök, eru skír merki og ágreiningslaus.

Innri-Skeljabrekku 25. júní 1923

Einar Þórðarson

Guðmundur Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 30/6 1924

GBjörnsson



6/10 [1923]

341.

Því dæmist rjett vera:

Landamerki milli Neðra-Hrepps og Innri-Skeljabrekku skulu vera. Bein lína úr Stokksgili í Vörðuhól þar sem hann er hæstur og þaðan bein lína í Hreppskeldu þar sem mætast rás undan melnum og rás ofan úr mýrinni og ræður síðan keldan í Rústarstokk niður í Andakílsá.

Kr. Linnet

Afrit Við undirritaðir sem vorum í áreiðardómi á milli jarðanna Innri-Skeljabrekku og Neðra-Hrepps, lýsum því hjer með yfir að þar sem talað er um í nefndum dóm í Rústarstokk í Andakílsá, þá meintum við að það væri bein lína úr nefndum stokk í Andakílsá.

Staddir að Innri – Skeljabrekku 16. júlí 1923

Hjörtur Hansson

Grjóteyri

Ólafur Davíðsson

Hvítárvöllum

Jeg undirritaður, sem var dómari í ofanefndu máli, er samdóma ofanrituðum meðdómsmönnum að það álit, sem þeir lýsa eitt, hafi hlotið að vera meining merkjadómsins. Þetta vottast eftir beiðni.

Reykjavík 23. júlí 1923.

Björn Þórðarson

Að þetta sje rjett afrit staðfestir

Guðmundur Jónsson

Hjer með óska jeg eftir að þið gefið ákveð svar um hvort þið nú viljið skrifa undir landam. brjef einar [svo], eftir hins vegar ritaða sönnun – Með öllu óþörf málaferli. Gjörið svo vel að skrifa á þetta já eða nei, og sendið það strax til baka.

s.t. á Sk. Brekku 2. sept. 1923.

Virðingarfylst

Stefán Björnsson

Nei Guðrún Þorsteinsdóttir Neðra Hrepp

NB

Frekari tilraunir til samkml. verða ekki gjörðar

SBj.

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 30/6 1924

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Tungufelli í Lundarreykjadalshreppi.

Að austan á milli Brennu og Tungufells, norðan frá, eru merki úr steini merktum L M – latínu letur, er stendur á Hrísás, skamt frá Grímsá, beina stefnu suður í Svartaklett, sem er sunnanvert í Tungufellsmúla, frá honum bein stefna í Grástein er stendur á Tungufellsflóa, frá Grásteini bein stefna suður í Leynifitarholt við Tungá.

Frá Leynifitarholti ræður Tungá merkjum að sunnanverðu, niður á móts við vörðu, sem er vestan við Merkjalág.

Frá vörðunni eru merki, að vestanverðu í beina stefnu norðan í gráan stein, merktan L. M. – latínuletur – frá honum bein stefna í Nyrðri-tjörn frá henni bein stefna í mynni lækjar þess er fellur í Grímsá, austanvert við Fossholtið.

Frá lækjarmynninu ræður Grímsá merkjum að norðanverðu, austur á móts við áður umgetin stein á Hrísás.

Ofan skráð landamerki, samþykkjum vjer undirritaðir hlutaðeigendur.

Tungufelli 15. júlí 1923.

Fyrir hönd eiganda Tungufells

Vilhjálmur Hannesson

Vegna Brennu Jón Pálsson

Vegna Hóls Björn Jóhannsson

Vegna Brautartungu Gunnar Einarsson

Vegna Oddstaða Sigurður Bjarnason

Vottar:

Þorst. Tómasson

Árni Kristjánsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 7/7 1924

GBjörnsson



Landamerkjabrjef fyrir jörðunni Arkarlæk samkvæmt lögum 17. marz 1882.

Að innanverðu ræður lækur sá, sem kallaður er Ytritungulækur þar sem hann fellur í sjó og ræður hann merkjum uppeftir flóanum, og beina sjónhending úr þeim læk í festi þá sem næst er Kjalardalnum og ræður festin merkjum upp fjallsbrúnina, síðan úteftir brúninni að festi þeirri sem liggur upp undan stórum kletti sem stendur í fjallsrótunum og beina sjónhending úr klettinum í efri enda lækjar þess sem kallaður er Markalækur og ræður lækur sá merkjum ofan í sjó.

Arkarlæk þ. 4. júní 1884.

Jón Jónsson

Bjarni Guðlaugsson bóndi í Kjalardal

M.Einarsson bóndi á Bekánsstöðum

Lesið á manntalsþingi á Hvítanesi 23. júní 1886

Sigurður Þórðarson

Gjald til landsjóðs

þingl. --- 75a

bókun --- 25—

1 kr.

(ein króna)

Rjetta útskrift staðfestir

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 15. marz 1915.

Ritlaun: 0.25

Sig. Eggerz

-tuttugu og fimm aurar

Borgað S.E.

Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921.

8/10 1923.

GBjörnsson



8/10 [1923]

344.

Landamerkjaskrá fyrir Fellsaxlarkot sem byrja þar sem Bæjarlækurinn fellur í Urriðaá og svo ræður Urriðaá þar til Brunná fellur í hana, og ræður Brunná svo merkjum upp að Svartafossi og svo beina sjónhending frá Svartafossi vestur melana í svokallaðan Hellufoss í Bæjarlæknum og ræður Bæjarlækurinn þar til hann fellur í Urriðaá sem fyr er getið.

Fellsaxlarkoti 22. marz 1922.

Gunnar Bjarnason bóndi Fellsaxlarkoti
Jóhann Símonarson bóndi Litlu-Fellsöxl
Jón Gíslason bóndi Stóru-Fellsöxl.
Gísli Gíslason (bóndi í Litla-Lambhaga)

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 10/7 1924

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Múlastöðum í Andakílshreppi.

I. Milli Múlastaða og Eyrar. Úr Flókadalsá beina ~~stefnu~~ línu suður á háháls, og þessi merki: Torfvarða sem stendur á móa niður undir ánni, hár klettur sem stendur á merkjaholti ofan til við miðjan flóann og þaðan svo í vörðu sem stendur á melhól neðst á hálsinum í Grjótvörðu sem er á háhálsinum, skamt fyrir austan helluborg.

II. Milli Múlastaða, Arnþórsholts og Skálpastaða. Eftir hálsinum, í vörðu, sem er vestan til á hnettinum, skammt fyrir vestan hnattarsundið. Vatnahalli ræður merkjum.

III. Milli Múlastaða og Varmalækjar: Frá hnattarvörðunni sjónhending í hábungu Miðaftansklettssins, sem er norðan verðu í hálsinum, þaðan sjónhending í Illagil, sem rennur í Flókadalsá framanvert við hornið á Bótinni stendur varða á gilbarminum.

IV. Milli Múlastaða, Brúsholts og Skóga, ræður Flókadalsá, að merkjum milli Eyrar og Múlastaða.

Varmalæk 30. júlí 1923.

Herdís Sigurðardóttir eigandi að hálfum Múlastöðum
Oddgeir Guðmundsson

Framanskriðu landamerki samþykkið við undirritaðir.

Vegna Varmalækjar Herdís Sigurðardóttir

Lárus Guðmundsson Eyri

Þorsteinn Þorsteinsson fyrir Brúsholt

Magnús Sigurðsson Arnþórsholti

Júlíus Bjarnason Skógum

Guðm. Auðunnsson Skálpastöðum

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 30/6 1924

GBjörnsson



Landamerkjabrjef Horns í Skorradal, Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum um landamerki N^o 41. 28. nóv. 1919 eru landamerki Horns í Skorradalshreppi í Borgarfjarðarsýslu sem hjer segir:

Að austan milli Horns og Miðfellsstaða ræður Hornsá landamerkjum frá ~~upp~~ upptökum niður að „Gljúfraseli“ þar tekur við land Mófellsstaðakots. Hornsá ræður áfram landamerkjum milli Horns og Mófellsstaðakots niður á austari gilbrún þar sem gil þrengsliu enda.

[Á gilbarmi þessum skal varða standa. Frá henni virðist sjónhending í vörðu við „Hornssýki“, sem er sem er sunnanvert Andakílsár og rennur í Kotslæk. Úr vörðunni við Hornssýkið ræður Hornssýki og Kotslækur merkjum niður að Andakílsá]

Milli Horns og Fossa ræður Andakílsá landam.

Milli Horns og Efri-Hrepps ræður landamerkjum Álfbeinsá frá Andakílsá upp að Kirkjutungugili.

Milli Horns og „Kirkjutunguá“ ræður Kirkjutungugil upp í Kletta.

Horn á ennfremur þrjá engjabletti á Suðurengjum við Andakílsá.

Stærsti bletturinn nefnist „Stóri Hringur“.

Að norðan rennur Andakílsá og ræður þar merkjum, að austan er „Rústarengjastokkur“, á Innri-Skelja-Brekka, land að stokknum að austanverðu. Sunnanverðu er grafinn skurður. Liggur hann á milli Rústarengisstokks og grafklofnings úr Fitjastokki, sem er álma úr „Svartastokk“. Hálsar eiga land sunnanvert við skurð þennan.

Að vestanverðu er gamall skurður og á Neðri-Hreppar land fyrir vestan.

Annar bletturinn er nefndur „Þrætunef“. Hefir það fylgt Horni og verið nytjað þaðan eins lengi og núlifandi menn muna. Þessi blettur er fremsti oddinn, sem myndast á milli stokkklofanna, er liggja í áðurnefndan Fitjarstokk, Að sunnanverðu liggur engi Innri-Skeljabrekku, og má nú greinilega sjá ^[á spássíu] NB. (þúfnagarð) ^{manna (sic með annari hendi)} á milli Þrætunefsins og Innri-Skeljabrekkuengisins.

Í meðalári fæst af blett þessum um 6 hestar af heyi. Þriðji bletturinn er nefndur Litlihringur, liggur hann vestanvert við vestari klofning Fitjarstokks, sem takmarkar blettinn að austanverðu upp að þverskurði, sem liggur frá austri til vesturs á Konuengisstokk. Að vestanverðu ræður merkjum krókótt kelda á milli „Litlahrings“ og Grjóteyrarengis. Liggur keldan að sunnan frá nefndum þverskurði norður og niður í svonefndan „Folaldsfjall“ og þaðan út (norðu[r]) sic í stokkinn. Er það aðeins neðar (vestar) en áðurnefndur þúfnagarður á milli Þrotanefs og Innri-Skeljabrekkuengis kemur í stokkinn hinu megin að norðanverðu. Af blett þessum eru taldir að vera í meðalári 25–30 hestar af heyi.

Hvanneyri 30. des. 1922.

Samþykkur vegna Horns Halldór Vilhjálmsson

Samþykkur vegna Miðfellsstaða Sveinbjörn Björnsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

ósam. vegna Miðfellsstaðakots Eiríkur Sigurðsson
vegna Miðfossa Þorsteinn Pjetursson
vegna Syðstu-Fossa Halldór Jónsson
vegna Efri Hrepps Jóhann Þórðarson
vegna Hálsa Runólfur Arason
vegna Innri-Skeljabrekku Einar Þórðarson
vegna Grjóteyrar Hjörtur Hansson
vegna Neðri Hrepps Guðrún Þorsteinsdóttir

Vitundarvottar:

Þorgils Guðmundsson
Einar Jónsson

Í stað innilokaðrar málsgreinar á fyrstu síðu komi:

Austanvert á gilbarmi þessum stendur grjótvarða. Úr henni miðist sjónhending gegn um þrjár torfvörður á mounum með þremur stórum steinum undir hverri í grjótvröðu stóra er stendur neðst á mounum rjett niður við Andakílsá.

Með þessari breytingu er jeg undirskrifaður Eiríkur Sigurðsson ábúandi Miðfellstaðakots í heild sinni samþykku landamerkjabrjefi Horns í Skorradal.

Hvanneyri 20. maí 1923.

Í umboði eiganda Mófellsstaðakots.

Eiríkur Sigurðsson

ábúandi Mófellsstaðakoti

Vitundarvottar:

Ólafur Davíðsson
Sigurður Gíslason

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 8/7 1924

GBjörnsson



347.

Kirkjutungur.

Í Skarðsheiði í Skorradal í Borgarfjarðarsýslu á Hvanneyrarkirkja land er nefnist „Kirkjutungur“. Landamerki eru þessi:

Að vestanverðu ræður Álfsteinsá alla leið upp í Kletta. Á Efri-Hreppur land þar á móti að vestan. Að austan ræður „Kirkjutungugil“, liggur það neðan frá Álfstúnsá og upp í kletta milli Kirkjutungna og Hornslands.

Hvanneyri 30. des. 1922.

Samþykkur vegna Kirkjutungna Halldór Vilhjálmsson
[Samþykkur vegna] Efri Hrepps Jóhann Þórðarson

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 8/7 1924

GBjörnsson



348.

Landamerkjabréf Skógarkots í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Hvanneyri á eyðijörð undir Tungukolli, sem heitir Skógarkot. Landamerki jarðarinnar eru þessi.

Skógarkot á alt land fyrir ofan götu milli innra Seleyrargils og Djúpagils, sem er næsti lækur fyrir innan Silungalæk.

Hvanneyri 2. febr. 1923.

Samþykkur vegna Skógarkots: Halldór Vilhjálmsson

[Samþykkur vegna] Hafnar: Þórunn R. Sívertsen

[Samþykkur vegna] vegna Grjóteyrar: Hjörtur Hansson

Vitundarvottar:

Einar Jónsson

Þorgils Guðmundsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 30/6 24

GBjörnsson



349.

Landamerkjabrjef
Kvígstaða í Andakílshreppi Borgarfjarðarsýslu,

Samkvæmt lögum um landamerki N^o 41, 28. nóv. 1919 eru landamerki Kvígstaða í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu eins og hjer segir:

Milli Kvígstaða og Hests. Úr „Digruvörðu“ beina línu í Hestlandbrot á „Músarklett“.

Milli Kvígstaða og Heggstaða: Þverbeint úr Hestlandbroti í „Músarklett“, úr honum í vörðu yfir ~~Gálga~~ ^{Gálganum} úr þeirri vöru beina línu í vörðu syðst á Grímsstaðaselsholti.

Milli Kvígstaða og Grímarstaða: Úr vörðunni á syðri enda Grímarstaðaselsholts sjónhending á „Skrauta“ í Skrauthólum.

Milli Kvígstaða og Vatnshamra: Úr „Skrauta“ beina línu í vörðu yfir „Grænulág“ og úr henni í „Strák“.

Milli Kvígstaða og Fossa: Úr „Strák“ beina línu á „Karl“ og úr Karli í Digruvörðu.

Niður við Hvítá, austan við Hvítárós liggur engjablettur, sem lengi hefir fylgt Kvígstöðum. Að vestan rennur Hvítá, norðan Vallastokkur, en að austan er skurður, sem liggur út í Vallastokk og skilur Kvígstaðaengið frá Hestsenginu að austanverðu. Að sunnanverðu er skurður sem aðskilur það frá Hvítárósenginu.

Í janúarmánuði 1923.

Samþykkur vegna Kvígstaða: Halldór Vilhjálmsson

[Samþykkur vegna] Hests Eiríkur Albertsson

[Samþykkur vegna] Heggstaða Ólafur Davíðsson

[Samþykkur vegna] Grímarstaða Teitur Símonarson

[Samþykkur vegna] Vatnshamra Jón Guðmundsson

[Samþykkur vegna] Mið-Fossa

[Samþykkur vegna] Syðstu-Fossa Halldór Jónsson

Á eftir orðunum „úr Strák“ komi: sjónhending á hábunguna á suðurenda Rásarholts og um „Karla“ í Karlsbrekkum beina línu í Digruvörðu. Með þessari athugasemd er jeg framanrituðu landamerkjabrjefi samþykkur.

Samþykkur vegna Miðfossa Þorsteinn Þjetursson

Vitundarvottar:

Þorgils Guðmundsson

Einar Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 30/6 1924.

GBjörnsson



Landamerkjabrjef Hvanneyrar í Andakílshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum um landamerki N^o 41 28. nóv. 1919 eru landamerki Hvanneyrar í Andakílshreppi Borgarfjarðarsýslu sem hjer segir: Að vestanverðu ræður merkjum meginkvísl Hvítár. Fyrir neðan Hvítárós beygir hún vestur á við fyrir norðan „Skáleyrina“ og rennur á milli „Hvanneyrarklaks“ og Ölvaldsstaðaklaks og þaðan beint út í Borgarfjörð.

Að sunnan ræður Andakílsá merkjum sunnanvert við Ausuhólmana báða og „Grjóteyrarklakk“ ofan frá Stórahamri alt út í Borgarfjörð. Er Klakkurinn eign Hvanneyrar.

Milli Hvanneyrar (Ausu) og Vatnshamra að austan liggja merkin úr þúfu á áðurnefndum „Stórahamri“ við Andakílsá beina línu um þúfu á austanverðu Geitarholti og þaðan áfram beint í Vatnshamravatn að sunnanverðu. Þá ræður Vatnshamravatn merkjum á kafla, uns komið er norður að svonefndum „Pálstanga“. Er það austasti endinn á smá hólma, sem nú er orðið, og liggur vestanvert í Vatnshamravatni [Á milli Hvanneyrar og Bárustaða liggja merkin úr „Pálstanga“ í vörðu á Vatnsholtinu utanverðu. Úr þeirri vörðu á Vatnsholtinu liggur merkjalínana beint í vörðu, sem stendur fyrir neðan mela við efri endann á skarði, sem grafinn er á merkjum og liggur niður í Bárustaða eða Staðarhólstjörn].

Úr Staðarhólstjörn liggur garðbrot í austur alla leið inn að Grímarstaðastokk, sem liggur í Vallastokk. Að austanverðu eða ofan við tjörnina og garð þennan liggur Bárustaðaengi en að vestan eða neðan liggja Kirkjutungur og Ásgarðsengi Hvanneyrar.

Að norðanverðu milli Ásgarðsengis og Bárustaðaengis ræður merkjum sjónhending úr vörðu á Bárustaðaborg og í stóran stein, sem liggur norðvestur á garði, sem er merkjagarður á milli Ásgarðsengis og Bárustaðaengis að ofanverðu, en Hestengis að neðanverðu. Liggur merkilína þessi um stein, sem liggur rjett sunnan við neðri endann á „Bárustaðabru“ Garður sá, sem áður var nefndur og aðskilur Ásgarðsengi og Kirkjutungur frá Hestengi að norðan, liggur í vestur alt ofan að leirstokk, sem nefndur er „Kvígstaðastokkur“. Liggur hann norður í Vallastokk og greinir Hestengi að austan frá „Kvígstaðaengi“ að vestan. Úr því ræður Vallastokkur merkjum vestur í Hvítá á milli Hvanneyrarlands og Hvítárvalla.

„Kvígstaðaengi“.

Milli „Kvígstaðastokks“ að austan, Hvítár að vestan, Vallarstokks að norðan og „Hólsskurðs“ að sunnan liggur „Kvígstaðaengi“. Kvígstaðir í Andakílshreppi, sem er eign Hvanneyrar, hafa haft slægjuafnot af engi þessu, en Hvanneyri hefir haft veiðirjett allan í Hvítá fyrir landinu, alt norðan frá Vallastokk og það áfram niður úr út á miðja Hvítá, að undanskilinni „Hólslæju“, sem fylgt hefir Hvítárósi.

Hvanneyri 2. febr. 1923.

Samþykkur vegna Hvanneyrar: Halldór Vilhjálmsson

[Samþykkur vegna] Ytri-Skeljabrekku: Guðmundur Jónsson

[Samþykkur vegna] Hafnarengis: Þórunn R. Sívertsen



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[Samþykking vegna] Syðstu Fossa: Halldór Jónsson
[Samþykking vegna] Neðri-Hrepps: Guðrún Þorsteinsdóttir
[Samþykking vegna] Vatnshamra: Jón Guðmundsson
[Samþykking vegna] Bárustaða: Teitur Símonarson
[Samþykking vegna] Hests: Eiríkur Albertsson
[Samþykking vegna] Hvítárvalla: Ólafur Davíðsson
[Samþykking vegna] Miðfossa: Þorsteinn Pjetursson
[Samþykking vegna] Innri-Skeljabrekku: Einar Þórðarson
[Samþykking vegna] Ferjubakka: Sig. Fjeldsted

Samþykking framanrituðu landamerkjabréfi Hvanneyrar vegna Ölvaldsstaða:
Jón Björnsson Fyrir hönd sambýlismanna minna Bergþórs Bergþórssonar og Jóns Guðmundssonar
handsalað Jón Björnsson

Vitundarvottar: Samþ. framanskráðu landamerkjabréfi Hvanneyrar
Þorgils Guðmundsson vegna Grjóteyrar.
Einar Jónsson [vegna] Árdals: Sigurður Þórðarson

Veiðitök.

Hvanneyrarkirkju fylgir veiðirjettur allur í Andakílsárfossi og í ánni ofan að „Hrafnagili“.
Ennfremur á Hvanneyrarkirkja veiðirjett í Grímsá Ber henni 1/8 – einn áttundi – hluti úr laxveiði í „Laxfossi“.

Hvanneyri 20. febr. 1923.

Samþykking vegna Efra Hrepps Jóhann Þórðarson
Neðra Hrepps Jón Jónsson
[Samþykking vegna] Syðstu-Fossa Halldór Jónsson
[Samþykking vegna] Miðfossa Þorsteinn Pjetursson
[Samþykking vegna] Hests Eiríkur Albertsson
[Samþykking vegna] Þingness Jón Hjálmsson

Með þeirri breytingu sem nú er á orðin og felst í meðfylgjandi af mjer samþykktu skjali er jeg landamerkjabréfi Hvanneyrar í heild sinni samþykkingur.

Hvanneyri 10. maí 1923.
Teitur Símonarson

Vitundarvottar:
Þorgils Guðmundsson
Einar Jónsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Í staðinn fyrir innvinklaða grein er falli burtu í landamerkjabrjefi Hvanneyrar þar sem getið er um landamerki á milli Hvanneyrar og Bárustaða komi:

Á milli Hvanneyrar og Bárustaða liggja landamerkin úr austasta enda „Pálstanga“, sem áður er nefndur í vörðu á Vatnsholtinu utanverðu. Úr þeirri vörðu liggur merkjalínan um stóran stein á Melnum utanvert við ytrilág. Þar sem nú er hlið á landamerkjagirðingu Hvanneyrar og Bárustaða. Eru stafirnir H B. höggirnir á hann. Úr þeim steini liggja merkin um vörðu, er stendur í brekkunni neðan við melinn og þaðan beint eftir sömu línu ofan í Bárustaða eða Staðarhólstjörn. Þessi lína stefnir áfram í „Litlurás“ á Kvígstaðaengi sem er milli tveggja grjóthóla sunnanvert við Hvítá, rjett austan við Hvítárós.

Að öðru leyti gildir alt, sem stendur í landamerkjabrjefi Hvanneyrar um landamerki Hvanneyrar og Bárustaða.

Hvanneyri 10. maí 1923

samþykkur vegna Hvanneyrar Halldór Vilhjálmsson

[Samþykkur vegna] Bárustaða Teitur Símonarson

Vitundar vottar

Þorgils Guðmundsson

Einar Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 30/6 1924.

GBjörnsson



Landamerki fyrir Geirshlíðarkoti.

Að sunnan ræður Geirsá austur í Spóavörðu sem er neðst á Brennistaðaflögu, þaðan beina línu yfir stóra steina á efri merkjamelnum og yfir klett sem er vestan við miðhöfðann, norður í Kjalvararstaða sandhól, þá vestur hálsinn í vestasta litlaholt, þaðan sjónhending suður í gilið er rennur milli Geirshlíðar og Geirshlíðarkots ofan að háu Geirshlíð sem er eign Geirshlíðarkots, þá gilið ofan í Geirsá. Ennfremur á Geirshlíðarkot land sunnan Geirsár í svokölluðu Þrándarholti, til þriðjunga við Geirshlíð.

Gjört á Brennistöðum 22. júlí 1923.

Sveinbjörn Sveinsson

Samþykkur

Árni Þorsteinsson

Guðm. Bjarnason

Jón Pjetursson ábúandi Geirshlíð

Sigurbjörg Ívarsdóttir Snældubeinsst.

Þinglesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 5/7 1924

GBjörnsson



Landamerki fyrir Litla Kroppi.

Að norðan milli Stóra Kropps og Litla Kropps úr Kroppsmúlanum í garðlag fyrir ofan Silungalæk til Geirsár að sjá í stóra vörðu á Steðjaásnum. Milli Hamra og Litla Kropps hornmerki Klettnef við upptök Kliflækjar, þaðan í syðri enda á Klettastalli þaðan austur beint í vörðu á Saurtjarnarhæð.

Hornmerki milli Geirshlíðar og Litla Kropps að austan: Úr áðurnefndri vörðu í stóran stein á brúninni fyrir ofan Slakkabörð, þaðan beina línu í ytri Grænstapa á mel sunnan Geirsár, sem er hornmerki líka þaðan ræður Geirsá til áður greindra merkja milli Litla-Kropps og Stóra-Kropps.

Árið 1923 Eggert Guðmundsson Waage ábúandi og eigandi Litla Kroppsins.

Jón Pjetursson ábúandi á Geirshlíð.

Kristleifur Þorsteinsson ábúandi og eigandi Stóra Kropps

Þorsteinn Þorsteinsson ábúandi Brúsholti

Björn Ívarsson ábúandi í Steðja

Sigurður Helgason ábúandi og eigandi Hömmrum [svo]

Þinglesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 5/7 1924

GBjörnsson



8/10 [1923]

353.

Landamerkjabréf fyrir jörðinni „Efra-Hrepps“ í Skorradalshreppi.

Að austan ræður Álfsteinsá uppí Álfsteinsbotna, úr Andakílsá svo langt upp eftir sem vötnum

hallar. En að utan, úr Andakílsá upp eftir ræður „Hrafnagil“; og svo rjett sjónhending upp eftir, þar til mætir miðjum „Miðfitjahól“. Austur eftir í hann miðjan (þar skal varða standa), eftir honum miðjum og rjettsýnis austur eftir, þar til mætir upptökum á fyrirskrifuðum Álfsteinsbotnum. Að norðanverðu ræður Andakílsá.

Efri – Hrepp 5. janúar 1921.

Jóhann Þórðarson

Ofanskriafaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir.

Þorsteinn Þjetursson

Gísli Arnbjarnarson bóndi á Syðstufossum

Jón Jónsson Neðri Hrepp

Einar Sveinsson Leirá

Halldór Vilhjálmsson Hvanneyri

Til sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu

Þinglesið á manntalsþingi að Hvitárvöllum Grund 8/2 1924.

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir Neðra-Hrepp í Skorradalshreppi

Samkvæmt lögum um landamerki frá 28. nóv. 1919, eru landamerki jarðarinnar Neðra-Hrepps í Skorradal í Borgarfjarðarsýslu ákveðin sem hjer greinir:

1. Milli Efra- og Neðra-Hrepps ræður Hrafnagil – frá Andakílsá, alt út í Hrafnagilsbotn. Þar skal varða standa. Frá Hrafnagilsbotni beina stefnu í Miðfitjahól.
2. Milli Leirár og Neðra-Hrepps eru merkin frá Miðfitjahól bein lína í Svartatind.
3. Milli Árdals og Neðra-Hrepps frá Svartatind beina línu í Sjónarhól.
4. Milli Ytri-Skeljabrekku og Neðra-Hrepps, frá Sjónarhól í vörðu á Vörðuhrygg þaðan beina línu í aðra vörðu sem er í beinni línu við Skrokksgil þar sem það fellur ofan af brúninni.
5. Milli Innri-Skeljabrekku og Neðra-Hrepps eru merkin úr fyr nefndri vörðu beina línu í Skrokksgil þar sem það fellur ofan af brúninni, þaðan beina línu í Vörðuhól þar sem hann er hæðstur – þar stendur varða.

Frá Vörðuhól beina línu í vörðu með steini undir er stendur við rás frá Grænukeldu. Ræður þá rásin frá fyrnefndri vörðu í Grænukeldu og svo Grænakelda í Rústarstokk og þá Rústarstokkur úr því í kvísl úr Andakílsá er rennur fram með Rústarengi ræður þá kvíslin í Andakílsá.

6. Milli Ausu og Neðra-Hrepps, ræður Andakílsá merkjum [innskot] sjá GII 903
7. Milli Vatnshamra og Neðra-Hrepps, ræður Andakílsá einnig merkjum.
8. Milli jarðanna Mið og Syðstu-Fossa ann[a]rs vegar og Neðra-Hrepps hins vegar ræður Andakílsá merkjum [innskot] sjá BII 840 að undanskildum tveimur hólum, sem fyrgreind á hefir gert frá skila Neðra-Hreppslandi, með því að brjóta sér nýjan farveg í landi Neðra-Hrepps.
9. Ennfremur fylgir Neðra-Hrepp flæðengjastykki á Suðurengjum, er gefur af sjer í meðalári 150 hesta. Merki þess eru þessi: Að norðanverðu Andakílsá.
Að austanverðu milli Hornsengis og Neðra-Hreppsengis ræður lágur merkjagarður.
Að sunnan ræður Svartistokkur.
Að vestan ræður leirstokkur er liggur í norður frá Svartastokk, það sem hann nær, en þaðan ræður svo bein lína merkja í leirgróf er gengur frá Andakílsá milli Kirkjuengis og Neðra-Hreppsengis.

Neðri-Hrepp 14. febr. 1923.

Samþykkur vegna Neðra-Hrepps: Guðrún Þorsteinsdóttir

[Samþykkur vegna] Efra-Hrepps: Jóhann Þórðarson

[Samþykkur vegna] Árdals Sigurður Þórðarson

[Samþykkur vegna] Ytri-Skeljabrekku Guðmundur Jónsson

[Samþykkur vegna] Innri-Skeljabrekku

[Samþykkur vegna] Horns Halldór Vilhjálmsson

[Samþykkur vegna] Ausu Halldór Vilhjálmsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[Samþykktur vegna] Vatnshamra Jón Guðmundsson
[Samþykktur vegna] Mið-fossa Þorsteinn Pjetursson
[Samþykktur vegna] Syðstu-Fossa Halldór Jónsson
[Samþykktur vegna] Hvanneyrar Halldór Vilhjálmsson
[Samþykktur vegna] Leirár Einar Sveinsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hvitárvöllum Grund 8/7 1924.

GBjörnsson



8/10 [1923]

355

Landamerkjalyking

fyrir jörðinni Miðsandi í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Að utanverðu milli Miðsands og Brekku ræður Markalá(g) merkjum neðan frá sjó, og upp að

þjóðvegi. Þaðan sjónhending upp á Merkisdal, af Merkisdal upp á Brekkukamb, þaðan sjónhending í vörðu, sem er hornmark milli Brekku og Miðsands. Svo austur með Grafardalslandi, sem liggur að norðanverðu austur í vörðu sem er hornmark milli Miðsands og Litlasands. Svo þaðan ofan lækinn sem fellur austast ofan í Miðsandsdal. Svo ræður lækurinn merkjum ofan í ána og svo áin fram í sjó eins og hún rennur núna.

Miðsandi 9. júlí 1923

Ólafur Illugason ábúandi

Jón Helgason

Magnús Gíslason

Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 9/7 1924

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir Dysey í Norðurárdal.

Milli Hvammsengis og túnsins eru merkin úr steini á bakkanum við Bjarnadalsá í vestur endann á garði með-fram túninu svo eftir garðinum og áfram beina línu norður í Dyseyjarkvísl, þá ræður Dyseyjarkvísl á milli Hraunsnefs og Dyseyjar og Bjarnadalsá á milli Hraunsnefs og Brekku annarsvegar og Dyseyjar hinsvegar. Á milli Dyseyjarengis og Hvammsengis eru merkin úr miðjum pollinum í Krókskeldu, sjónhending í vesturendann á Dysunum, þá eftir há Dysunum og svo ræður gaddavírsgirðing norður í Dyseyjarkvísl. Á milli Galtarhöfða og Dyseyjarengis eru merkin eftir vesturbrún lautar þeirrar er liggur eftir Galtarhöfðaengi endilöngu suður í Dyseyjakvísl. Á milli Uppsala og Dyseyjar ræður Norðurá merkjum. Á milli Króksengis og Dyseyjar ræður gaddavírsgirðing merkjum.

Dysey 9. júlí 1923

Hákon Jónsson

Samþykktur vegna Hvamms Sverrir Gíslason

Samþykktur vegna Hraunsnefs Þorbjörn Ólafsson

Samþykktur vegna Brekku Þórður Ólafsson

Samþykktur vegna Króks Brynjólfur Bjarnason

Samþykktur vegna Uppsala Helga Teitsdóttir eigandi Uppsala.

Samþykktur vegna Galtarhöfða Vigfús Bjarnason

Þinglesið á manntalsþingi að Hvammi 2/7 1924.

GBjörnsson



Landamerki fyrir Hvalseyjum í Hraunhreppi.

Hvalseyjar liggja í hvirfingu og eru þessar helztar: Húsey, Kjaransey, Sandey, Þernuklettur, Hópey, Skáley, Búðarey, Stóri-hólmi og Litlihólmi. Milli þeirra og í kringum þær er fjöldi skerja, smærri og stærri, er tilheyra eyjunum. Yzt í hringnum og hæst eru Skarfasker norðvestast, Dyngjur – 2 sker – að norðaustanverðu, Stólpar að suðaustan, sandeyjarsker að sunnan og Arnarklettur að suðvestan.

Út frá nefndum eyjum og skerjum, svo og smærri skerjum þar út frá, ásamt öllum sundum þar á milli, liggur merkjalína í opinn sjó kringum eyjarnar og skerin í þeirri fjarlægð frá stórstraumsfjörðu borði þeirra, sem lög mæla fyrir.

Að norðan koma saman merki Hvalseyja og Akra í næsta sundi framan við Miðleiðasker.

Samið og samþykkt í júlímánuði 1923.

Stefán Jónsson, eigandi Hvalseyja hálfra
(prófastur á Staðarhrauni)

Jón Ólafsson frá Tröðum eigandi 3/7 eyjanna

Fyrir hönd Bjarna prófests Símonarsonar á Brjánslæk, eiganda e 1/14 eyjanna; Stefán Jónsson Staðarhr. (eftir umboði)

Fyrir hálfra Akra, Helgi Ásgeirsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Skutulsey í Hraunhreppi.

1. Móti Vogu:

Úr Klofasteinum vest-suðvestur í sjó fram allfjarri hinum stærri skerjum frá báðum hliðum.

2. Móti Tröðum:

Úr Klofasteinum suður beint í hæsta steininn á skerinu við Skutulseyjarsund austan Linghólma, þaðan bein lína austur, – er stefnir á vörðu á norðurenda Þórðarholts – í álinn suðaustur af Sundhólma.

3. Móti Skálanesi:

Þar ræður aðal állinn í leirunum vestan Skálanes og austan eyjar og hólma suður og suðvestur þar til merkjavörðu á Halldórsholti ber framan við Tangann neðan Einarshjalla.

4. Móti Seljum og Hjörsey.

Þar ræður állinn í leirunum frá Skálanesi-merkjum vestan Reiðstein og Kríusker, Seljarhólma, Stokka og Odda ásamt smáskerjum, en sunnan Skutulseyjarsker og Boðatær syðri útá rúmsjó.

Samið og þannig samþykkt í júlímánuði 1923.

Fyrir eiganda Vogs: Sigurður Einarsson ábúandi.

Eftir umboð fyrir eiganda Traða: Ólafur Sigurðsson

Eftir umboði fyrir eiganda Skálaness: Guðmundur Runólfsson

Eigendur Selja og Hjörseyjar: Jóhann Jónatansson

Þjetur Þórðarson Ólafur Guðmundsson

Fyrir eigendur Skutulseyjar: Þjetur Þórðarson hreppstjóra

Fyrir Helgu Magnúsdóttur Jón Sigurðsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Skálanesi í Hraunhreppi.

1. Móti Tröðum:

Sjónhending úr aðal-ál eða renslí í leirnum suðaustur af Sundhólma um vörðu á norðurenda Þórðarholts í vörðu á Móholti, þaðan beint í Imbustein, þaðan bein lína í Tvívörður, þaðan beint í vörðu hjá Þrælagerði.

2. Móti Hólmakoti:

Úr síðastnefndri vörðu sjónhending yfir Kárvatn í skurðinn niður úr því, þaðan ræður skurðurinn í Þorsteinsvatn, þá bein lína frá skurðmynninu í vörðu í tanga suður með vatninu austanverðu, þaðan suður yfir vatnið, í torfvörðu á suðurbakka vatnsins.

3. Móti Seljum:

Úr síðastnefndri vörðu bein lína í vörðu á kletti norðan við djúpt skarð í Belholtum, þaðan vestur í vörðu vestast í sömu holtum, þaðan vestur yfir Belavatn í vörðu á holti, þaðan beint í vörðu á Halldórsholti og þaðan vestur yfir leirinn neðanvert við Einarshjalla beint í Skutulseýjarál.

1. Móti Skutulsey:

Þar ræður állinn eða aðal renslíð í leirnum upp á línu þá er í upphafi er hjer nefnd.

Samið og samþykkt í júlímánuði 1923.

Eftir umboði eiganda Traða: Ólafur Sigurðsson

Eigandi Hólmakots: Benedikt Þórðarson

Eigendur Selja Jóhann Jónatansson Ólafur Guðmundsson

Fyrir eigendur Skutulseýjar: Pjetur Þórðarson hreppstjóri

Fyrir Helgu Magnúsdóttir Jón Sigurðsson

Fyrir eiganda Skálaness, eftir umboði

Guðmundur Runólfsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Tröðum í Hraunhreppi.

1. Móti Laxárholti:

Úr Merkjafljóti, sem er í Vogslæk, bein lína 90 metra austur í torfvörðu við rúst í engjunum, þaðan bein lína vestur yfir hornið á Kýrfinstjörn í hæstu þúfu á Kýrfinsás, þaðan sjónhending suðvestur vestan tanga norðan Laxárholtsvatn, yfir vatnið og tanga neðan það og í torfvörðu á flöggunni nálægt veginum, þaðan bein lína um Fjárþólsstapa suðaustur í vík það er gengur lengst vestur úr Kelduvatni neðantil, norður frá Gilsseli, og þaðan bein lína í sömu stefnu austur yfir vatnið og tanga neðan það og í vörðu vestan við Strokkskeldu.

2. Móti Hólmakoti:

Úr nefndri vörðu vestanvert við Stokkkeldu bein lína í vörðu við Þrælagerði.

3. Móti Skálanesi:

Úr síðastnefndri vörðu beint í tvívörður, þaðan beint í Imbustein, þaðan sjónhending um vörðu á Móholti í vörðu á norðurenda Þórðarholts, þaðan eftir línu, er stefnir í Skutulseyjarsund og nær í renslu eða ál þann í leirunum, sem merkjum ræður milli Skálaness og Skutulseyjar.

4. Móti Skutulsey:

Síðastnefnd lína úr álnum vestan Skálanes, í hæsta steininn á skerinu við Skutulseyjarsund austan Linghólma, þaðan bein lína norðvestur í Klofasteina.

5. Móti Vog:

Úr Merkjafljóti ræður Vogslækur og svo Hjallavogur og loks bein lína úr honum miðjum sunnan Mjóanestá í Klofasteina.

6. Traðir eiga engjar í Laxárholtsslandi í Álftaveitu og við Álftavatn, þær takmarkast af Steinatjörn að vestan Álftaveituskurði og Álftavatni að norðvestan; af Skíðsholtamerkjalinu 220 faðma suður frá vatninu að norðaustan, að suðaustan og sunnan ráða holtajaðrar niður að grjótvörðu og úr henni bein lína í torfvörðu við keldu austan norðausturenda Steinatjarnar; loks ræður keldan í tjörnina.

7. Laxárholt á rjett til mótaks og fjörubeitar í Traðalandi; það á ennfremur norðasta hólmann í Laxárholtsvatni innan Traða landamerkja.

Samið og samþykkt í júlímánuði 1923.

Samþykkir fyrir Laxárholt: Geir Jónsson Jón Guðmundsson

Samþykkur fyrir Skálanes og eftir umboði: Guðmundur Runólfsson

Samþykkir fyrir eigendur Skutulseyjar:

Pjetur Þórðarson hreppstjóri

Fyrir Helgu Magnúsdóttir Jón Sigurðsson

Samþykkur fyrir Vog Sigurður Einarsson – ábúandi að Vog –

Samþykkur fyrir Hólmakot Benedikt Þórðarson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Fyrir eiganda Traða eftir umboði: Ólafur Sigurðsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924.

GBjörnsson



Landamerkjalyising fyrir jörðina Litli-Kálfalækur.

1. gr. Milli Skiphyls og Litla-Kálfalækjar ræður landamerkjakelda milli Hvítár og Kljáholtssenda neðri. Þaðan ræður sjónhending í vörðu á Krúholti þaðan í Grástein og úr honum í Tvísteinalág við Norðlæk.

2. gr. Milli Kálfalækjanna ræður Norðlækur þar til hann fellur í Kálfalæk og síðan ræður Kálfalækur út á móts við Landamerkjaholt.

Sigurður M. Þorsteinsson

Jón Oddson, eigendur Stóra-Kálfalækjar

3. gr. Milli Akra og Lt. Kálfalækjar ræður Kálfalækur frá Landamerkjaholti vestur í Hítará.

4. gr. Milli Hítarness og Lt. Kálfalækjar ræður Hítará, vestanvert við Vörðuvaðshólma, þar til

Landamerkjakelda fellur í hana.

Gjört að Litla-Kálfalæk 25. janúar 1923

Magnús Sigurðsson

Fyrir ¼ Akra Jón Sigurðsson

Fyrir ½ Akra Samþ. Helgi Ásgeirsson

Fyrir ¼ Akra Helgi Jakobsson

Fyrir Skiphyl Jón Jónsson

Halldóra Snorradóttir

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924

GBjörnsson



9/10 [1923]

362.

Landamerki fyrir jörðinni Múlaseli í Hraunhreppi

1. Móti Helgastöðum:

Tálmi ræður merkjum frá því að Grjótá fellur í hann upp á móts við Nónnef, þaðan beint í Grástein á Grensás, þaðan bein lína um stóran stein skamt frá múlanum upp í há múlann – Múlaselsmúla –, þaðan eftir hæsta hrygg múlans norð austur í Háheiðarkoll.

2. Móti afrjettarlandi Hraunhrepps:

Úr Háheiðarkolli bein lína í Grjótásós, þar sem áin hefir upptök úr vatninu.

3. Móti Svarfhóli og Staðarhrauni:

Þar ræður Grjótá frá því að hún fellur úr Grjótárvatni uns hún fellur í Tálma. Múlasel á slægnaftak á innanverðum Grjótárdal í Ofanflóa.

Endursamið og samþykkt í júlímánuði 1923.

Þjetur Þórðarson umráðamaður Múlasels og í umboði hreppsnefndar fyrir afrjettarlandið.

Stefán Jónsson, umráðamaður Staðarhrauns.

Guðjón Guðmundsson eigandi Svarfhóls.

Samþykkur fyrir Helgastaði: Sigmundur Einarsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924.

GBjörnsson



Landamerki fyrir Hamrenda í Hraunhreppi.

1. Móti Hundastapa:

Úr torfvörðu við Bræðrungafljót – í Jarðhólmalæk – bein lína í háan standklett norðan við sundið norðan Kolásmel þaðan beint um vörðu í keldu, er kemur í Álftá neðan Tröllshamar.

2. Móti Álftárósi:

Frá síðastnefndri keldu ræður Álftá og dýpsti áll hennar í leirunum fram á móts við Áróshólma að vestan, þaðan ræður sjónhending suðvestur yfir leirana í gamla árálinn austan Enghólma og ræður sá áll fram fyrir sunnan Enghólma og svo vestur framan Steðja og í aðal álinn sem kemur fram vestan hólmana.

3. Móti Hjörsey:

Frá síðasttöldum merkjum bein lína norðvestur framan Stakasker og Hamrendanes, þar til að

saman bera merkjavörður á landi milli Hamrenda og Selja, þaðan ræður lína beint norður á nefndarvörður austan Sandtáareyri uns Skutulseyjarkúsið ber í syðri Þrengsli (þ.e. Keldukjapt).

4. Móti Seljum:

Eftir síðasttaldri norður línu, austan Sandtáareyri, um torfvörðu norðan dýpstu kelduna sem kemur í voginn vestan Hamrenda og í grjótvörðu hina næstu norðaustan Grensás, þaðan bein lína í vestur um vörðu nærri Hólmakotsvatni og vestur í miðju vatnsins í stefnu norðan til við Torfhólinn.

5. Móti Hólmakoti:

Þar liggja merkin norðaustur eftir endilöngu vatninu, milli hólmana og í mynni Jarðhólmalækjar, þaðan ræður lækurinn upp í Bræðmundafliót.

Samið og samþykkt í júlímánuði 1923.

Samþykkir fyrir Hjörsey og Selja: Pjetur Þórðarson Ólafur Guðmundsson Jóhann Jónatansson

Samþykkur fyrir Hólmakot: Benedikt Þórðarson

Fyrir Helgu Magnúsdóttir Jón Sigurðsson

Samþykkur fyrir Hindarstapa Guðmundur Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924.

GBjörnsson



Landamerki fyrir Hjörsey í Hraunhreppi.

1. Móti Skutulsey: þar ræður aðal-állinn sunnan Boðahellu og Boðatær, inneftir vestan Odda og Stokka og smásker þar í grend, alt inn undir Seljahólma.

2. Móti Seljum: Úr álnum framan og vestan Seljahólma austur um vestri Þrengsli, suðaustur miðja Keldu, um syðri Þrengsli og þaðan bein lína austur fyrir Sandláareyri (Skutulseyjarhús um Syðri Þrengsli) þar til saman bera merkjavörður á landi milli Hamrenda og Selja.

3. Móti Hamrendum:

Frá Seljamerkjum bein lína suður og fram undan síðastnefndum vörðum, þar til kemur fram fyrir Hamrendanes, þá bein lína suðaustur (Hofstaðahús gömlu innan við háa klettinn austur af Geldingaey) framan nesið og Stakasker í áralinn vestur og fram af Hamr[a]endahólmum.

4. Móti Knarrarnesi:

Frá síðastnefndum merkjum állinn norðan og vestan Geldingaey, suðaustan Lambeyjar og skerir fram af þeim og austan við Hval; þaðan bein lína í sjó fram milli Bótarskerja.

5. Hjörsey fylgja öll sker suður, suðvestur og vestur af eyunni, innan þeirra merkja er getur um í 1. og 4. lið.

Samið og samþykkt í júlí 1923.

Eigendur Hjörseyjar og Selja. Pjetur Þórðarson Ólafur Guðmundsson Jóhann Jónatansson
Samþykkur fyrir Hamraenda og Skutulsey:
Fyrir Helgu Magnúsdóttir Jón Sigurðsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Seljum í Hraunhreppi.

1. Móti Skutulsey:

Þar ræður állinn eins og hann er um fjöru, vestan Seljahólma, Kríusker og Reiðstein norður leirinn, uns vörðu á Halldórsholti ber neðanvert við tangann við Einarshjalla.

2. Móti Skálanesi:

Úr álnum eftir línu þeirri, er síðast var getið neðan Einarshjalla í vörðu á Halldórsholti, þaðan í vörðu á holti vestan Belavatn, þaðan austur yfir vatnið í vörðu á vestanverðum Belholtum, þaðan beint í vörðu á Kletti norðan við djúpt skarð í eystri Belholtum, þaðan beint í torfvörðu á suðurbakka Þorsteinsvatns.

3. Móti Hólmakoti.

Bein lína úr síðastnefndri torfvörðu neðan Torfhól austur á mitt Hólmakotsvatn – stefnan í stóra vörðu nálægt vatninu að austanverðu.

4. Móti Hamr[a]endum:

Frá miðju Hólmakotsvatni í vörðu þá, er síðast var nefnd, þaðan beint í grjótvörðu þá næstu norðaustur af Grensás, þaðan suður flóasundið um torfvörðu norðan veginn vestan Hamrenda og sama lína beint vestan Hamr[a]endanes, þar til Skutulseyjarhúsið ber í syðri þrengsli.

5. Móti Hjörsey

Frá Hamrendamerkjum – austur af Sandtáareyri – bein lína um syðri þrengsli norðvestur, keldu og vestri þrengsli alla leið í Skutulseyjarál, neðan Seljahólma.

Samið og samþykkt í júlímánuði 1923.

Samþykkir fyrir Hjörsey og Selja: Jóhann Jónatansson Pjetur Þórðarson Ólafur Guðmundsson

Fyrir Skutulsey og Hamrenda: Fyrir Helgu Magnúsdóttur

Jón Sigurðsson

Samþykkur fyrir Skálanes: Guðmundur Runólfsson

Samþykkur fyrir Hómakot: Benedikt Þórðarson

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 21/6 1924.

GBjörnsson



31/10 [1923]

366.

Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu

N.126.

Landamerki fyrir jörðinni Beitistöðum í Leirársveit innan Borgarfjarðarsýslu.

1. Milli Lækjar- og Beitistaða í ~~Leirársveit innan Borgarfjarðarsýslu.~~ Frá Þúfu í Króarholtshaus sjónhending í stóran stein á litlum mel fyrir vestan Miðholt og í þúfu á bakkanum vestan-sjóarholt og út í Laxá.

2. Milli Mið-Leirárgarða og Beitistaða.

Frá áðurnefndri þúfu á Króarholtshaus sjónhending í neðri Ásbjarnarhól og austur að ánni Leirá.

3. Milli Vogatungu og Beitistaða ræður áin Leirá merkjum og sjónhending á miðjan hamar úti Laxá eftir gjörðum merkjum torfvörðu. Þaðan ræður Laxá að áðurgreindum merkjum milli Lækjar og Beitistaða.

Fyrir Beitistaði Magnús Ásbjörnsson
fyrir Vogatungu Böðvar Sigurðsson
Auðunn Vigfússon ábúandi á Vestur-Leirárgörðum.

Lesið á manntalsþingi að Leirá 7. júní 1890 og ritað etc.

Sigurður Þórðarson

Gjald til landsjóðs

þingl. 75 a

bókun 25 a

1 Kr.

(ein króna) Borgað SP

Rjetta útskrift staðfestir

Kr. Linnet (L.S)

Gjald:

50 – fimmtíu au. K.L.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 31./10. 1923.

GBjörnsson



Landamerki milli Garða á Akranesi og aðliggjandi jarða:

1. Milli Garða og Óss:

Frá fossi þeim í Berjadalsá, er hún fellur fram í sjóarósinn, ræður Berjadalsá upp í Grjótkeldu mynni, þaðan sjónhending í hinn hæsta stapa á Grjótkelduásun, þaðan í Merkisklett, er stendur í Slæjubarði, upp þangað er Merkisásar liggja í beinni línu; þaðan sjónhending eftir Merkisásun endilöngum úti Berjadalsá.

11. júní 1884.

Jón Benedictsson fyrir hönd Garðalands
St. Bjarnason sem eigandi að Ós.

Rjett ritað eftir mjer sýndu frumriti undirskrifuðu með þekktanlegri hendi þeirra sjera Jóns Benedictssonar og Stefáns sýslumanns Bjarnasonar.

Sýslumaðurinn í Mýra og Borgarfjarðarsýslu
p.t. Akranesi 6.jan. 1889.
Sigurður Þórðarson

2. Milli Garða og Innstavogs:

Sjónhending úr fossi þeim á Berjadalsá, er hún fellur fram í Blautós, í Einbúa (hinn stærri). Á línu þessari eru tvær vörður; önnur á innsta stapanum, hin á Æðaroddaholtinu. Rekaítak Garða fyrir Innstavogslandi stendur áhaggað eins og fornir máldagar greina.

9. júní 1887

Jón Sveinsson fyrir hönd Garðalands
Hallgr. Jónsson eigandi Instavogs.

3. Milli Garða og Elínarhöfða:

Heldur áfram hin sama sjónhending og milli Garða og Innstavogs, úr Einbúa upp á flóann, þangað til komið er á línu þá, er dregin sje bein úr Litlaskúta í sjónhending í Bleikdalsgljúfur, og er það merkjalína milli Kalmannsvíkur og Elínarhöfða. Þar sem tjeðar 2 línur skerast skal setja hornmarksvörðu á flóann.

9. júní 1889.

Jón Sveinsson fyrir hönd Garðalands
Ásmundur Þórðarson
Magnús Jörgensen



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gunnar Guðmundsson eigendur að Elínarhöfða.

4. Milli Garða og Skagalands.

Bein sjónhending frá Grásteini í Krókum í Fornmannakross markaðan í klöppina fyrir utan Brekkubæjartún, og þaðan aftur sömu sjónhending í Leirgróf að austanverðu.

20. júní 1887

Jón Sveinsson fyrir hönd Garðalands

Jón Jónsson

Hallgr. Jónsson

Guðrún Gísladóttir (handsalað)

Jón Pálsson handsalað

Magnús Magnússon

5. Milli Kross og Garða.

Úr Garðaselsskúta sjónhending ofan í Lönguásaenda ofanverða og svo sjónhending eftir Lönguásabrunum framanverðum þar sem hæstar eru yfir hvamma alla beint að sjó og svo úr neðri enda á Lönguásum og ofan í litla Tannaberg og þaðan beina sjónhending ofan í Lækjarfarveg þann, er finst niður við sjóinn í svokölluðum Leynir fyrir ofan malarkampinn og úr þeim lækjarfarveg í sjó niður og sjest um fjöruna stór steinn út í sjónum, er stendst á við þessa sjónhending, er sumir hafa viljað halda landamerkjastein upp á rekatilkall. Þess skal ennfremur getið að lækur sá eða lækjarfarvegur, sem myndar takmörk á milli Kross og Garða er af litla Tannbergi að sjá beint í línu við „Syðri Þjótinn“ á Hvalfirði.

Reykjavík hinn 26. Maí 1889

E.Th. Jonassen fyrir hönd eigenda háflendunnar jarðarinnar Kross umboðsmanns

Chr.J. Mattiasson Hliði Eigandi háflendunnar Kross á Akranesi

Stepháns Stephensens á Akureyri

Jón Sveinsson umráðamaður Garðalands

Gunnar Guðmundsson bóndi í Görðum

Helgi Guðmundsson bóndi á Krossi.

Rjett eftirrit eftir mjer sýndu frumriti vottar.

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu p.t. Akranesi 6. júní 1889.

Sigurður Þórðarson.

Landamerki

Milli Garða og Ytrahólms er Garðaselsskúti merki inn að Berjadalsá svo ræður Berjadalsá upp þangað er ytri endi Merkisása er í sjónhending við Ásbeltið.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

11. júní 1884.

Jón Benediktsson O.P.Ottesen

Rjett ritað eftir mjer sýndu frumrit vottar sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu p.T.

Akranesi 6. júní 1889.

Sigurður Þórðarson

Lesið á manntalsþingi á Akranesi 8. júní 1889.

Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs

þinglestur 75^a

bókun 25.

1 Kr.

(ein króna) borgað Sp.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 2/11. 1923.

GBjörnsson



12/12 [1923]

368.

Afrit

Skiftagjörð

á Krosslandi milli Vestri og Eystri Kross og Akrakots og Viggbelgsstaða.

Árið 1916, 2. Júlí var samkvæmt brjefi sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu, dags.

21. Júní 1915 tekið fyrir að skifta landi ofantaldra jarða, sem allar liggja í Innri-Akraneshreppi í Borgarfjarðarsýslu og sem ætlast er til, að hjereftir verði sjerstakar jarðir hver þeirra með ákveðnum landamerkjum að undanskyldum Viggbelgsstöðum sem teljast með Eystri Krossi.

Fóru svo skiptin fram á vettvangi af undirrituðum Jóhanni Björnssyni hreppstjóra á Akranesi sem oddamanni og úttektarmönnum Innri Akraneshrepps þeim Oddgeiri Ottesen hreppstjóra og Birni Jóhannssyni í Instavogi. Við skiftin voru mættir eigandi Eystri-Kross, Viggbelgsstaða og háflendunnar Vestri-Kross Þorsteinn Ólafsson og mætti hann einnig

fyrir hönd eigandans að hinum helmingi Vestri Kross Páls Jónssonar á Sólmundarhöfða, en fyrir hönd eiganda Akrakots Halldórs Þórðarsonar bókbindara í Reykjavík mætti ábúandinn í Akrakoti Sigurður Sigurðsson. Ábúandinn á Vestra Krossi var látinn vita um skif tin hveffram fram ættu að fara, en að þeim kom hann ekki.

Dýrleiki jarðanna eftir nýjasta mati hveffram fyrir sig eins og hjer segir:

Vestri Kross	hndr.	7.81
Eystri Kross	hndr.	7.81
Viggbelgsstaðir	- - -	3.63
Akrakot	- - -	<u>9.80</u>
	Als hndr.	29.05

1. Jarðardýrleiki þessi var lagður til grundvallar fyrir skiftunum.

2. Skifti á túnnum, matjurtagörðum og heimaslægjum, þau sem nú eru haldast óbreytt, og eru þau svo greinilega afmörkuð með skurðum og garðlögum að það getur ekki valdið ágreiningi. Til hægðarauka við skiftin var dreginn skálína ofanvert við skiftalandið úr Hliðsholti á takmörkum [h]ins afskifta slægjulands í Akrakoti í merkjavörðu í slakka milli Kúhóla. Við þetta fellur spildukorn af hinu áðurskrifta slægjulandi Eystri Kross inni óskifta landið, en aftur á móti verður dálítil spilda af óskiftunni innan línunnar ofan við hið úrskifta slægjuland Vestra Kross, og skal þessi spilda falla Eystra Krossi í stað þeirrar sem undangengur.

3. Lending og uppsátur hefur Akrakot útaf fyrir sig undan sínu landi, en Eystri og Vestri Kross í sameiningu undan sínu landi.

4. Afnot skerja er liggja fyrir löndum jarðanna skal öllum heimil að tiltölu, einnig veiðirjettur og beit í fjöru.

5. Grjót og sandtekja fyrir neðan stórstraumsflóðmál hafa ^{allar} jarðirnar í fjelagi eftir stærð þeirra, annars hver í sínu landi.



6. Reki sem kemur á land jarðanna, hverju nafni sem nefnist skiptist eftir hundraðatölu.

7. Mó og torf sem nú er í óskifta landinu hvort svo sem er, notar sá sem að hefur unnið í þetta skifti en sjá skal sá um að hvor tveggja sje í burtu flutt fyrir næstkomandi fardaga ef, landið fellur öðrum.

8. Þar sem svo hagar til að notendur jarðanna ekki geta komist eftir sínu landi með landsafurðir eða áburð á landið, er þeim heimil yfirferð yfir land eða lönd hinna jarðanna, en haga skal þá yfirferðinni svo, að sem minstur átroðningur af hljótist. Einnig skal sameiginleg til hliðrunarsemi ríkja með aðgang handa skepnum að fjörubeit þar sem hún er best að vetrarlagi, svo og með að veita vatni á og af löndunum, undanskilin þessu er umferð um tún og heimaengjar.

9. Heimilt skal ábúendunum á Eystra og Vestra Krossi hvorum fyrir sig eða báðum í fjelagi, að gjöra beinan veg heim að bæjunum þar sem troðningar liggja nú og skal sá vegur vera til frjálsra nota fyrir báða þar sem lönd liggja saman.

10. Hverjum eiganda eð[ur] leiguliða er heimilt að setja niður girðingu um land sitt af hvaða tagi sem er, ef þær ekki koma í bága við gildandi lög og ~~frama af~~ framanskráð ákvæði.

11. Ørnefni þau sem koma fram í skiftagjörðinni eru höfð eftir nákunnugum mönnum, enda notuð alment í daglegu tali.

Þessu næst voru lagðar fram landamerkjaskrár þeirra jarða sem liggja að löndum þessum og þær athugaðar, og virðast landamerkin vera skýr og greinileg, og eru þau þessi:

1. Milli Ytra-Hólms og þessara jarða: frá sjó uppí Hliðsholt ræður garðlag það vestra sem mót sjer til milli Birnhöfða og Akrakots, þá Hliðsholt svo langt sem það nær uppundir mýrar og melsund það, er skilur Hliðsholt og Þrætustekkjaholt, þá bein sjónhending úr þúfunni efstu á tjeðu Hliðsholti í Litla-Skollholt þar sem það er hæðst þá sjónhending þaðan í þúfuna í Sauðabólsásum sunnanverðum þar sem þeir eru hæðstir, síðan sjónhending úr þeirri þúfu ræður brún tjeðra Sauðabólsása í þúfu á framan verðum Garðaskúta.

2. Milli Garða og þessara jarða. Úr Garðaskúta sjónhending ofaní Lönguásenda ofanverða, og svo sjónhending eftir Lönguásbrúnum framanverðum þar sem hæðstir eru yfir hvamma alla beint að sjó og svo úr neðri enda á Lönguásum og ofan í Litlatannaberg, og þaðan bein sjónhending ofan í Lækjarfarveg þann er finnst neðar við sjóinn í svokölluðum Leynir, fyrir ofan malarkampinn, og úr þeim lækjarfarveg í sjó niður og sjest um fjöruna stór steinn úti sjónum, er stendur á við þessa sjónhendingu, er sumir hafa viljað halda landamerkjastein upp á reka tilkall. Þess skal ennfremur getið að lækur sá eða lækjarfarvegur sem myndar takmörk á milli Kross og Garða, er af litla Tannabergi að sjá Beint í línu við syðri Þjót á Hvalfirði.

Landinu er skift þannig: að tekin er bein lína þvert yfir landið utanvert við Flæðilæk að ofan og fyrir utan Lönguásenda að neðan og enn settar upp merkjavörður á þessum stöðum. Land það sem er að utanverðu við línu þessa skiftist í skákir sem liggja uppfrá hverju býli, er að innan í þverskákir og eru hlutföllin milli jarðanna þessi: – Að utan:

Akrakot skal eignast spildu þá sem er 900 faðmar á lengd meðfram landi Ytrahólms og er breiddin 115-faðmar að neðan, en 80 að ofan.



Fyrir vestan þessa spildu eignast Eystri Kross jafnlanga spildu sem er 147 faðmar að neðan en 90 faðmar að ofan.

Fyrir vestan þessa spildu eignast Vestri-Kross spildu jafnlanga sem er 98 faðmar að neðan en 80 að ofan. Spilda þessi takmarkast að vestan að Garðalandi. Er þá skift öllu landi því sem er fyrir utan línu þá sem dregin er úr flæðilæk utanvert við Lönguásenda.

Að innan:

Næst línunni skal Akrakot eignast spildu sem er 217 faðmar að ofan með Ytrahólmslandi en 200 faðmar að neðan meðfram Garðalandi.

Fyrir innan spildu þessa eignast Eystri Kross spildu sem er 240 faðmar að ofan meðfram Ytra-hólmslandi en 220-faðmar að neðan meðfr. Garðalandi:

Það sem nú er eftir af landi hjer fyrir innan eignast Vestri-Kross.

Gengið er útfrá því að við skiftin að þegar ábúenda skifti verða næst á Vestra-Krossi þá falli túnstykki það sem er fyrir austan götuna og nú tilheyrir Vestri Krossi undir Eystri Kross til uppbotar á skiftum milli þeirra jarða.

D. u. s.

Jóhann Björnsson Oddgr. Ottesen

Björn Jóhannsson Þorsteinn Ólafsson

Framhald

Árið 1916 kom yfirmatsnefnd sú, sem skipuð var í gær, til þess að framkvæma yfirmat á Krosslandi, saman á Krossi. Auk oddvita nefndarinnar, sýslumanns Sig. Eggerz voru hinir nefndarmenn mættir. Þeir prófastur Jón Sveinsson sýslunefndarmaður Þorsteinn Jónsson Grund hreppsnefndarmaður Björn Hannesson Litlateig, og húseigandi Kristmann Tómasson.

Oddviti lagði fram brjef Sigurðar Sigurðssonar dags 15. sept. síðastliðinn þar sem hann biður um yfirmat, mættir voru Sigurður bóndi Sigurðsson á Akvakoti í umboði Halldórs Þórðarsonar bókbindara í Reykjavík eiganda jarðarinnar, Þorsteinn bóndi Ólafsson á Krossi og Páll Jónsson húsm. á Sólmundarhöfða eigendur Kross. Öllum hlutaðeigendum hefur verið tilkynnt að yfirmatsnefndin mætti hjer í dag.

Eftir nokkrar umræður varð samkomulag á milli hluteigenda Sigurðar Sigurðssonar og Þorsteins Ólafssonar og Páls Jónssonar að skiftagjörðin dags. 2. júlí 1916 skuli standa í öllu, en aðeins þótti ástæða að taka fram, á á [svo] vestra punkti eða mörkum á neðri hluta Krossspildu er ábúendum þar, heimilt að fara á ská yfir Akvakotsspilduna vestur á Lönguása og síðan eftir þeim inná spildur sínar.

Kostnað við yfirmatið greiði Sigurður Sigurðsson á Akvakoti. Með því ágreiningurinn jafnaðist þótti ekki ástæða til að gjöra frekara í málinu.

Sig. Eggerz

Sigurður Sigurðsson handsalað



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Sveinsson

Þorsteinn Jónsson

Kristmann Tómasson

Þorsteinn Ólafsson

Páll Jónsson

Björn Hannesson

Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 10/7 1924

GBjörnsson



19/12 [1923]

369.

Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu N.15.

Landmerkjalýsing fyrir jörðinni Stangarholti í Borgarhreppi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. marz 1882.

1. gr. Á milli ^{Stangarholts} og Jarðlangstaða af Söngstein sjónhending í Háastapa suðvestan til og sömu línu sjónhending yfir Hámerkjaholt í Stangarlæk og eftir honum í Langá.
2. gr. Á milli Stangarholts og Hvítstaða og Grenja eftir miðri Langá.
3. gr. Á milli Stangarholts og Litlafjalls frá Langá á þeim stað sem klett sem er austan Grænukeldu en norðan Stangarvatn ber í Rínir, sjónhending í Rínir.
4. gr. Á milli Stangarholts og Valbjarnarvalla af Rínir sjónhending í Landamerkjatjörn miðja.
5. gr. Á milli Stangarholts og Laxholts af miðri landamerkjatjörn sjónhending í Kolþúfu sem er við suðurhotn Ytra-Álftavatns og af henni sjónhending í fyrrnefndan Söngstein.
6. gr. Stangarholt á upprekstrarland í Valbjarnarvallamúla haust og vor óskift.

Stangarholti 17. marz 1884.

Jóhann Guðmundsson.

Framskrifaða landamerkjalýsingu samþykkja

Fyrir Jarðlangstaði Erlendur Guðmundsson

--- Hvítstaði Sveinn Helgason Einar Sigurðsson

Fyrir Grenja: Þorsteinn Þórðarson (handsalað)

--- Litlafjall: Jóhann Guðmundsson

--- Valbjarnarvelli: Guðmundur Guðmundsson

--- Laxholt fyrir Stafholtskirkju Stefán Þorvaldsson

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. Maí 1884

Guðm. Pálsson

þingl. --- 75a

Bók --- 25

1 Kr. Rjetta útskrift staðfestir

19. apríl 1911

Sigurður Þórðarson

(L.S)

Gjald:

25 – tuttugu og fimm – aurar.

Borgað Sp.



9/1 [1924]

370.

Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu Nr. 141.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Tandraseli í Borgarhreppi.

Milli Tandrasels og Gljúfurá^(sic) ræður fyrst merkjum úr vörðu á Móhylsholti sjónhending í norðurenda Merartjarnar. Milli Tandrasels og Stórafjalls sjónhending úr fyrnefndum tjarnarenda í vörðu hjá Þrælásslakka, þaðan sjónhending í vörðu á Myrkáshaus, enn sjónhending í vörðu á norðanverðum Þrengslaás, þaðan sjónhending yfir miðja Silfurtjörn og í vörðu á hæðinni móts við Kambsslakka, þaðan sama sjónhending í vörðu sem stendur við Seldalsdrög vestanverð á beinni stefnu frá Snókaborg yfir Hólmavatn í Hólmavatnslæk. Milli Tandrasels og Valbjarnarvalla ræður sjónhending frá síðastnefndri vörðu í Hólmavatnslæk þar sem hann fellur úr vatninu. Sá lækur ræður merkjum alla leið norður í Gljúfurá, síðan ræður Gljúfurá merkjum alla leið ofan á móts við fyrstnefnda vörðu á Móhylsholti svokallaðan Bæjarhólma, sem áin rennur nú fyrir vestan, á Tandrasel.

Tandraseli 14. maí 1885

Ofanskrifuð landamerki höfum við undirskrifaðir sjeð og leið á álítum þau rjett vera.

Fyrir Tandrasel Sigurður Jónsson umráðamaður

--- Stóru-Skóga Sigurður Jónsson umráðamaður

--- Gljúfurá Þorsteinn Magnússon (ábúandi)

--- Stórafjall Sigurður Sigurðsson (ábúandi og umráðamaður)

--- Valbjarnavelli Guðm. Guðmundsson Jón Guðmundsson

--- Stafholtsprestar

Með þeirri athugasemd að Stafholt á alla veiði í Móhyl undirskrifa jeg þessa landamerkjaskrá.

Jóhann Þorsteinsson

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 22. maí 1890.

Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs

þingl. 75 a

bókun 25 –

1 kr.

(ein króna) Borgað S.Þ.

Rjetta útskrift staðfestir

Ritlaun 50 aur



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stimpl. 50–

G.Björnsson

1 – ein – króna

Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921 9/1 1924

GBjörnsson



Landamerki milli Tandrasels og Stóra-Fjalls.

Frá norðurenda Merartjarnar sjónhending í vörðu á Klöpp hjá Þrælásslakka, og er þar höggvinn Kross. Þaðan sjónhending í vörðu sem stendur á jarðföstum steini á Myrkáshaus, þaðan sama sjónhending í vörðu sem stendur á sljettri klöpp norðantil á Þrengslaás og er

kross höggvinn í klöppina. Frá þeirri vörðu sjónhending yfir Silfurtjörn í stóra steina í bugnum á Rauðalæk fyrir utan Tandraselsskútásinn og er Kross höggvinn í þann steininn sem merkin eru í. Frá þessum steinum er sama sjónhending í vörðu á brúninni móts við Kambsslakka, þaðan sama sjónhending í vörðu norðan á hæðinni, þaðan enn sama sjónhending í vörðu austanvert við Seldalsbotn þar er Kross höggvinn í klöpp. Frá þessari vörðu er sjónhending í vörðu í Hólmavatnshæðum, Kross er höggvinn hjá, (og stendur hún í beinni stefnu frá Snókaborg yfir Hólmavatn í Hólmavatnslæk).

Brennistöðum, 10. ágúst 1923.

Jón Gíslason

Ofanrituð landamerki samþykkjum við fyrir Stóra-Fjall.

Sigurður Magnússon

Einar Sigurðsson (eftir umboði)

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 30/6 '24

GBjörnsson



372.

Landamerkjalysing fyrir jörðunni Grísartungu liggjandi í Stafholtstungnahreppi innan
Mýrasýslu.

Fyrst ræður merkjum hóll sá einstakur, sem er vestanvert við vaðið á Beilá, þvínæst sjónhending úr tjeðum hól í klif eitt auðkennilegt, sem vegur liggur eftir fyrir norðan Brúnavatn, því næst Staðarhnúksbrúnin og Bárðarfjallsbrúnin suður að Litluá, því næst ræður merkjum Litlaá alla leið niður eftir Grímsdal þar til hún fellur í Gljúfurá, þvínæst ræður enn merkjum að útsunnan og vestanverðu, Gljúfurá alla leið vestur í svonefndan Nautakrók, þá ræður enn merkjum Kliflækur svo nefndur, sem fellur úr Seltjörn, þvínæst ræður lækur eða lækjarfarvegur frá Seltjörn alla leið norður í Langavatn. Þá ræður Langavatn merkjum að Beilá, því næst ræður merkjum Beilá að hól þeim hinum einstaka sem upphaflega er nefndur.

Norðanvert við hnúkinn, en sunnan Beilá er lítill flötur eða blettur, sem er tileinkaður Múlakoti.

Steinum 20. nóv. 1923

Kristján F. Björnsson

umráðamaður jarðarinnar.

Framaritaða landamerkjalyssingu samþykkjum við í einu og öllu.

Fyrir hönd Borgarhrepps: Jóhann Magnússon oddviti

Eigandi Tandrasels: Jón Gíslason Brennistöðum

Eigandi Galtarholts og Beilárheiðar, Jón Jónsson

Eigandi Valbjarnarvalla Guðm. Jónsson

Eigandi Múlakots Ingólfur Sveinsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 1/7 1924

GBjörnsson



20/3 [1924]

373. Landamerkjalýsing fyrir Staðartungu, sem er eign Stafholtskirkju.

Fyrst ræður merkjum lækur eða lækjarfarvegur vestan Staðarhnúk alla leið niður í Seltjörn, þá

Kliflækur, sem fellur úr Seltjörn suður í Gljúfurá, þvínæst ræður merkjum Gljúfurá sunnan og vestanvert við Staðartungu alla leið að Langá á Skarðsheiði, þá ræður úr því Langá alla leið norður í Langavatn, þá ræður merkjum Langavatn austur að fyrnefndum læk, eða lækjarfarveg vestan Staðarhnúk sem og er áðurnefndur.

Framanritaða landamerkjalýsingu samþykkir

Steinum 20. nóv. 1923

Kristján F. Björnsson (umráðamaður Staðartungu)

Fyrir Litlafjall Hjörtur Þorvarðarson

--- Valbjarnarvelli Guðm. Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 1/7 '24

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Bjarnastöðum í Hvítársíðu Mýrasýslu eru þessi:

Að vestanverðu sjónhending úr Eggjatagli í vörðu á Hvammstapa, þaðan sjónhending í vörðu á syðri brún Hnappsins, þaðan sjónhending í vörðu á melnum austanvert við Merkjaskarð, þaðan bein lína í Hvítá. Að austanverðu ræður sjónhending úr Hvítá upp í Grástein og er klappað á hann lm. Þaðan er hjerumbil sama stefna upp í Þrívörður á hlíðarbrún hinni neðri stefna landamerkjalinunnar frá Hvítá um Grástein upp í Þrívörður er sú, að neðsta rót vestri Okaxlar á Okfjallinu, Grásteinn og Þrívörður, liggur hjerumbil alt í sömu línu og liggur því merkjalínan frá þrívörðum niður í Hvítá til suðurs og nokkuð til austurs. Frá Þrívörðum beygist stefnan nokkuð austur á við í Einstöku vörðu eða öðru nafni Skaftavörðu. Hún stendur hjerumbil efst á Kotbrún. Frá Einstöku vörðu ræður sjónhending í Náttmálagil efst, þar sem það hefir upptök sín og þaðan í suðvesturenda Hvammsvatns. Þá ræður Hvammsvatn. Úr því fellur Silungalækur og ræður hann til Kjararár.

Gjört að Bjarnastöðum 30 marz 1924.

Páll Helgason

Böðvar Jónsson eigandi að Kirkjubóli samþykkur.

Þinglesið á manntalsþingi að Sámstöðum 3/7 1924.

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir kirkjújörðinni Lækjarkoti í Þverárhlíðarhr. í Mýrasýslu.

Samin samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1882.

Í fyrstu ræður þúfa sem er í Landbrotsklofanum sunnanvert við Hallargrafir sjónhending yfir þveran flóann og í Svartaklett, úr Klettinum í vörðu á náttmálaholti, úr vörðunni í Lambadal og úr Lambadal sjónhending í Brekkuskarð sem liggur vestantil á Hólmavatnshæðum. Það sjónhending í Hólmavatn en við austurhlið Lækjarkotslands ræður sjónhending úr Hólmanum í vatni austanvert yfir háhólmavatnshæðir í vörðu þá sem þar er. Þaðan bein sjónhending í vörðu þá sem er á Selhrygg. Þaðan aftur sjónhending í vörðu sem er á náttmálaholti uppundan Grænageira. Svo ráða vörður yfir þveran flóa og í merkjapitt sem er í Klofanum við Stóra-Landbrotið.

Hjarðarholti 7. marz 1890

í umboði Halldórs bókbindara Þórðarsonar á Hliði

J. Tómasson á Hjarðarholti

ofanskriafaða landamerkjaskrá samþykkja

Jón Sigurðsson eigandi að Spóamýri

Sigurður Þorbjörnsson eigandi 2/3 af Höll

Þorsteinn Eiríksson eigandi 1/3 af Höll

Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.
106

Gjald til landsjóðs:

þingl. 75^a

bókun 25.-

Sigurður Þórðarson

1 kr

Sp.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 5/5 1924



Landamerkjabrjef fyrir jörðunni Krossi í Lundarreykjadalshreppi.

Að austan á milli Kross og Kistufells, eru merkin þessi, á bökkunum næst Grímsá ræður gamalt garðlag sem liggur við sýkisendann ofanvert á bökkunum og þaðan bein stefna í torfvörðu í flóaröndina að neðanverðu austanvert við Krossmóa, þaðan sjónhending í vörðubrot á Klettastalli að ofanverðu við götuna á milli bæanna, þaðan bein stefna í eystri-hvössu nípuna á klettabeltinu norðan í brúninni, þaðan aftur bein lína suður hálsinn í vörðu sem þar stendur, austur af Lambaklett og er hornmerki.

Að sunnan á milli Kross og Hvamms ræður merkjum bein lína úr síðastnefndri vörðu vestur hálsinn í vörðu þá sem herforingjaráðið danska ljet byggja er það var hjer við landmælingar, og stendur vestur við Krossöxl, og þaðan bein stefna í vörðu sem stendur á urðarhól fyrir vestan nefnda öxl, og er sú varða hornmerki. ~~fyrir vestan nefnda~~

Að vestan, á milli Kross og Grafar eru merkin þessi, úr nefndri vörðu niður Breiðutungu í opin Grafardal og bein lína í Grímsá.

Að norðan ræður Grímsá merkjum fyrir Skálpastaðalandi.

Ofanskráð landamerki samþykkjum vjer undirritaðir hlutaðeigendur.

Krossi 8. maí 1924

Vegna Kross

Sigurður Jónsson, (eftir umboði)

Vegna Kistufells

Sigurður Jónsson

Vegna Hvamms

Bjarni Jónsson

Vegna Grafar

Ingibjörg Erlendsdóttir

Vegna Skálpastaða

Guðm. Auðunnsson


Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 7/7 1924

GBjörnsson



10/6 [1924]

377. Landamerki fyrir jörðinni Kistufelli í Lundarreykjadalshreppi.

Að austan á milli Skarðs og Kistufells eru merki úr torfvörðu sem er ofanvert við árbakkann, sunnan megin Grímsár, að neðanverðu við  grashólma sem er í ánni fyrir austan Arnþórsholt – beina stefnu upp flóann upp í Merkiholt, sem er rjett fyrir neðan götuna er liggur út með hálsinum. Frá Merkiholti ræður svo bein stefna upp í Strók, – sem er einstakur standklettur á klettabelti ofan til í hlíðinni. Torfvarðan, Merkiholtið og Strókur eiga öll að vera í beinni stefnu hvort við annað. Svo ræður bein stefna frá Strók samkvæmt áður greindum merkjum – suður á hálsinn, þar til vötnum hallar suður af.

Að sunnan ræður vatnahalli merkjum vestur á Skálafell, í stóran, einstakan stein sem stendur á háfellinu.

Frá þessum steini á Skálafelli ræður merkjum bein stefna vestur hálsinn, í vörðu, sem er hornmerki á milli Kross og Kistufells. Frá vörðunni eru merkin að vestanverðu í beina stefnu í austari klettanýpuna sem er á klettabeltinu norðan í hálsbrúninni. Þaðan bein stefna í vörðu er stendur á klettaholti ofanvert við götuna, er liggur út með hálsinum á milli bæjanna. Frá vörðunni á holtinu ræður bein stefna ofan flóann og í torfvörðu sem stendur neðst í flóaröndinni niður undir bökunum (sic). Að norðanverðu á milli Arnþórsholts og Kistufells ræður Grímsá merkjum.

Ofanskráð landamerki samþykkjum vjer undirritaðir hlutaðeigendur.

Kistufelli 22. júlí 1923

Fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps

Sigurður Jónsson

Vegna Skarðs

Þorst. Tómasson

Vegna Dagverðarness

Jón Hjálmsson

Vagna Hvamms

Bjarni Jónsson

Fyrir hönd eiganda Kross

Jón Hannesson

Vegna Arnþórsholt

Magnús Sigurðsson

Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 7/7 1924

GBjörnsson



Landamerki fyrir jörðinni Sólheimatungu í Stafholtstungum.

Milli Hauga og Sólheimatungu ræður merkjum torfvarða á barðinu út undir Gljúfurá, úr henni sjónhending suður yfir flóann í aðra torfvörðu, sem er í kelduklofunum, þaðan ræður keldan, sem rennur í Norðurá fyrir sunnan Suðurkotsfitina. Síðan ræður Norðurá að mynni Óssins fyrir vestan Stafholtshólmann, þar eð kvíslin fyrir vestan Stafholtshólmann er að þorna upp, þá lögfesti jeg hana miðja, frá Norðurá ræður Ósinn vestur í Gljúfurá og síðan Gljúfurá upp að efrihluta hólma þess sem er í Gljúfurá á móts við Skarðvaðið og þaðan bein lína í fyrnefndar vörður.

Ennfremur fylgir jörðinni öll hálf veiði, fyrir landi hennar í Norðurá, Ósnum en ekki laxveiði í Gljúfurá.

Sólheimatungu 1. júní 1921

Jónas E. Jónsson

Sigurður Fjeldsted (fyrir hönd Ferjukots)

Gísli Einarsson (fyrir Stafholts hönd)

Jósef Björnsson (fyrir hönd Svarfhóls)

Sigurður Jónsson fyrir Hauga.

Guðmundur Daníelsson (fyrir Svignaskarð)

Helgi Daníelsson fyrir Fróðhús

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 1/7 1924

GBjörnsson



Landamerkjaskrá fyrir jörðina Arnþórsholt í Lundarreykjadalshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að vestan, milli Arnþórsholts og Skálpa^{staða} liggja merki þannig:

Úr vörðu á hálsbrúninni eftir gili því er Merkjagil nefnist og rennur ofan hálsinn vestantil um

Hestabrekkur og ræður gilið ofan að götu í vörðu sem þar er; þaðan sjónhending um tóftarbrot á svokölluðum Hring í vörðu við Grímsá.

Að sunnan milli Arnþórsholts og Kistufells ræður Grímsá merkjum.

Að norðan milli Arnþórsholts og Múlastaða, og einnig Eyrar lyggja merki eftir háhálsinum, eins og vötnum hallar.

Að austan milli Arnþórsholts og Lundar eru merki eftir gili því er Geldingagil nefnist, þar til það dreifist en þaðan beina stefnu í torfvörðu á bakka Grímsár vestan við svokallaðan Lundarhring.

Arnþórsholti 26. Júní 1923.

Magnús Sigurðsson

Lárus Guðmundsson bóndi á Eyri

Guðmundur Auðunsson bóndi Skálpastöðum

Oddgeir Guðmundsson bóndi á Múlastöðum

Sigurður Jónsson eigandi Lundar.

Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 7/7 1924.

GBjörnsson



Landamerki milli Gullberustaða og Oddstaða í Lundarreykjadal.

Úr vörðu við Grímsá austan við Merkigil ræður bein stefna í vörðu á hálsbrúninni fyrir miðjum Djúpadal. Síðan bein stefna í vörðu norðan í hálsinum. Þaðan ræður sjónhending í tvær vörður á Reiðarfelli hinn vestra og þaðan bein lína í vörðu við Engjadalsá.

Sigurður Bjarnason eigandi Oddstaða.

Vigfús Pjetursson eigandi Gullberustaða.

Vottar:

Þorst. Tómasson

Björn Vigfússon

Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 7/7 1924

GBjörnsson



Landamerki fyrir Þóreyjartungum, afrjettarlandi Lundarreykjadalshrepps.

Að norðan ræður merkjum bein stefna úr Oköxlinni vestanverðri í upptök Flóku – sjá sóknarskiftalínu á „Generalstabens topografiske kort” – svo ræður Flóka merkjum þar til Sandfellskvíslin fellur í hana.

Að suðvestan verðu ræður Sandfellskvíslin merkjum þar til hún skiftist, þá ræður Syðri-Sandfellskvíslin merkjum allt að upptökum, en úr upptökum hennar ræður bein stefna í há austur upp í Okið.

Að norðaustan verðu ræður Okið merkjum.

Landamerki þessi samþykkjum vjer undirskrifaðir:

Lundarreykjadalshreppi 2. júlí 1923.

Fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps

Sigurður Jónsson

Fyrir hönd Andakílshrepps

Sigurður Jakobsson

Vegna Steindórsstaða Páll Þorsteinsson

Vegna Hæls Guðm. Bjarnason

Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 7/7 1924

GBjörnsson



Árið 1924, 6. maí var Jónas E. Jónsson bóndi í Sólheimatungu samkvæmt útnefningu sýslumanns 23. apríl þ.á. staddur að Hofstöðum sem oddamaður, ásamt hinum lögskipuðu úttektarmönnum Stafholtstungnahrepps, Kristjáni Fr. Björnsson hreppstjóra á Steinum og Brynjólfi bónda Guðbrandssyni í Hlöðutúni, til þess samkvæmt ósk Hjálms bónda Þorsteinssonar á Hofstöðum, að skifta úr beitilandi ábýlisjarðar hans, úr landi Stafholts og annara jarða er landa eiga saman.

Viðstaddir landskipti þessi voru: Gísli Einarsson prestur í Stafholti og Jósef bóndi Björnsson á Svarfhóli. Fóru svo landskipti þessi fram eftir að landskiptamennirnir höfðu kynt sjer alt landið og mælt það út sumpart eftir landkorti herstjórnarráðsins, sumpart með nákvæmnimælingu á hinu úrskifta landi og mati á gæðum þess og verða mekin þessi:

Úr vörðu við Hvítá spöl fyrir neðan Hofstaðalæk sjónhending í vörðu í Litluskarði í Lækjarholtum, þaðan sjónhending sömu stefnu í vörðu rjett fyrir vestan Brúnkuklett. Þaðan í stóran stein á ás þeim er vegurinn liggur um. Er klappað á hann L.M. þaðan beigjast merkin til vesturs, en aðalstefnan úr þessum steini er beint í merkin á milli Kastalaparts og

Hofstaðaengja og er ein varða neðst á Engjaholtinu sem vísar þessa stefnu. Úr því ráða hin gömlu merki milli Stafholts og annara jarða er eiga saman land á aðra hlið og Arnarholts Hamraenda og Stafholtseyjar á hina.

Gísli Einarsson prestur mótmælir því, að landsskipti þessi hafi nokkur áhrif á veiðirjett Stafholts í Hvítá.

Var svo landsskiptum þessum lokið sama ár og dag og ofan greinir.

Jónas E. Jónsson Kristján Fr. Björnsson Brynjólfur Guðbrandsson
Gísli Einarsson Jósef Björnsson Hjálmar Þorsteinsson

Að ofanskrifað sje rjettur útdráttur úr landamerkjabók Mýrasýslu vottar undirskrifaður.
Sólheimatungu 30. maí 1924
Jónas E. Jonsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 30/6 1925

GBjörnsson



25/7 '25

383.

Landamerki milli jarðanna Klafastaða og Innri-Galtarvíkur í Skilmannahreppi.

Markasteinnur stendur í fjörunni umflotinn sjó um flóð og frá þeim steini beina stefnu í stein merktan með L.M. sömu stefnu eftir hlöðnum vörðum til fjalls í merktan klett neðst í fjallinu sem einnig er merktur með L.M. og framhaldandi stefnu í Stóru-Fellsaxlarmerkjalínu.

p.t. Akranesi 30. maí 1925.

Þorsteinn Narfason eigandi og ábúandi Klafastaða

Gísli Jónsson eigandi og ábúandi Innri-Galtarvíkur

Vitundarvottar:

Gísli Gíslason

Sigurður Sigurðsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 9/7 1925.

GBjörnsson



384.

Landamerkjabrjef

Fyrir túni og heimalandi jarðarinnar Hrauntúns í Leirár og Melahreppi í Borgarfjarðarsýslu. Stefnan ræður, úr Haug beina línu í stein merktan L.M. er liggur við keldudrag í Börðunum á milli Hrauntúns og Leirár. Þaðan beina † sjónhendingu í stein merktan L.M. sem liggur í upphlaðinni þúfu í flóanum fyrir ofan börðin (og er í línunni úr Berghyl í Leirá í Vestri-Þvermelsenda), sem er hornmerki á milli jarðanna Hrauntúns og Leirár, þaðan beina línu í Vestri-Þvermelsenda, og úr honum í stein merktan L.M. sem stendur á Langholtinu og er hornmerki á milli Hrauntúns og Hávarðsstaða, sem er í beinni línu að sjá úr Vestri-Þvermelsenda í Stekksholtið (eða Skarðskotsstekk).

En línan eru mörk á milli hins óskifta beitalands jarðanna Leirár, Hrauntúns og Havarðsstaða að ofan og heimalands Hrauntúns að neðan. Úr áðurnefndu hornmerki á Langholtinu ofan Langholtshrygginn í neðsta holtið (eða Litla holtið) þar á háklettinn, er gamalt vörðubrot liggur undir þaðan beina línu í Haug þar sem koma saman lond jarðanna Hrauntúns, Havarðsstaða, Melkots og Leirár.

Staddur á Akranesi 18. maí 1929.

Eigandi og ábúandi Hrauntúns Narfi Hallsteinsson

Eigandi Hávarðsstaða Guðni Þorbergsson

Eigandi og ábúandi Leirár Júlíus Bjarnason

Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 2/7 '29

GBjörnsson



8/6 '29

385.

Landamerkjabrjef fyrir túni og heimalandi jarðarinnar Leirár í Borgarfjarðarsýslu.

Stefnan ræður. Úr Berghil (í Leirá) beina línu að sjá í vestri Þvermelsenda í stein merktan L.M. sem liggur á upphlaðinni þúfu, austur í flóanum í útnorður frá Hrauntúni fyrir ofan börðin; þessi þúfa með steininum á, er hornmerki á milli Hrauntúns og Leirár, en línan er mörk á milli heimalands Leirár að neðan, og hins óskifta beutilands Leirár, Hrauntúns og Hávarðsstaða að ofan. Eru svo mörkin á milli eingjalds Leirár og Hrauntúns úr áður nefndu hornmerki beina sjónhending í jarðfall eð keldudrag í börðunum milli hrauntúns og Leirár, og úr því keldudragi beina línu í Haug. Þá eru mörkin á milli eingjalds Leirár og Melkots úr Haug beina línu í stóran stein, sem stendur á Ásamelnum austantil merktur L.M. og úr honum

beina línu sjónhending í Hundafoss í Laxá. Úr því ráða aðalmörk að sunnan og vestan, samkv. landamerkjabrjefi fyrir Leirártorfunni, síðast þinglesið 20/3 1923.

Leirá 14. des. 1928.

Eigandi Leirár Júlíus Bjarnason

Eigandi Hávarðsstaða og Melkots Guðni Þorbergsson

Eigandi og ábúandi Hrauntúns Narfi Halldórsson

Ábúandi Melkots Guðjón Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 2/7 '29.

GBjörnsson



11/6 '29

386.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Hávarðsstöðum í Leirár- og Melahreppi.

Merki milli Hrauntúns og Havarðsstaða frá svonefndum Haug, eru beina línu í háklettinn á neðsta holtinu, þaðan eftir holtahryggnum í stein merktan L.M., er ~~stundum~~ stendur á svonefndu Langholti. Frá steini þessum beina línu í Skarðskotsstekkjarholt og afmarkar

lína þessi óskift beitaland er þessar jarðir eiga í sameiningu eftir jarðamati Leirár, Hrauntúns, Havarðsstaðir og Melkot, sem á þar frá fornu skogarhögg og upprekstur í Skarðsheiði. Frá Skarðskotsstekkjarholti liggja merkin beina línu úr Snoksgili alt að efri enda Lögmannsengis þaðan ræður Skarðsá niður á móts við Haug í stein er stendur á syðri árbakkanum merktur

L.M. og úr þeim steini beint á Haug.

Bakkakoti á Akranesi 21. maí 1929.

Guðni Þorbergsson eigandi jarðarinnar.

Eigandi og ábúandi Hrauntúns Narfi Hallsteinn

Eigandi og ábúandi Leirá Júlíus Bjarnason

Guðjón Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 2/7 '29

GBjörnsson



Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Melkoti í Leirár- og Melahreppi.

Hornmark úr svonefndum Haug, í stein L.M. er stendur á syðri bakka Skarðsár. Svo ræður Skarðsá upp í svonefndan Rauðalæk, svo ræður hann mörkum upp að steini merktum L.M., er stendur á suðurhorni Lögmanssengis, svo sjónhending úr þeim steini í fremri Sjónarhól og þaðan beina línu í Laxá, þá ræður Laxá niður í svonefndan Hundafoss. Úr þeim fossi í stóran stein, er stendur á svonefndum Ásum, merktur L.M., þaðan beina línu í fyrnefndan Haug

þess skal getið hjer, að í óskiftu landi, er lá undir Leirártorfuna, á Melkot skogarhögg og upprekstur í Skarðsheiði, eftir jarðamati.

Bakkakoti á Akranesi 21. maí 1929.

Guðni Þorbergsson

eigandi jarðarinnar.

Guðjón Jónsson ábúandi Melkots.

Eggert Ólafsson Oddur Oddsson

Eigandi og ábúandi Leirá Júlíus Bjarnason

Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 2/7 1929

GBjörnsson



19/6 '29

388 Sjá nr. 387.

~~Landamerkjabrief fyrir jörðinni Melkoti, Leirá og Melahreppi.~~

~~Hornmark úr svonefndum Haug, í stein L.M. er stendur á syðri bakka Skarðsár upp í svonefndan Rauðalæk, svo ræður hann mörkum upp að steini merktum L.M., er stendur á suðurhorni Lögmannsengis, svo sjónhending úr þeim steini í fremri Sjónarhól og þaðan beina línu í Laxá, þá ræður Laxá niður í svonefndan Hundafoss. Úr þeim fossi í stóran stein, er stendur á svonefndum Ásum, merktur L.M. þaðan beina línu í fyrrnefndan Haug.~~

~~——— Þess skal getið hér að í óskiftu landi, er lá undir Leirártorfuna, á Melkot, skógarhögg og upprekstur í Skarðsheiði, eftir jarðamati.~~

~~Bakkakoti á Akranesi 21. maí 1929.~~

~~Guðni Þorbergsson eigandi jarðarinnar.~~

~~Guðjón Jónsson ábúandi Melkots.~~

~~Eggert Ólafsson~~

~~Oddur Oddsson~~

~~Eigandi og ábúandi Leirá Júlíus Bjarnason~~

~~Þinglesið á manntalsþingi að Leirá ——— 1929.~~



389. Sjá nr. 386

~~Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Hávarðsstöðum í Leirá og Melahreppi.~~

~~Merki milli Hrauntúns og Hávarðsstaða frá svonefndum Haug, eru beina línu á háklettinn á neðsta holtinu, þaðan eftir holtahryggnum í stein merktan L.M., er stendur á svonefndu Langholti. Frá steini þessum beina línu í Skarðskotsstekkjarholt og afmarkar lína þessi óskift beitiland, er þessar jarðir eiga í sameiningu eftir jarðamati: Leirá, Hrauntún, Hávarðsstæðar og Melkot sem á þar frá fornu skógarhögg og upprekstur í Skarðsheiði. Frá Skarðskotsstekkjarholti liggja merkin beina línu úr Snóksgili alt að efri enda Lögmanssengis, þaðan ræður Skarðsá niður á móts við Haug í stein er stendur á syðri árbakkanum merktur L.M. og úr þeim steini beint í Haug.~~

~~Bakkakoti á Akranesi 21. maí 1929.~~

~~Guðni Þorbergsson eigandi jarðarinnar.~~

~~Eigandi og ábúandi Hrauntúns Narfi Hallsteinsson~~

~~Eigandi og ábúandi Leirá Júlíus Bjarnason~~

~~Guðjón Jónsson.~~

~~Þinglesið á manntalsþingi að Leirá ——— 1929~~



Landamerkjalyásing fyrir jörðinni Jarðlangsstöðum í Borgarhreppi.

Milli Hamars og Jarðlangstaða ræður Háflækur merkjum fyrst lítinn spotta upp í flag eða pytt, þaðan eru merki eftir þremur þúfum, sem eru í beinni röð uppeftir engjaveitunni upp í Háfsvatn, svo ræður það merkjum þar til Lækjarkotsland tekur við.

Gjört að Hamri 19. október 1927.

Samþykkt af undirrituðum eigendum Hamars.

Jóhann Magnússon

Kristófer Jónsson

Landamerki milli Lækjarkots og Jarðlangstaða eru úr Grjóttanga sunnanvert í Háfsvatni upp í Kolþúfu í flóanum útnorður af Staðarhóli.

Samþykkt af undirrituðum eiganda Lækjarkots 25/10 1927.

Ólafur Vigfússon

Landamerki milli Jarðlangstaða og Brennistaða úr fyrnefndri Kolþúfu upp mitt á milli Þverlækjarvatna í einkennisþúfu á milli þeirra. Þaðan er bein sjónhending syðst yfir Jarðlangstaða skuggása upp í Saungstein.

Samþykkt af undirrituðum eiganda Brennistaða

Guðfríður Stefánsdóttir

Landamerki milli Jarðlangstaða og Litlu-Brekku eru úr efstu Kolþúfu í Tjarnarflóa neðan Jarðlangstaða Þrautarás, suðaustur í Skilklett, úr þeim klett í Kolþúfu við Háflæk.

Samþykkt af eiganda Litlu Brekku 15. desember 1927.

Guðmundur Þorvaldsson

Landamerki milli Jarðlangstaða og Stangarholts af Saungsteini sjónhending í Háastapa suðvestantil og sömu línu sjónhending yfir há Merkjaholt í Stangarlæk og eftir honum miðjum í Langá.

Samþykkt af undirrituðum eiganda Stangarholts 3. maí 1927.

Landamerki milli í Jarðlangstaða annarsvegar og Háhóls og Hvítsstaða hins vegar eru frá Stangarlækarós eftir Langá miðri að Laugakeldu.

3. maí 1929.

Guðmundur Sigurðsson Háhóli. Þórður Jónsson Hvítsstöðum



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerki milli Jarðlangstaða og Ánabrekku byrja við Laugakeldu sem liggur norðan við Álfgerðarholt og sjónhending úr þeirri keldu í Kolpúfu í svokölluðum Tjarnarflóa.

Samþykkt af eiganda og ábúanda Ánabrekku.

7. maí 1929.

Guðmundur Þorvaldsson

Samþykkt af eiganda Jarðlangstaða

Erlendur Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 24/6 '29.

GBjörnsson



20/6 '29

389. Sjá nr. 385

~~Landamerkjabrjef fyrir túni og heimalandi jarðarinnar Leirár í Borgarfjarðarsýslu.~~

~~Stefnan ræður. Úr Berghyl (í Leirá) beina línu að sjá í vestri Þvermelsenda í stein M merktan L.M. sem liggur á upphlaðinni þúfu, austur í flóann í útnorður frá Hrauntúni fyrir ofan börðin; þessi þúfa með steininum á, er M hornmerki á milli Hrauntúns og Leirár, en línan er mörk á milli heimalands Leirár að neðan, og hins óskifta beitolands Leirár, Hrauntúns og Hávarðsstaða að ofan. Eru svo mörkin á milli eingjalands Leirár og Hrauntúns úr áður nefndu hornmerki beina sjónhending í jarðfall eða keldudrag í börðunum milli Hrauntúns og Leirár, og úr því keldudragi beina línu í Haug. Þá eru mörkin á milli engjalands Leirár og Melkots úr Haug beina línu í stóran stein, sem stendur á Ásamelnum austantil merktur L.M. og úr honum beina sjónhending í Hundafoss í Laxá. Úr því ráða aðalmörk að sunnan og vestan, samkv. Landamerkjabrjefi fyrir Leirártorfunni, síðast þinglesið 20/3 1923.~~

~~Leirá 14. des. 1928.~~

~~Eigandi Leirár Júlíus Bjarnason~~

~~Eigandi Hávarðsstaða og Melkots Guðni Þorbergsson~~

~~Eigandi og ábúandi Hrauntúns Narfi Hallsteinsson~~

~~Ábúandi Melkots Guðjón Jónsson~~

~~Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 1929.~~



389. Sjá nr. 47

Landamerki milli jarðanna Skorholts og Bakka í Leirár- og Melahreppi eru sem hjer segir:

Að norðan ræður sá hornsteinn, sem er fyrir vestan og nær mýrardældinni norðan á Núpunum, þaðan beina línu í mitt Núpaskarð, þaðan beina línu í Selsker, með þeim undantekningum, að graslendið fyrir neðan melana austur að skurðinum og að flæðarmáli, verði talin eign Bakka. Að öðru leiti heldur merkjalínan sjer svo sem landamerkjabrjef Skorholts ~~segir~~ greinir.

Gjört í Reykjavík, 30. sept. 1929.

Stefán Björnsson
(samkv. umboði)
Pjetur Ólafsson

Vitundarvottar:

Einar Þórðarson
Guðm. Ó. Guðmundsson

Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 1930.



Landamerki milli Reynis (eystri og vestri) Heyness og Dæguru, Kjaranstaða og Ytrahólms:

1. Milli Reynis Heyness og Dæguru:

Úr vörðu neðst á Öxnholti, réttlínis úti Garðakeldu og ræður Garðakelda svo merkjum að vörðu ofan til við Miðhúsasel, þaðan ræður sjónhending í vörðu sem er ofan og utanvert við Grænurúst eða Heynesstekk.

2. Milli Reynis, Kjaranstaða og Ytrahólms:

Úr fyrnefndri vörðu ofan og utanvert við Grænurúst, sjónhending í vörðu sem er skamt fyrir neðan rústina í flóanum og úr þeirri vörðu sjónhending í vörðu í Friðhúsum, en þaðan eftir Reynisásabrúnum beint inni Berjadalsá uppeftir fjallinu svo sem vötnum hallar.

Gjört 16. maí 1930.

Guðbjörg Jónsdóttir

Pétur Ottesen(fyrir hönd eigenda Heyness og Dæguru og Ytrahólms.)

Haraldur Jónsson (ábúendur Reynis)

Einar Torlacíus

(umráðamaður jarðanna)

Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 1931.



Landamerki milli Kjaranstaða og Ytrahólms og Heyness og Kjaranstaða.

1. Milli Kjaranstaða og Ytrahólms ræður skurður sem tekin er frá minni Úlfarsár og stefnir beint í miðhólinn milli Stóruhólanna.

Frá miðhólum ræður merkjum bein lína í hornmark Reynislands, þar sem landið beygist upp að Friðhúsum.

2. Milli Heyness og Kjaranstaða ræður girðing eins og hún nú liggur eftir garðlaginu fram á bakkabrún og upp að vegi og þaðan sjónhending í Grænurúst vestanverða í stólpan sem nú er hæzt í rústinni.

Gjört að Ytrahólmi 17. maí 1930.

Þorsteinn Ólafsson

Pétur Ottesen vegna Heyness og Ytrahólms

Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 31



Ár 1931, mánudaginn 20. júlí, voru undirritaðir mættir eftir tilmælum ábúanda Lækjarholts og Jarðlungsstaða í Borgarhreppi, til þess að útkljá ágreining er orðið hefur um landamerki nefndra jarða.

Menn þessir urðu ekki sammála um úrslit málsins. Álit Jóhanns hreppstjóra Magnússonar, sem var tilnefndur af Ólafi Ólafssyni, eiganda Lækjarkots er á þessa leið:

Með því að kolapúfa sú norðvestur af Slóðarhól, sem tilnefnd er í landamerkjabrjefum Jarðlungsstaða og Lækjarkots, og heldur ekki grjóttangi sá fram í Háfsvatn, sem þar er nefndur fyrirfinnst ekki, enda þótt kunnugir menn fullyrði, að hvortveggja hafi verið til áður, þá lítur hann svo á, að rjett sje að ákveða landamerki milli þessara jarða á ný, og leggur til að hornstólpi girðingarinnar milli Brennistaða, Jarðlungsstaða og Lækjarkots, verði hjer eftir talinn hornmerki, og þaðan ráði sjónhending í girðingarenda milli Lækjarkots og Hamars, allt að norðurbakka Háfsvatns, en síðan ræður vatnið merkjum að merkjum Hamars.

Einar bóndi Sigurðsson á Stóra-Fjalli, sem tilnefndur var af Erlendi Jónssyni, eiganda Jarðlungsstaða, og séra Björn Magnússon á Borg, sem tilnefndur var oddamaður af báðum aðiljum, urðu ásáttir um svohljóðandi meirihlutaúrskurð:

Af sömu ástæðum og að framan greinir um nefnda kolapúfu, telja þeir rjett að ákveða þar ný merki, og skuli hornstólpi girðingarinnar milli Brennistaða, Jarðlangstaða og Lækjarkots verða talinn þar hornmerki, en þaðan ráði sjónhending í vörðubrot á grjótbakka sunnan við Háfsvatn, sem nefndur er í landamerkjabrjefunum grjóttangi, og ræður merkjum milli Hamars og Lækjarkots.

Til staðfestu framangreindum álitum eru undirrituð nöfn vor.

St. í Lækjarkoti, 20. júlí 1931.

Jóhann Magnússon, Einar Sigurðsson, Björn Magnússon

Samþykkur framanrituðum úrskurði meirihluta

Staddur í Lækjarkoti, 20. júlí 1931

Erlendur Jónsson, Jarðlungsstöðum.

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 1932.



393.

Jeg undirritaður, eigandi og ábúandi jarðarinnar Lækjarkot í Borgarhreppi, lýsi því hjermeð yfir, að jeg mótmæli ákveðið þeirri breytingu á landamerkjum milli jarðanna Jarðlangstaða og Lækjarkots, sem hr. Erlendur Jónsson bóndi á Jarðlangstöðum hefur látið skjalfesta og þinglesa á manntalsþingi að Brennistöðum 1932.

Jeg gat ekki mætt á tjeðu manntalsþingi og mig grunaði ekki heldur að áður nefnt skjal yrði þinglesið, þar sem jeg, sem annar aðili hefi ekki samþykkt tjeða landamerkjagjörð með undirskrift minni.

Lækjarkoti 3. júlí 1933

Ólafur Ólafsson

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum '33.



31/12 '34

394.

MB nr. 460–1934

Við undirritaðir jarðeigendur höfum í dag ákveðið, að Hvítá ráði landamerkjum, á milli jarðanna Kaðalstaða í Stafholtstungum og Kletts í Reykholtsdal. Þrjú samrit eru af samningi þessum.

Gjört á Kaðalstöðum 15. des. 1934.

Jón Ólafsson Kaðalsstöðum Guðmundur Jónsson Kletti

Vitundarvottar:

Stefán Jónsson

Daníel Eyjólfsson

Mótttekið 27/12 '34 til innfærslu í landamerkja og veðmálabækur Mýra og Borgarfjarðarsýslu og þinglesturs á næsta manntalsþingi Stafholtstungna og Reykholtaldshreppa

þingl. kr. 4.50

Stimpl. — 1. —

kr 5.50

fimm kr. 5/100



Dómsorð landamerkjadóms Mýra og Borgarfjarðarsýslu 11. febrúar 1971 í málinu Reykholtisdals og Hálsahreppur gegn eigendum Kalmanstungu.

„Sá hluti landamerkja lands þess er Stefán Ólafsson bóndi í Kalmanstungu seldi bændunum Þorsteini Magnússyni og Gísla Eggertssyni og Magnúsi Jónssyni með afsali því frá 17. maí 1880, er í málinu greinir en nú er eign sóknaraðila Reykholtis og Hálsahrepps og um er deilt í máli þessu, skal ákveðinn þannig: Bein lína úr vesturrönd Langjökuls yfir merkjapunt A samkvæmt uppdrættinum á Oki nr. 12 um mælipunktinn II samkvæmt uppdrættinum á Oki nr. 78 uns hún sker bakka Reykjavatns í merki á punktinum B. samkvæmt sama uppdrætti, síðan ræður norð- austurströnd Reykjavatns til norðurs að Reykárósi, en þaðan ræður Reyká að Norðlingafljóti.

Ár 1975 þriðjudaginn 28. janúar, var í Hæstarétti í málinu nr. 65/1971.

Oddvitar Reykholtisdalshrepps og
Hálsahrepps f.h. hreppana
gegn
Kalmanni Stefánssyni og Ólafi
Kristóferssyni og gagnsök

Uppkveðinn svohljóðandi dómur:
D-Ó-M-S-O-R-Ð.

Ákvæði héraðsdóms um landamerki eru staðfest.

Gagnáfrýjendur, Kalmann Stefánsson og Ólafur Kristófersson, eigendur Kalmanstungu eiga að ¼ hluta rétt til silungsveiði í ám og vötnum á landsvæði því, er Stefán Ólafsson seldi 17 maí 1880.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað svo og gjafsóknar og gjafvarnar-laun eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður

Rétt endurrit stafestir Stimpill

Gjald kr. 150 Björn Helgason

Greitt:

Þinglesið 12/7 '75. á næst næstl.

Lit. a D II 672

GS



Landskiptagerð

fyrir Kaðalstaði í Stafholtstungum.

Undirrituð, eigendur jarðarinnar Kaðalstaða I og II í Stafholtstungum, gerum með okkur svofellda landskiptagerð:

1. gr. Ólína I. Jónsdóttir fær í sinn hlut landspildu, 35,5 ha að stærð, sem afmarkast í vestri af mörkum við Efranes og að sunnan af skurði fyrir heiman kletta. Að norðan ræður Þverá og að austan lína allt að 250 m frá mörkum Efranes.

2. gr. Að öðru leyti en greinir í 1. gr. skiptist land jarðarinnar milli Ástríðar I. Jónsdóttur (Kaðalstaðir I) og Ólafs Jónssonar (Kaðalstaða II) þannig að úr Þverá ræður lína mitt á milli núverandi íbúðarhúsa bæjanna, sem hugsast dregin hornrétt á húslínu þeirra, austur að skurði austan Húsatúns og Kvíatúns, síðan eftir skurðum í túni og fyrir heiman kletta að vegi upp í kletta, þaðan eftir klettabrún að Hádegisvörðu austan Breiðaskars og þaðan í hásuður í Hvítá að merkjasteini. Verður land Kaðalstaða I alls 255,5 ha, þar af 29,8 ha ræktað land, og land Kaðalsstaða II alls 255,5 ha, þar af 20,4 ha ræktað land.

3. gr. Til nánari skýringa á greinum 1 og 2 er uppdráttur sem fylgir með skiptagerð þessari og er hann hlut af henni.

4. gr. Þrátt fyrir landskiptingu þessa skal og lax- og silungsveiði í Hvítá og Þverá áfram vera sameiginleg eign undirritaðra og erfingja þeirra. Er þetta atriði forsenda landskipta samkvæmt 1. og 2. gr. Samkvæmt þessu ákvæði hafa eigendur hlutfallslegan rétt til veiði í ánum eftir því sem lög og veiðifélagasamþykktir leyfa og hirða þeir veiðileigutekjur og annan arð af þeim þannig að 1/18 hluti hans rennur til Ólínu, en Ólafi og Ástríði ber hvoru um sig 17/36 hlutar arðsins.

Ábúendur Kaðalsstaða I og II hafa rétt til malartöku úr landspildu Ólínar til eigin þarfa.

5. gr. Ástríður, sem eigandi Kaðalsstaða I, og Ólafur, sem eigandi Kaðalsstaða II, eiga gagnkvæman forkaupsrétt að landeignum hvors annars. Skal sá aðili sem vill selja land sitt eða hluta úr því skriflega bjóða gagnaðila að ganga inn í kaupsamning. Gagnaðili skal svara innan 30 daga frá því honum barst erindið hvort hann vilji nýta sér forkaupsréttinn. Kjósi forkaupsréttarhafi ekki að nýta sér réttinn, á Ólína forkaupsrétt með sömu skilmálum.

Ólafur og erfingjar hans, og Ástríður og erfingjar hennar eiga, hvor aðili að hálfu, forkaupsrétt að landi Ólínu, sbr. 1. gr., með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. þessarar



greinar. Hvor aðili um sig getur, ef óskað er, leyst til sín hluta hins með því að láta aðra tilsvarandi landspildu koma á móti, þannig að Kaðalsstaðaland skiptist eftir það í sem næst tvo jafna hluta.

Ákvæði þessarar greinar gildir ekki við sölu til erfingja eða innan erfingjahóps.

Forkaupsréttur samkvæmt þessari grein fellur til erfingja, en er þó eigi virkur lengur en í 99 ár frá dagsetningu skiptagerðar þessarar.

6. gr. Aðilar munu leitast við að hafa samstöðu um nýtingu jarðarhlutanna. Stefnt er að því að jörðin verði í heild leigð til ábúðar eftir að Ástríður lætur af búskap, en um réttarstöðu hennar meðan hún býr sjálf, vísast til einkaskiptagerðar undirritaðra, dags. í dag.

7. gr. Við ábreytta notkun járnsmíðaverkstæðis er Ólafi og öðrum ábúendum Kaðalsstaða II heimill aðgangur að því með sama hætti og verið hefur. Ákvæði þetta gildir í tíu ár frá dagsetningu þessa þessarar skiptgerðar, þó geta ábúendur Kaðalsstaða II óskað framlengingar þess um fimm ára skeið. Áhöld og tæki, sem notuð hafa verið í járnsmíðaverkstæði og ekki tilheyra búrekstri sérstaklega, og eru sameign Ólafs og Ástríðar í hlutföllunum $\frac{1}{4}$ á móti $\frac{3}{4}$, skulu áfram vera þar staðsett til afnota fyrir ábúendur beggja bæjanna, svo sem verið hefur. Um helstu áhöld og tæki sem hér um ræðir skal gerður sérstakur listi. Við lok sameiginlegra afnota samkvæmt þessari grein skal tækjum þessum og áhöldum skipt eftir mati, ef ekki verður samkomulag um annað. Rafmagnsnotkun ábúenda Kaðalsstaða II gengur á móti rafmagnsnotkun Kaðalsstaða I af kaldavatnsdælu.

8. gr. Ástríður og Ólafur stefna að sameiginlegri lagningu vegar í landi Kaðalsstaða I upp að skurði norðan kletta, sbr. nánar á korti.

9. gr. Eigendur Kaðalsstaða I og Kaðalsstaða II bera jafnan kostnað vegna núverandi girðingu á merkjum jarðarpartanna, svo og vegna nýrra girðinga á merkjunum, ef settar verða. Girði Ólína sitt land af, ber hún kostnað vegna þeirrar girðingar.

10. gr. Með skiptagerð þessari fellur úr gildi skiptagerð um Kaðalsstaðaland frá 24. september 1955.

Kaðalstöðum 18. maí 1993

Ólína I. Jónsdóttir Ólafur Jónsson

Ástríður I. Jónsdóttir

Þinglesið 1/10 1993

Skjal Lit. a nr. 6861 1993